

SHALDOR  
skoðun 18



SÉRBLAÐ  
í Fréttablaðinu  
Fólk



# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

18. september 2012  
219. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt þeim/fólkskránni Capacent Gallup í maí - maí 2012



## Of stór og útlendur fyrir þjóðina

Kristján Jóhann Jónsson verður á föstudag doktorsritgerð sína um Grím Thomsen.

menning 28

## Óvinur eða samherji?

Ef við höldum krónunni leiðir það til gjaldþrýstis til frambúðar, skrifar Þróstur Ólafsson.

skoðun 22




## Úr markinu á sjó

Víkingur frá Ólafsvík verður í hópi þeirra bestu á næstu knattspyrnuvertíð.

sport 36

## veðrið í dag



**VÍÐA BJART** Í dag má búast við strekkingi við NA- og A-ströndina en hægari vindi annars staðar. Víða léttskýjað en fremur skýjað NA-til og lítilsháttar úrkoma. Hiti á bilinu 5-10°C, hlýjast syðst.

VEÐUR 4

# Einungis tveir kostir í boði

Seðlabankinn telur einungis íslenska krónu eða upptöku evru með aðild að ESB koma til greina í gjaldmiðilsmálum. Skynsamlegast að þróa og skýra báðar leiðirnar. Einhliða upptaka Kanadadollars „lakur kostur“.

**EFNAHAGSMÁL** Tveir kostir virðast helst koma til greina sem framtíðargjaldmiðill Íslendinga; íslenska krónan og evran, sem tekin yrði upp með aðild að Evrópusambandinu (ESB). Aðrir kostir, á borð við einhliða eða tvíhliða upptöku annarra gjaldmiðla, eru slegnir út af borðinu. Upptaka Kanadadollars, sem hefur verið töluvert til umræðu, er „lakur kostur“. Þetta kemur fram í mjög umfangsmiklu sérriti Seðlabanka Íslands um valkosti Íslands í gjaldmiðils- og gengismálum sem kynnt var í gær.

Unnið hefur verið að gerð ritsins í um tvö ár. Í því segir: „Það virðist því skynsamlegt að halda

„Allir kostirnir eru slæmir. Þeir eru hins vegar mismunandi slæmir.“

MÁR GUÐMUNDSSON  
SEÐLABANKASTJÓRI

um hríð áfram á þeirri braut sem fetuð hefur verið að undanförunu að þróa og skýra þessa tvo kosti, annars vegar með því að vinna af krafti að endurbættum ramma um krónuna og hins vegar í gegnum aðildarumsókn Íslands að ESB“.

Á kynningarfundum sem haldin voru í gær vegna útgáfu ritsins kom fram að rannsóknir Seðla-

bankans hefðu sýnt að einungis eitt ríki heims af þeim 78 sem eru með íbúafjölda undir tveimur milljónum væri með flotgengisstefnu. Það ríki er Ísland. Næstmínsta ríkið sem rekur slíka peningamálastefnu er Nýja Sjáland, þar sem búa um 4,5 milljónir.

Seðlabankinn tekur hins vegar ekki afstöðu með öðrum hvorum kostinum. Már Guðmundsson seðlabankastjóri vitnaði í orð sem Martin Wolf, einn ritstjóra Financial Times, lét falla á ráðstefnu sem haldin var í Hörpu vorið 2011 þar sem hann sagði að allir valkosti í gjaldmiðlamálum Íslands væru slæmir. „Ég held að

þessi skýrsla hafi leitt það í ljós. Þeir eru hins vegar mismunandi slæmir,“ sagði Már.

Í ritinu segir að þótt stefnan í gjaldmiðils- og gengismálum sé að hluta til tæknilegt úrlausnarferni verði ákvarðanir í þeim efnum aldrei slitnar úr pólitísku samhengi. „Full aðild að evrusvæðinu verður ekki nema í gegnum sammingsferli og aðild að ESB. Sú ákvörðun nær langt út fyrir ramma hagfræðilegra álitaefna og verður aldrei tekin nema í gegnum pólitískt ferli þar sem þjóðin sjálf hefur síðasta orðið. Það er ekki hlutverk Seðlabankans að taka afstöðu í því stóra máli.“

- þsj, mþl / sjá síðu 10-12



**HLAUPIÐ Í HAUSTVEÐRINU** Haustið hefur gert vart við sig síðustu vikur. Þessi stúlka hlýp með vettlinga um Rofabæinn í gær, enda hefur kólnað talsvert í veðri.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Rithöfundurinn Jo Nesbø: Áritaði óvænt á Laugaveginum

**BÓKMENNTIR** „Þetta var óneitanlega mjög skemmtileg og óvænt uppkoma hér í búiðinni,“ segir Kristján Freyr Halldórsson, verslunarstjóri í bókaútdrátt Mál og menningar við Laugaveg. Þangað kom norski met-söluhöfundurinn Jo Nesbø í óvænta heimsókn á laugardagskvöld.

Afgreiðslufólkið á vakt tók eftir manni sem gekk brosandí um verslunina og virti fyrir sér íslensku deildina, þar sem finna mátti þýðingar á verkum hans, en grunaði ekki að þarna væri sjálfur höfundurinn á ferðinni. „Hann kom til þeirra áður en hann gekk út, kynnti sig og þakkaði fyrir hversu vel bókum hans væru gerð skil í búiðinni. Því næst sagðist hann hafa áritað nokkur eintök,“ segir Kristján Freyr Halldórsson. - áþ / sjá síðu 42



JO NESBØ

## Helmingi fleiri spyrjast fyrir um nýja Apple-símann á Íslandi en um síðustu síma: Íslendingar óðir í nýjan iPhone



**VÍÐSKIPTI** Tvær milljónir iPhone 5-síma voru pantaðar í forsölu á fyrsta sólarhringnum sem þeir voru í sölu, sem er tvöfalt meiri eftirspurn en eftir síðasta síma frá Apple, iPhone 4S.

Bjarni Ákason, fram-

kvæmdastjóri Epli.is, segir að þar á bæ hafi menn einnig fundið fyrir þessum gríðarlega áhuga á símanum. „Þetta er örugglega helmingi meiri áhugi heldur en á síðasta síma, 4S.“

Hörður Ágústsson, framkvæmdastjóri Maclands, tekur í sama streng og segir enn meiri áhuga á símanum hér á landi en síðustu útgáfu. Macland bjóst við bylgju eftirspurnar og hefur því tekið við forþöntunum undanfarnar vikur.

Hlutabréf í Apple voru á tæplega 700 dollara á hlut við lok markaða í gær og hefur verið aldrei verið hærra. Hlutabréfin hafa hækkað um 70 prósent frá því í upphafi árs.

Sérfræðingar hafa spáð fyrir um að tíu milljónir síma verði seldar fyrir lok mánaðarinnar og 50 til 60 milljónir fyrir lok árs. Þá hefur JPMorgan Chase bankinn spáð því að landsframleiðsla í Bandaríkjunum gæti hækkað um þriðjung úr prósent vegna útgáfu símans. - þeb



**N1 BLAÐIÐ**  
FYLGI FRÉTTABLAÐINU Í DAG

**ISLAND ER MEÐ'ETTA**

8 glæsilegir ferðavinningar  
TAKTU ÞÁTT Í MYNDALEIKNUM  
islandermedetta.is





Jón Atli, var ekki djúpt á þessum sögum?

„Nei, hugmyndaflugid er sem betur fer ekki í frosti.“

Jón Atli Jónsson skrifaði handritin að hinum nýju íslensku kvikmyndum Djúpinu og Frosti.

Hjúkrunarfræðingar funda: Sýna óánægju með aðgerðum

KJARAMÁL Aðgerðarhópur hjúkrunarfræðinga hefur boðað til fundar kjarasamninganefnda í dag klukkan níu að Eiríksstöðum. Hópurinn hvetur hjúkrunarfræðinga Landspítala til að mæta.

„Stöndum nú saman öll sem eitt og sýnum fram á að okkur sé alvara með að leiðrétta laun okkar og að þolinmæði okkar sé þrotin,“ segir í tilkynningu frá hópnum. „Mætum öll og sýnum óánægju okkar með aðgerðum!“

Vaxandi óánægja er nú innan Landspítalans með kjör starfsmanna og ganga bréf manna á milli sem hvetja til samstöðu. - sv

Ákærður fyrir fíkniefnasmygl: Steinar leystur úr varðhaldi

LÖGREGLUMÁL Hæstiréttur hefur fellt úr gildi gæsluvarðhaldsúrskurð yfir Steinari Aubertsyni, sem sætir ákæru ásamt öðrum, um að hafa skipulagt smygl á rúmu hálfu kíló af kókaini til landsins frá Danmörku.



STEINAR AUBERTSSON

Steinar var eftirlýstur erlendis af íslenskum yfirvöldum vegna málsins og svo handtekinn í Amsterdam um miðjan ágúst ásamt öðrum Íslendingum eftir að íslensk kona sakaði þá um að ætla að selja hana í vændi í Brasilíu.

Steinar var framseldur til Íslands 5. september og úrskurðaður í varðhald. Hæstiréttur telur hins vegar ekki næg skilyrði fyrir gæsluvarðhaldi á grundvelli almannahagsmuna. - sh

Hann var einnig sýknaður af ákæru um að hafa brotið gegn dóttur sinni, sem nú er á unglingsaldri. Því hefur hann neitað einarðlega og í dómnum segir að

Stjúpdóttirin, sem nú er 21 árs, lagði fram kæru á hendur manningum í mars síðastliðnum, eftir að hún frétti að móðir hennar hygðist skilja við hann. Maðurinn þrætti fyrir ofbeldi í fyrstu en var engu að síður úrskurðaður í gæsluvarðhald og hefur setið í því síðan.

Hann var ákærður fyrir að hafa ítrekað nauðgað stjúpdóttur sinni frá því að hún var tíu ára og allt þar til skómmu fyrir handtökuna, þegar hún var orðin 21 árs. Ekki þótti sannað að ofbeldið hefði hafist fyrr en stúlkan var um ellefu ára gömul og ekki þótti heldur sannað að samræðið, sem sannarlega átti sér stað síðustu árin, hefði verið nauðganir í skilningi hegningarlaga.

Eftir því sem á leið jataði maðurinn sífellt stærri hluta af brotunum. Hann neitaði þó alltaf staðfastlega að hafa hótáð stúlkunni lífláti ef hún segði frá brotunum, eins og hún hafði fullyrt og hann var ákærður fyrir. Vegna staðfastrar neitunar hans var hann sýknaður af þeim ákærulið.

Hann var einnig sýknaður af ákæru um að hafa brotið gegn dóttur sinni, sem nú er á unglingsaldri. Því hefur hann neitað einarðlega og í dómnum segir að

Meint brot tveggja starfsmanna saksóknara ónýta ekki mál Lárusar Welding: Vafningsmálinu ekki vísað frá

DÓMSMÁL Svokölluðu Vafningsmáli sérstaks saksóknara gegn Lárusi Welding, fyrrverandi bankastjóra Glitnis, og Guðmundi Hjaltasyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs bankans, verður ekki vísað frá dómi. Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði kröfu tvímenningana þar um í gær.



MÆTTUR Lárus Welding mætti fyrir dómnum í gær. Meðákærði, Guðmundur Hjaltason, lét ekki sjá sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lárus og Guðmundur eru ákærðir fyrir umboðssvik, með því að hafa stefnt fé bankans í hættu þegar þeir ákváðu að lána félaginu Milestone tíu milljarða árið 2008. Þeir hafa báðir neitað sök. Sakborningarnir kröfðust þess

Tveir fyrrverandi starfsmenn embættisins hafa verið kærðir til ríkissaksóknara fyrir brot á þagnarskyldu. Þeir unnu fyrir protabú Milestone samhliða störfum sínum að rannsókn málsins hjá sérstökum saksóknara. Þetta telja sakborningarnir hafa spilt málinu. Því er Héraðsdómur Reykjavíkur ósammála og hafnar kröfunni. Úrskurðinn er ekki hægt að kæra til Hæstaréttar og því verður málið tekið til efnislegrar meðferðar eftir að verjendur og saksóknari hafa skilað greinargerðum. - sh

Átta ára fangelsi fyrir áralanga misnotkun

Ríflega fertugur maður dæmdur í átta ára fangelsi fyrir að misnota stjúpdóttur sína í áraraðir. Gekkst við hluta brotanna. Sýknaður af ákæru um brot gegn dóttur sinni. Aldrei fallið þyngrí dómur fyrir kynferðisofbeldi í íslenskri réttarsögu.

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær 42 ára mann af Suðurnesjum í átta ára fangelsi fyrir að misnota stjúpdóttur sína ítrekað og alvarlega frá því hún var ellefu ára og allt til átján ára aldurs. Hann sagði sjálfur að eitthvað kynferðislegt hefði gerst á milli þeirra upp undir sex sinnum í mánuði.

Stjúpdóttirin, sem nú er 21 árs, lagði fram kæru á hendur manningum í mars síðastliðnum, eftir að hún frétti að móðir hennar hygðist skilja við hann. Maðurinn þrætti fyrir ofbeldi í fyrstu en var engu að síður úrskurðaður í gæsluvarðhald og hefur setið í því síðan.

Hann var ákærður fyrir að hafa ítrekað nauðgað stjúpdóttur sinni frá því að hún var tíu ára og allt þar til skómmu fyrir handtökuna, þegar hún var orðin 21 árs. Ekki þótti sannað að ofbeldið hefði hafist fyrr en stúlkan var um ellefu ára gömul og ekki þótti heldur sannað að samræðið, sem sannarlega átti sér stað síðustu árin, hefði verið nauðganir í skilningi hegningarlaga.

Eftir því sem á leið jataði maðurinn sífellt stærri hluta af brotunum. Hann neitaði þó alltaf staðfastlega að hafa hótáð stúlkunni lífláti ef hún segði frá brotunum, eins og hún hafði fullyrt og hann var ákærður fyrir. Vegna staðfastrar neitunar hans var hann sýknaður af þeim ákærulið.

Hann var einnig sýknaður af ákæru um að hafa brotið gegn dóttur sinni, sem nú er á unglingsaldri. Því hefur hann neitað einarðlega og í dómnum segir að

Tveir jafnpungir kynferðisbrotaðómar

Í varðhaldi grunaður um grófa misnotkun

Rúmlega fertugur maður hefur setið í gæsluvarðhaldi í sex vikur grunaður um alvarleg kynferðisbrot gegn stjúpdóttur sinni. Brotin eiga að hafa staðið í um áratug. Vegari brot gegn dóttur mannsins og þriðju stúlkunni til rannsóknar.



LÖGREGLUMÁL A Substanslaus málið hefur verið til umferðar hjá lögreglu. Hér er sýnt á Substanslaus íslenski málið. Maðurinn var sýknaður af ákæru um kynferðisbrot gegn stjúpdóttur sinni. Brotin eiga að hafa staðið í um áratug. Vegari brot gegn dóttur mannsins og þriðju stúlkunni til rannsóknar.

LENGI Í VARÐHALDI Fréttablaðið greindi fyrst frá málinu í byrjun maí. Maðurinn hafði þá setið í gæsluvarðhaldi í um sex vikur.

heimilisofbeldi um margra ára skeið og lét meðal annars ókunnuga menn hafa samræði við hana gegn hennar vilja. Í því máli var þó sákfallt fyrir mun fleira en bara kynferðisofbeldi.

Stjúpdóttirin að hún hugsaði um það daglega að svipta sig lífi, að hún glímdi við þunglyndi, ætti erfitt með svefn og vissi ekki hvernig hún ætti að lifa með því sem gerst hefði. Hún hefði leitað sér aðstoðar hjá Stígamótum og hygðist gera það áfram.

Maðurinn er dæmdur til að greiða henni tvær og hálf milljón í bætur. stigur@frettabladid.is

Dómurinn sem féll í gær er, ásamt tveimur öðrum, sá þyngrí sem kveðinn hefur verið upp fyrir kynferðisbrot á Íslandi.

Árið 2009 staðfesti Hæstiréttur átta ára fangelsisdóm Héraðsdóms Suðurlands yfir manni sem var fundinn sekur um að hafa haft samræði við stjúpdóttur sína tvisvar til þrisvar í viku þegar hún var á aldrinum ellefu til fjórtán ára.

Þá þyngrí Hæstiréttur í janúar síðastliðnum dóm yfir Vestmannaeyingi á fimmtugsaldri úr sjö árum í átta. Hann hafði brotið kynferðislega á þremur stúlkum á aldrinum sjö til ellefu ára og hafði auk þess í fórum sínum gríðarmikið magn af barnaklámefni.

Einnig má nefna átta ára fangelsisdóm yfir Bjarka Má Magnússyni, sem beitti samþyðskonu sína hrottafengnu

stjúpdóttirin að hún hugsaði um það daglega að svipta sig lífi, að hún glímdi við þunglyndi, ætti erfitt með svefn og vissi ekki hvernig hún ætti að lifa með því sem gerst hefði. Hún hefði leitað sér aðstoðar hjá Stígamótum og hygðist gera það áfram.

Maðurinn er dæmdur til að greiða henni tvær og hálf milljón í bætur. stigur@frettabladid.is

Búist við niðurstöðu í lok árs: Icesave-málið flutt ytra í dag

DÓMSMÁL Málflutningur í máli Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) gegn íslenska ríkinu fer fram fyrir EFTA-dómstólum í Lúxemborg í dag. Hann hefst klukkan átta að íslenskum tíma og gert er ráð fyrir að hann taki fjórar til fimm klukkustundir.

Átta manna teymi flytur málið fyrir hönd Íslands, en auk ESA munu Evrópusambandið, Bretar, Hollendingar, Norðmenn og Liechtensteinar reifa sín sjónarmið. Búist er við niðurstöðu í málinu undir áramót. - sh

Sigtryggur Helgason látinn

Sigtryggur Helgason, fyrrverandi forstjóri Brimborgar, lést á Landspítalanum á föstudaginn var.

Sigtryggur fæddist 5. október árið 1930. Hann lauk prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfaði síðan sem skrifstofustjóri hjá útgerðarfyrirtæki föður síns, Helga Benediktssyni í Vestmannaeyjum, til 1963. Hann gerðist meðeigandi og forstjóri Brimborgar 1977 og starfaði þar til ársins 1999 er hann seldi hlut sinn. Eiginkona Sigtryggs var Halldóra Guðmundsdóttir. Sigtryggur lætur eftir sig tvær uppkomnar dætur.



Sigtryggur setti sterkan svip á samfélag sitt þótt kominn væri á efri ár, meðal annars með miklum jólaskeytingum við íbúðarhús sitt í Hlyngerði í Reykjavík. Hann var í viðtali í Fréttablaðinu fyrir í þessum mánuði vegna hreinsunarstarfa þar í hverfinu.

Skilinn eftir á brautarteinum: Viðurkennir rán á lestarstöð

SVÍPJÓÐ Maðurinn sem sænska lögreglan handtók um helgina fyrir að hafa rænt ölvaðan mann sem lá á brautarteinum á neðanjarðar-lestarstöð í Stokkhólmi fyrir rúmri viku hefur viðurkennt ránið. Hinn handtekni, sem er skilríkjalaus, kveðst vera frá Túnis.

Hinn handtekni sá ölvaða manninn falla niður á brautarteinana og rændi hann. Hann flýði síðan af vettvangi. Sá sem lá á brautarteinum varð undir lest og þurfti að taka af honum annan fóttinn. - ibs

HEITASTA ÁSTARSAGAN. 40 milljón konur geta ekki haft rangt fyrir sér. Komin í verslanir. Fimmtu gráir skuggar.

Hjólreiðaáætlun gerir ráð fyrir samfelldum stíg frá Hlemmi að Elliðaánum: Framkvæmdir hafnar við hjólastíga

REYKJAVÍK Framkvæmdir eru hafnar á nokkrum stöðum í Reykjavík við hjólastíga sem eiga að liggja samfelld frá Hlemmi í Elliðaárdalinn. Síðasti áfangi verkefnisins verður að reisa tvær háar brýr yfir Elliðaár en verkefnið byggir á hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar.



VIÐ SUÐURLANDSBRAUT Framkvæmdir standa nú yfir við göngustíg við Suðurlandsbraut. Breikka á stíginn til að betur megi aðskilja gangandi og hjólandi umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þessar framkvæmdir eru hluti af mjög flottu verkefni sem er að reisa hjólastíg frá Hlemmi alveg að Elliðaánum,“ segir Jón Halldór Jónasson, upplýsingafulltrúi framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar, og heldur áfram: „Nú í haust er stefnt að því að klára stíginn alveg frá Hlemmi að fyrri brúnni en vinna við þær hefst einnig í haust.“

Þá segir Jón Halldór að þar sem þegar séu hjólastígar verði þeir breikkaðir þannig að betur megi

aðskilja hjólandi og gangandi umferð. Þá segir hann mikinn vilja til þess að hjólastígurinn

verði allur tilbúinn fyrir næsta vor þegar átakið Hjólað í vinnuna hefst. - mþl



GALLERY GÓLF  
PARKET & FLÍSAR



AÐEINS NOKKRIR DAGAR EFTIR!  
20 - 50% AFSLÁTTUR



VERSLUNIN LOKAR 26. SEPTEMBER.  
OPNUM AFTUR Í MÖRKINNI 1 Í LOK OKTÓBER.

GALLERY GÓLF | HEIMA  
PARKET & FLÍSAR | HÚSIÐ

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 562 42 42 - [www.heimahusid.is](http://www.heimahusid.is). Opið alla virka daga 10 -18.



## GENGIÐ 17.09.2012

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	121,00	121,58
Sterlingspund	196,46	197,42
Evra	158,67	159,55
Dönsk króna	21,281	21,405
Norsk króna	21,215	21,339
Sænsk króna	18,375	18,483
Japanskt jen	1,5429	1,5519

SDR 187,38 188,50

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

218,7525

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## Fær að afplána hjá Vernd: Kominn í vinnu á lögmennstofu

**FÓLK** Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, sinnir nú verkefnum fyrir Lex lögmennstofu. Greint



BALDUR GUÐLAUGSSON

var frá þessu á vef Viðskipta- blaðsins í gær.

Starf Baldurs er hluti af afpláun hans, sem hann situr af sér á áfangaheimilinu

Vernd, en hann var dæmdur fyrir á þessu ári til tveggja ára fangavistar fyrir innherjasvik og brot í opinberu starfi.

Skilyrði fanga sem afplána hjá Vernd er að þeir séu í starfi eða námi. Þeim ber að skila sér að kvöldi og dvelja á áfangaheimilinu yfir nóttina.

Kannanir í Þýskalandi:

## Doktorsgráða hindrun í leit að atvinnu

**ÞÝSKALAND** Niðurstöður kannana í Þýskalandi, sem er stærsta vinnumarkaðssvæði Evrópu, sýna að doktorsgráða getur verið hindrun í atvinnuleit. Sumir atvinnuleitendur eru farnir að sleppa því að geta þess að þeir séu með doktorspróf. Þetta kemur fram á fréttavef Aftenposten sem vitnar í Matthias Neis hjá stærsta stéttarfélagi Þýskalands.

Atvinnuleitendur telja að ekki sé jafnauðvelt að móta þá atvinnuleitendur sem eru með doktorsgráðu auk þess sem stjórnendur óttast að vissu marki unga samstarfsmenn með doktorsgráðu.

- ibs

4

Ekki er talið að stórtæk framleiðsla amfetamíns hafi átt sér stað í Efstasundi:

## Hafði lengi rætt um dópframleiðslu

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn á amfetamínverksmiðju sem uppgötvaðist í bílskúr í Efstasundi í Reykjavík á fimmtudagskvöld stendur enn yfir hjá lögreglu.

Í tilkynningu frá lögreglu í gær segir að flokkun, skráning og efnagreining þeirra efna sem fundust muni taka lengri tíma en áætlað var sökum umfangsins og þangað til sé engar upplýsingar að hafa um málið.

Heimildir Fréttablaðsins herma að efnin séu einkum vökvar og ætluð íblöndunarefni fyrir full- unnið amfetamín. Ólíkt því sem



Í HALDI Maðurinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald fyrir helgi og situr þar enn.

MYND/ STÖÐ 2

vísbendingar voru um í upphafi er nú ekki talið að stórtæk fram-

leiðsla hafi þegar átt sér stað í bílskúrnum.

Karlmaður, 47 ára, er í haldi og mun hafa gengist við því að hluta að hafa ætlað að framleiða amfetamín. Hann mun enn fremur hafa viðrað þær fyrirætlanir sínar við kunningja um langt skeið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var aðstaðan ekkert í líkingu við það sem fannst í iðnaðarhverfi í Hafnarfirði haustið 2008 og leiddi til átta og tíu ára fangelsisdóma yfir Tindi Jónssyni og Jónasi Inga Ragnarssyni.

- sh

Fundar í utanríkismálanefnd:

## Skýrðu stöðuna í makrílmálinu

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra og samningamaðurinn Sigurgeir Þorgeirsson mættu á fund utanríkismálanefndar Alþingis í gær og gerðu grein fyrir stöðunni í makríldeilunni við Noreg og Evrópusambandið. Fulltrúar atvinnuveganefndar sátu einnig fundinn.

Bjarni Benediktsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir það sjónarmið hafa heyrst á fundinum að Íslendingar þyrftu að leiðrétta rangfærslur sem ítrekað væri haldið á lofti um málið.

- sh

## Lést af sárum sínum eftir gassprengingu

Leki úr ellefu kílóa gaskúti olli sprengingunni í íbúð við Ofanleiti á sunnudag, samkvæmt niðurstöðu rannsóknar lögreglu og annarra sérfræðinga sem komu að málinu. Maðurinn sem slasaðist í sprengingunni lést af sárum sínum í gær.

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem slasaðist í sprengingu við Ofanleiti í Reykjavík á sunnudag lést af sárum sínum í gær.

Sprengingin er rakin til gasleka samkvæmt niðurstöðum rannsóknar lögreglu. Í íbúðinni var ellefu kílóa gaskútur og telur lögreglan ljóst að gas hafi lekið úr honum í nokkurn tíma áður en sprenging varð, en illa var lokað fyrir krana á kútnum. Þetta kemur fram í tilkynningu sem lögregla sendi frá sér síðdegis í gær.

Tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu vann í gær að rannsókninni og átti samstarf við sprengjúsérfræðinga Ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslu, ásamt fulltrúum Vinnueftirlits og Mannvirkjastofnunar.

Tveir heilir gaskútar fundust í íbúðinni, einn stór í eldhúsinu og annar minni. Hvorugur var tengdur við gastæki. Íbúð mannsins er gjörónýt og allt sem í henni er. Miklar reyk-skemmdir eru einnig í nærliggjandi íbúðum.

Starfsmenn Reykjavíkurborgar hreinsuðu glerbrot og brak af svæðinu í gær, en sprengingin var það öflug að glerbrot þeyttust í allar áttir. Mikil mildi þykir að ekki urðu slys á fleira fólki utandyra.

Engin hætta er talin vera lengur á svæðinu og var íbúum hússins leyft að snúa til síns heima í gærmorgun, tuttugu og fjórum klukkustundum eftir sprenginguna. Fyrst og fremst



**RANNSÓKN HÉLT ÁFRAM Í GÆR** Fjölmenn líð lögreglu og annarra sérfræðinga rannsakandi vettvang slyssins í gær, en komst að þeirri niðurstöðu að gasleki hefði orsakað sprenginguna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

var um að ræða lyktarmengun í nærliggjandi íbúðum og efni frá sótinu sem gæti verið skaðlegt við innöndun.

Ingvar Ágústsson var fyrstur manna inn í íbúðina eftir að sprengingin varð. Hann lýsti því í Fréttablaðinu í gær að veggur milli svefnherbergis og stofu

hefði hrunið inn í stofuna og svo virtist því sem sprengingin hefði orðið í svefnherberginu.

Maðurinn sem lést var fæddur árið 1973. Hann var einhleypur og barnlaus. Ekki er unnt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu.

sunna@frettabladid.is

Gosdrykkja á meðgöngu:

## Aukin hætta á að barn fæðist fyrir tímenn

**SVÍÐJÓÐ** Mikil gosdrykkja á meðgöngu getur leitt til aukinnar hættu á að barnið fæðist fyrir tímenn. Hættan á að barnið fæðist fyrir 32. viku meðgöngu eykst umtalsvert ef druggið er eitt glas af sykrudrum drykk eða meira á dag.

Þetta eru niðurstöður rannsóknar við Gautaborgarháskóla sem greint er frá á Metro.se. Rannsakendur skoðuðu svör við spurningum sem lagðar voru fyrir yfir sextíu þúsund konur í Noregi um mataræði á meðgöngu.

Einn rannsakenda, Linda Englund-Ögge, segir að um fleiri sameiginlega þætti en sykurneyslu þessara kvenna geti verið að ræða.

- ibs

Utanvegaakstur í Hraunfirði:

## Ljót sár sögð eftir veiðimenn

**UMHVERFISMÁL** Ljót sár eru nú í jarðvegi eftir ökutæki veiðimanna í Hraunfirði á Snæfellsnesi að því er segir á veg Stanga-veiðifélags Reykjavíkur sem skorar á veiðimenn að keyra ekki utan vega í botni fjarðarinnar.

„Síðla sumars virðist það freista veiðimanna að huga að árkaftinum innst í Hraunfirði. Á meðan jörð var þurr keyrðu veiðimenn langleiðina inn í botn, en mikil úrkoma undanfarnar vikur hefur gert það að verkum að jörð er mjög blaut.

Hins vegar hafa einhverjir freistast til að keyra stærri ökutæki inn fjörðinn og skilið eftir sig ljót sár í jarðveginum,“ segir á svfr.is þar sem menn eru beðnir um aka ekki utanvega.

- gar

## Tækifæri



SIEMENS  
Ryksuga VS 59E20

Tækifærisverð:

16.900 kr. stgr.

(Fullt verð: 24.900 kr.)

Gigaset

Sími AS510

Tækifærisverð:


7.900 kr. stgr.

(Fullt verð: 9.268 kr.)

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is

## VEDURSPÁ




Soffía Sveinsdóttir  
veður-  
fréttamaður

**BJARTVIÐRI** Í dag og næstu daga má búast við hinu fallegasta haustveðri víðast hvar. Vindur verður að mestu hægur og víða létt-skýjað. Þó verður fremur skýjað N-til og úrkoma á stöku stað en þar léttir til á fimmtudaginn. Hiti svipaður en hlýnar heldur N-til er líður á vikuna.

Á MORGUN  
2-6 m/s,  
hvassara A-til.

FIMMTUDAGUR  
Hægur vindur  
um allt land.



### HEIMURINN

Alicante	30°
Basel	26°
Berlín	22°
Billund	17°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	24°
Gautaborg	18°
Kaupmannahöfn	18°
Las Palmas	27°
London	17°
Mallorca	27°
New York	25°
Orlando	30°
Ósló	15°
París	21°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	15°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.

Gildistími korta er um hádegi.



# FORD **KUGA** Titanium S AWD beinskiptur frá 5.390.000 kr. FORD **KUGA** Titanium S AWD sjálfskiptur frá 6.290.000 kr.

Kynntu þér nýjan Ford Kuga frá 5.390.000 kr. Kaupu nýjan og ríkulega búinn Ford Kuga sportjeppa. Ford Kuga fæst 140 hestafla dísil beinskiptur og 163 hestafla dísil sjálfskiptur. Sparneytinn og hagkvæmur í rekstri. Frábær endursala. Fallegar línur og grípandi hönnun. Framúrskarandi aksturseginnleikar. Allt þetta sameinar Ford Kuga. Gerðu góð kaup. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár. Veldu Ford, nýtt tákni um gæði.

[ford.is](http://ford.is)



**NOTAÐIR FORD  
AÐ SELJAST UPP!**

Komdu með notaðan  
Ford til okkar og settu  
hann uppí nýjan

FORD **KUGA** TITANIUM S AWD

FRÁ

**39.477 kr./mán.\***



\* Ford Kuga Titanium S AWD 5 dyra 2.0TDCi dísil, 140 hð, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,0 l/100 km. Losun koltvísýrings CO<sub>2</sub> 159 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppíþökubíl / útborgun að verðmæti 3.100.000 kr. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Hlutfallstala kostnaðar 11,70%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | [ford.is](http://ford.is)

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.  
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16





Finnst þér launahækkun forstjóra Landspítalans réttlætning?

JÁ	19,9%
NEI	80,1%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

Hefur þú séð íslenska kvikmynd í bíó á þessu ári?

Segðu þína skoðun á Vísir.is.



# Íslenskir skátar senda yfirlýsingu vegna hundraða kynferðisbrotamála innan bandarísku skátahreyfingarinnar: Undirrita samning um að misnota ekki börn

**SAMFÉLAGSMÁL** Skátaforingjar í aðildarfélagum Bandalags íslenskra skáta (BÍS) hafa heimild til að leita í sakaskrá og láta undirrita drengskaparheit um að starfsmenn skátahreyfingarinnar hafi ekki brotið kynferðislega gegn börnum eða muni gera það. Þessi heimild hefur verið til staðar síðan árið 2005.

Stjórn BÍS sendi frá sér yfirlýsingu í gær að öllum ofbeldisbrotum sem koma upp gagnvart börnum innan hreyfingarinnar sé umsvifalaust vísað til barnaverndaryfirvalda eða þau kærð til lögreglu.

Yfirlýsingin var send í ljósi fregna af áratugalöngu kynferðisofbeldi gegn börnum innan bandarísku skátahreyfingarinnar.

Samtök skáta í Bandaríkjunum hafa sent frá sér opinberlega afsökunarbeiðni á þöggun hundraða kynferðisbrotamála gegn drengjum sem upp komu innan hreyfingarinnar á tuttugu ára tímabili.

Los Angeles Times sagði frá innihaldi um 1.600 trúnaðarskýrsla frá American Boy Scouts sem ná yfir tímabilið 1971 til 1991 og greina frá um 500 tilvikum þar sem uppvíst varð um kynferðislegt



**ÍSLENSKIR SKÁTAR** Skátarnir sendu frá sér yfirlýsingu í gær í ljósi fregna af kynferðisbrotum innan bandarísku skátahreyfingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

ofbeldi gagnvart drengjunum. Um áttatíu prósent málanna fóru aldrei til lögreglu og var þeim haldið

**Fjórir reknir hér**

Fréttablaðið greindi frá því í júlí í fyrra að forsvarsmenn BÍS hefðu rekið fjóra menn úr hreyfingunni á undanföllum árum eftir að upp komst að þeir hefðu beitt unga skáta kynferðisofbeldi. Elsta málið er um þrjátíu ára og það nýjasta átti sér stað árið 2010.

leyndum. Þá hafi forsvarsmenn skátanna komið í veg fyrir að um hundrað mál voru kærð. - sv

**ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT OG SUND**  
**Á AÐEINS 33.990 KR.**  
 Það gera aðeins 2.833 kr. á mánuði. Vaxtalausar Visa/Euro-léttgreiðslur í bóði  
**Tilboð gildir til 20. september 2012**

**Nýtt! Hóptímar í Sundlaug Kópavogs**

- Spinning
- Jóga
- Stöðvarþjálfun
- Core
- Flottar konur
- Morgunpuð
- Hádegispuð
- Morgunhressing
- Útþjálfun

**Aðgangur að hóptímum er innfalinn í verði korts**

**ACTIC**  
LÍKAMSRÆKT & SUND

Kortið gildir í líkamsrækt, hóptíma og sund í Sundlaug Kópavogs og líkamsrækt og sund í Satauga.  
 Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470  
 Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480  
[www.acticgym.is](http://www.acticgym.is)

# Sjómenn geta kynt undir frekari deilum

Tugir þúsunda Kínverja hafa undanfarna daga mótmælt harðlega kaupum japanskra stjórnvalda á eyjaklasa í Kínahafi. Bæði kínversk og japönsk stjórnvöld gera tilkall til eyjanna. Varnarmálaráðherra Bandaríkjanna hvetur til sátta.

**UTANRÍKISMÁL** Um eitt þúsund kínverskum fiskibátum var í gær siglt til eyjaklasa í Kínahafi, sem Kínverjar kalla Diaoyu en Japanir Senkaku. Bæði kínversk og japönsk stjórnvöld gera tilkall til. Ekki var í gær ljóst hvort um mótmælaaðgerð var að ræða en á vef senska blaðsins Dagens Nyheter kom fram að japanska fréttastofan Kyodo hefði sagt frá siglingunni og að hún hefði vitnað í kínverska útvarpsstöð.

Linus Hagström, sænskur sérfræðingur í málefnum Austur-Asíu, segir í viðtali við Dagens Nyheter að hugmyndin um að Kína geti reynt að ná yfirráðum yfir eyjunum með því að senda þangað eitt þúsund fiskibáta hafi verið við lýði í fjörutíu ár. Hann telur ástandið mjög alvarlegt.

Frá því að í ljós kom í síðustu viku að japanska ríkisstjórnin hefði keypt eyjarnar af einkaaðila hafa Kínverjar daglega efnt til mótmæla. Tugir þúsunda hafa tekið þátt og hefur komið til átaka milli mótmælenda og óeirðalögreglu. Ráðist hefur verið gegn japönskum sendiráðum, fyrirtækjum og verslunum og skemmdarverk unnin á þeim. Nokkur japönsk fyrirtæki hafa gert hlé á starfsemi sinni í Kína vegna mótmælanna.

Það eru hins vegar ekki bara Kínverjar og Japanar sem vilja ráða yfir eyjunum og auðlindunum í hafinu umhverfis þær, heldur einnig stjórnvöld í Taívan. Forseti Taívans kynnti nýlega friðartilöggu um að ríkin þrjú ynnu saman að þróun svæðisins.

Deilan um eyjarnar hefur staðið yfir í á annað hundrað ár. Hún



**Á SIGLINGU** Kínverskir bátar á leið til eyjanna umdeildu eftir að veiðibanni sumarsins í Austur-Kínahafi lauk. FRÉTTABLAÐIÐ/AFÞ

## 1.000

kínverskum fiskibátum var siglt til eyjaklasans.

þykir hafa fengið enn meiri pólitíska þýðingu eftir að kínverskur togari lenti í árekstri við tvo báta japönsku strandgæslunnar við eyjarnar árið 2010. Skipstjóri

togarasins var handtekinn og var honum ekki sleppt fyrr en eftir sautján daga. Efnit var til viðtækra mótmæla í Kína auk þess sem fjórir japanskir ríkisborgarar voru handteknir. Þar að auki var útflutningur á sjaldgæfum jarðmálum takmarkaður.

Varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, Leon Panetta, hvatti í gær deiluaðila til að gæta sín. Panetta, sem var í Tókýó, höfuðborg Japans, sagði mistök af hálfu annars hvors aðilans geta leitt til átaka. [ibs@frettabladid.is](mailto:ibs@frettabladid.is)

Ísland er neðst norrænu ríkjanna á lista Fraser-stofnunarinnar:

# Efnahagslegt frelsi minnkað á Íslandi

**EFNAHAGSMÁL** Ísland er neðst norrænu ríkjanna á lista Fraser-stofnunarinnar sem raðar löndum eftir nokkrum mælikvörðum sem eiga að mæla efnahagslegt frelsi í löndunum.

Fjallað var um stöðu Íslands á listanum á málþingi á Grand Hótelu í Reykjavík í gær. Kanadíski hagfræðingurinn Michael Walker hélt fyrirlestur frá Kanada á málþinginu en fram kom í máli hans að Ísland hefði fallið nokkuð á listanum síðustu ár.

Á þessu sinni er Ísland í 65. sæti á listanum en fyrir fáum árum var Ísland á meðal efstu þjóða. Til samanburðar er Finnland í 9. sæti á listanum, Danmörk í því 16., Noregur í 25. sæti og Svíþjóð í 30. sæti.

Í fyrirlestri sínum fjallaði Walker um ástæður þess að Ísland hefur fallið niður listann. Benti hann á að víðtæk fjármagnshöft stæðu efnahagslegu frelsi fyrir þrífum. Þá sagði hann stjórn peningamála hafa verið slæma hér á landi auk þess sem óhagstæðar breytingar hefðu orðið á skattumhverfi landsins. Loks sagði hann aukin ríkisumsvif síðustu ár, verulegar takmarkanir á frjálsum viðskiptum, svo sem með landbúnaðarvörur, og flókið tollakerfi skemma fyrir landinu.



**KRÓNUR OG EVRUR** Gjaldeyrishöftin eru ein helsta ástæða þess að Fraser-stofnunin telur efnahagslegt frelsi hafa minnkað hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## SEPTEMBERTILBOÐ

VNR. 1000304  
**ELDHÚSRÚLLUR**  
 HVÍTUR PAPPÍR, TVEGGJA LAGA,  
 200 HÁLFSKIPT BLÖÐ, 24 M Á RÚLLU

**TILBOÐSVERÐ**  
**1.994 KR.**

15 stk. í pakka

Verð áður 2.849 kr.

Góð þjónusta fyrir fyrirtæki og stofnanir  
 Stórhöfða 42, Reykjavík | 587 7788  
 Austursíðu 2, Akureyri | papco.is







**Audi A4 Avant 2.0 TDI**  
 Árgerð 2011, dísel  
 Ekinn 37.000 km, skálfskiptur

Ásett verð:  
**5.490.000,-**

# GLÆSILEGT ÚRVAL AF NÝLEGGUM GÆÐABÍLUM

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**Toyota Avensis**  
 Árgerð 2008, bensín  
 Ekinn 109.000 km, beinskiptur  
 Ásett verð:  
**2.390.000,-**



**VW Caddy 1,4**  
 Árgerð 2006, bensín  
 Ekinn 138.000, beinskiptur  
 Ásett verð:  
**850.000,-**



**Citroen C4 Picasso**  
 Árgerð 2008, dísel  
 Ekinn 74.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**2.290.000,-**



**VW Passat Var Comf 1.4 Ecofuel.** Árgerð 2010, bensín/metan  
 Ekinn 48.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**3.690.000,-**



**VW Polo 1.2 TDI**  
 Árgerð 2011, dísel  
 Ekinn 44.000 km, beinskiptur  
 Ásett verð:  
**1.990.000,-**



**VW Golf 1,4 Trendl. AT**  
 Árgerð 2011, bensín  
 Ekinn 39.500 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**2.890.000,-**



**Isuzu Pickup**  
 Árgerð 2006, dísel  
 Ekinn 155.000 km, beinskiptur  
 Ásett verð:  
**1.990.000,-**



**Subaru Legacy**  
 Árgerð 2009, bensín  
 Ekinn 23.500 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**3.390.000,-**



**Skoda Fabia**  
 Árgerð 2006, bensín  
 Ekinn 87.000 km, beinskiptur  
 Ásett verð:  
**980.000,-**



**VW Golf Trendl. 1,6**  
 Árgerð 2007, bensín  
 Ekinn 96.000 km, beinskiptur  
 Ásett verð:  
**1.460.000,-**



**VW Touareg 3,2 v6**  
 Árgerð 2004, bensín  
 Ekinn 123.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**1.990.000,-**



**VW Passat 2.0 Highline Variant.** Árgerð 2006, bensín  
 Ekinn 126.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**1.990.000,-**





# Gítarsmíði

Lærðu að smíða Telecaster, Stratocaster eða Jazz bass frá grunni.

**Kennari:** Gunnar Örn Sigurðsson gítarsmiður.

**Námskeið** 24. september – 29. nóvember.  
Kennt er tvö kvöld í viku kl. 17:00 – 22:00, alls 100 klst.

**Verð:** 160.000 kr. Allt tréefni er innifalið. Námskeiðið er styrkhæft hjá flestum fræðslusjóðum stéttarfélagi.

**Skráning og nánari upplýsingar:** Sími 514 9602  
www.tskoli.is/gitar | endurmenntun@tskoli.is

**Tækniskólinn**  
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

## Láttu drauminn rætast!

**Skemmtisigling:**  
Dubai – Indland  
– Malasía  
og Singapore  
með Celebrity Solstice



**10. – 25. nóvember**

Glæsileg sigling með 5 stjörnu lúxus-skemmtiferðaskipi á framandi slóðir.

Tveir klear lausir vegna forfalla.

Verð frá  
**519.900 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktur

Innifalið: Flug með Icelandair og Emirates til Dubai, 12 náttu sigling með fullu fæði og allri afþreyingu um borð, gisting með morgunverði í eina nótt í Dubai og eina nótt í Singapore.

\*Verð án Vildarpunkta 529.900 kr.



Fararstjóri:  
Sigmundur M.  
Andrésson

VITA er feigu Icelandair Group.

**ICELANDAIR**  
GROUP



VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

**vita**  
VITA er lífið

**KENNDU BARNINU ÞÍNU AÐ  
SKOÐA EFNI Á NETINU MEÐ  
GAGNRÝNUM HÆTTI**



**S A F T**

www.saft.is

## Bæjarráð Hafnarfjarðar breytir launakjörum: Launalækkun til baka

**KJARAMÁL** Launalækkun sem starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar með yfir 400 þúsund króna mánaðarlaun var gert að taka á sig í janúar 2009 gengur til baka að hluta um næstu mánaðamót.

Bæjarráð Hafnarfjarðar vísar til þess að í fyrrahaust hafi launalækkanir hjá ríkinu að mestu verið dregnar til baka. Önnur sveitarfélög hafi fylgt í kjölfarið. Við endurskoðun launanna nú sé tekið tillit til almennrar launaþróunar og ákvörðunin taki til 58 starfsmanna og feli í sér hækkun á heildarlaunum um 1 til 9 pró-

sent með aukinni fastri yfirvinnu. Þetta nái þó ekki til starfsfólks með 50 tíma eða fleiri í yfirvinnu.

„Fyrst og fremst er um að ræða starfsfólk á umhverfis- og framkvæmdasviði og skipulags- og byggingarsviði og karlmenn eru í miklum meirihluta þeirra sem eru með 50 tíma eða fleiri á mánuði. Ákvörðun um að hækka þá tíma ekki enn frekar er því jafnframt liður í að draga úr kynbundnum launamun hjá sveitarfélaginu,“ segir bæjarráðið. Áætlaður kostnaður við hækkunina er 24 milljónir króna á ári. -gar



**ERATO KOZAKOU-MARCOULLIS** Utanríkisráðherra segist telja að Evrópusambandið sé á réttri leið. Hún vill hefja vinnu við erfiðustu samningskaflana í aðildarviðræðum við Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Vill opna erf- iðu kaflana

Meðan Kypur er í formennsku í ráðherraráði ESB er ætlunin að opna tíu til ellefu samningskafla í aðildarviðræðum Íslands. Utanríkisráðherra landsins vill líka hefja vinnu við erfiðustu kaflana.

**UTANRÍKISMÁL** „Við vonum að við lok forsætis okkar í ráðherraráðinu verði búið að opna tíu til ellefu samningskafla í viðræðunum. Miðað við tíma annarra ríkja í forsæti væri það vel af sér vikið,“ segir Erato Kozakou-Marcoullis, utanríkisráðherra Kypur. Kypur fer nú með formennsku í ráðherraráði Evrópusambandsins. Kozakou-Marcoullis var stödd hér á landi í gær og fundaði hún með forsætis-, utanríkis- og atvinnuvegaráðherra Íslands.

„Eitt af forgangsmálum Kypur á meðan á formennskunni stendur er stækkun Evrópusambandsins, bæði hvað varðar Ísland og ríkin á vesturhluta Balkanskaga. Við höfum mikinn metnað í forsætinu, við viljum hjálpa eins mikið og við getum.“

Kozakou-Marcoullis segir að viðræðum miði vel og að Kypverjar séu í miklu sambandi við samninganefnd Íslands í Brussel. „Við vonumst líka til þess að við getum hjálpað til við að opna tvo erfiðustu samningskaflana, landbúnað og sjávarútveg. Ég veit ekki hvort það tekst en við munum gera allt sem við getum til að greiða fyrir þeim málum svo að næsta ríki í formennsku geti þá opnað þá. Ég veit að þessir tveir kaflar eru mjög mikilvægir og viðkvæmir fyrir Íslendinga.“ Kozakou-Marcoullis var sendiherra hér á landi í tvígang á tífunda áratug síðustu aldar.

Spurð um næstu mánuði innan Evrópusambandsins í ljósi ástandsins sem þar ríkir segist hún telja að hlutirnir séu á réttri leið. „Efnahagskrísan er náttúr-

legu náttúrliga alþjóðlegt fyrirbæri og hún hefur áhrif á okkur öll, við getum ekki einangrað okkur frá umheiminum.“

**ERATO KOZAKOU-MARCOULLIS**  
UTANRÍKISRÁÐHERRA KÝPUR

lega alþjóðlegt fyrirbæri og hún hefur áhrif á okkur öll, við getum ekki einangrað okkur frá umheiminum. Við erum háð hvert öðru og það á ekki síst við um ríkin innan Evrópusambandsins. Þess vegna verðum við að beina efnahagsaðgerðum í réttan farveg, til að ríkin okkar geti náð stöðugleika. Þetta hefur auðvitað verið í gangi undanfarin ár, en sérstaklega með innleiðingu nýju sáttmálanna og nú þegar verið að halda áfram með gerð Stöðugleikasjóðs Evrópu, sem verður kominn í gagnid í lok október, og einnig með umræður um sameiginlega yfirstjórn banka-mála. Allt þetta í sameiningu mun setja vandamálin í réttan farveg, þótt það muni ekki leysa vandann alveg strax.“

Hún segir ríkin vera að mjakast í rétta átt með aðhaldsaðgerðum og áherslu á efnahagslegan vöxt. „Þetta verður að fara saman, það er okkar reynsla, að minnsta kosti ríkjanna í suðurhluta álfunnar. Við sjáum góða þróun í Írlandi og Portúgal. Mér sýnist Spánn líka vera á réttri braut og Grikkland með nýjum stjórnvöldum er það líka.“

thorunn@frettabladid.is



# TOPPBÍLAR

## Tilboðsdagar

1.890.000 kr.



NISSAN Navara d/c MT XE. Árg. 2006  
Ekinn 91.000 km. dísel, 5 gírar.  
Verð 2.690.000 kr. **TILBOÐ 1.890.000 kr.**  
Rnr. 370036.

1.390.000 kr.



SUBARU Impreza 2.0r. Árg. 2007  
Ekinn 110.000 km. bensín, 5 gírar.  
Verð 1.790.000 kr. **TILBOÐ 1.390.000 kr.**  
Rnr. 370228.

890.000 kr.



TOYOTA Aygo. Árg. 2006  
Ekinn 73.000 km. bensín, 5 gírar.  
Verð 1.190.000 kr. **TILBOÐ 890.000 kr.**  
Rnr. 370158.

1590.000 kr.



SUZUKI Grand Vitara. Árg. 2006  
Ekinn 102.000 km. bensín, 5 gírar.  
Verð 1.790.000 kr. **TILBOÐ 1.590.000 kr.**  
Rnr. 370346.

1.490.000 kr.



TOYOTA Avensis wagon. Árg. 2005  
Ekinn 135.000 km. bensín, 5 gírar.  
Verð 1.790.000 kr. **TILBOÐ 1.490.000 kr.**  
Rnr. 370419.

3.290.000 kr.



TOYOTA Land Cruiser 120 VX. Árg. 2004  
Ekinn 179.000 km. dísel, sjálfskiptur.  
Verð 3.890.000 kr. **TILBOÐ 3.290.000 kr.**  
Rnr. 370257.

399.000 kr.



TOYOTA Yaris terra. Árg. 2002  
Ekinn 172.000 km. bensín, 5 gírar.  
Verð 590.000 kr. **TILBOÐ 399.000 kr.**  
Rnr. 370502.

990.000 kr.



TOYOTA Rav4 4wd. Árg. 2004  
Ekinn 124.000 km. bensín, 5 gírar.  
Verð 1.290.000 kr. **TILBOÐ 990.000 kr.**  
Rnr. 370597.

3.190.000 kr.



VOLVO XC70. Árg. 2007  
Ekinn 65.000 km. bensín, sjálfskiptur.  
Verð 3.790.000 kr. **TILBOÐ 3.190.000 kr.**  
Rnr. 370570.

1.990.000 kr.



LEXUS Rx300. Árg. 2004  
Ekinn 145.000 km. bensín, sjálfskiptur.  
Verð 2.690.000 kr. **TILBOÐ 1.990.000 kr.**  
Rnr. 334672.

3.990.000 kr.



M.BENZ R r350 panorama. Árg. 2006  
Ekinn 115.000 km. bensín, sjálfskiptur.  
Verð 4.990.000 kr. **TILBOÐ 3.990.000 kr.**  
Rnr. 370155.

2.290.000 kr.



HYUNDAI I30 diesel. Árg. 2011  
Ekinn 32.000 km. dísel, 6 gírar.  
Verð 2.690.000 kr. **TILBOÐ 2.290.000 kr.**  
Rnr. 370468.

690.000 kr.



TOYOTA Rav4 4wd. Árg. 2001  
Ekinn 204.000 km. bensín, sjálfskiptur.  
Verð 890.000 kr. **TILBOÐ 690.000 kr.**  
Rnr. 370654.

490.000 kr.



PEUGEOT Expert ft. Árg. 2002  
Ekinn 116.000 km. dísel, 5 gírar.  
Verð 890.000 kr. **TILBOÐ 490.000 kr.**  
Rnr. 334779.

790.000 kr.



TOYOTA Land Cruiser 90 GX. Árg. 2000  
Ekinn 403.000 km. dísel, 5 gírar.  
Verð 990.000 kr. **TILBOÐ 790.000 kr.**  
Rnr. 285628.

890.000 kr.



RENAULT Megane scenic. Árg. 2005  
Ekinn 127.000 km. bensín, 5 gírar.  
Verð 1.090.000 kr. **TILBOÐ 890.000 kr.**  
Rnr. 370385.

1.190.000 kr.



RENAULT Megane tourer. Árg. 2008  
Ekinn 75.000 km. bensín, sjálfskiptur.  
Verð 1.690.000 kr. **TILBOÐ 1.190.000 kr.**  
Rnr. 370516.

1.490.000 kr.



TOYOTA Avensis. Árg. 2006  
Ekinn 83.000 km. bensín, 5 gírar.  
Verð 1.790.000 kr. **TILBOÐ 1.490.000 kr.**  
Rnr. 334922.

490.000 kr.



TOYOTA Corolla wagon. Árg. 2001  
Ekinn 215.000 km. bensín, sjálfskiptur.  
Verð 650.000 kr. **TILBOÐ 490.000 kr.**  
Rnr. 370589.

490.000 kr.



RENAULT Megane scenic. Árg. 2002  
Ekinn 142.000 km. bensín, sjálfskiptur.  
Verð 690.000 kr. **TILBOÐ 490.000 kr.**  
Rnr. 370612.



Tobías Sveinbjörnsson  
Beinn sími: 587 2050



Agnar Þórisson  
Beinn sími: 587 2054



Hafsteinn Vilbergsson  
Beinn sími: 587 2051

ergo

Reiknaðu með okkur

Afgreiðslutími: mán - fös 10 - 18 og lau 12 - 16

TOPPBÍLAR

Kletthálsi 2 / 110 Reykjavík / Sími: 587 2000 / [www.toppbilar.is](http://www.toppbilar.is)



## Valkostir Íslands í gjaldmiðils- og gengismálum

### Ýmsir punktar úr skýrslunni

- Í skýrslunni er bent á að líklega verði talsverðar breytingar á stofnanagerð evrusamstarfsins á næstu árum í kjölfar skuldakreppunnar á svæðinu. „Ef vel tekst til [við þær breytingar] gæti þátttaka í myntbandalaginu að öðru óbreyttu orðið áhugaverðari valkostur en áður. Takist það hins vegar ekki gæti það dýpkað kreppuna og jafnvel leitt til endaloka myntsamstarfsins í núverandi mynd.“
- Fjallað er um reynslu evruríkanna af alþjóðlegri fjármálakreppu síðustu ára í skýrslunni. Er það mat skýrsluhöfunda að aðrir þættir en aðild að evrusvæðinu og fyrirkomulag gengismála hafi skipt mestu máli fyrir efnahagsleg afdrif ríkja í kreppunni.
- Fram kemur í skýrslunni að líklegt megi telja að Ísland uppfylli á næstu árum flest hinna svokölluðu Maastricht-skilyrða sem ríki þurfa að uppfylla áður en þeim er heimilt að taka upp evru. Ekki er aftur á móti fyrir sjáanlegt að heildarskuldir hins opinbera verði lægri en sem nemur viðmiði á næstu árum. Í skýrslunni er þó bent á að fordæmi eru fyrir því að ríkjum sé samt sem áður leyft að taka upp evruna fari kuldir hins opinbera hratt lækkandi. Að lokum segir þó enn fremur: „Reynslan af agaleysi í opinberum fjármálum á evrusvæðinu og nýlegar breytingar á sáttmálum bandalagsins gætu þó gert það að verkum að framvegis verði túlkun þessa ákvæðis harðari.“

# Evran er eini valkosturinn

Seðlabankinn telur að upptaka evru með aðild að ESB sé eini valkosturinn við krónu. Vextir yrðu lægri og betri rammi utan um hagstjórn en sveiflujöfnunartæki glatast. Kreppan á evrusvæðinu líka vandamál.

**EFNAHAGSMÁL** Eini raunhæfi valkosturinn við íslensku krónuna að mati Seðlabanka Íslands er upptaka evru með aðild að Evrópusambandinu (ESB). Þetta kemur fram í sérri bankans um valkosti Íslands í gjaldmiðla- og gengismálum sem kynnt var í gær.

Í ritinu kemur fram að rúmlega fjórutíu prósent af vöruviðskiptum og tæplega þrjátíu prósent af þjónustuviðskiptum Íslands séu í evrum. Þá sé um helmingur skulda þjóðarbúsins í þeim gjaldmiðli líka. Þar segir enn fremur að ávinningur Íslands af upptöku evru sé meðal annars sá að milliríkjavíðskipti gætu aukist sem myndi leiða til hærri þjóðartekna á mann. Rannsóknir Seðlabankans bendi til þess að „myntbandalagið muni örva viðskipti við bandalagið án þess að það dragi úr viðskiptum við önnur ríki“.

Aðgangur að stórum fjármagnsmarkaði án gengisáhættu myndi opnast sem leiði til lægri vaxta. Í ritinu segir að það myndi „auðvelda áhættudreifingu innlendra aðila. Til viðbótar eykst framboð fjármálaafurða og samkeppni í fjármálaþjónustu sem lækkar fjármagnskostnað“. Þá er stærðarhagkvæmni evrusvæðisins talin kostur. Við aðild að því myndu neytendur enda geta notað sama gjaldmiðil og heima fyrir sem yki verðsamanburð og samkeppni. Þá yrði auðveldara fyrir innlend fyrirtæki að hasla sér völl á stærri mörkuðum.

Það er líka talinn kostur að aðild að evrusvæðinu feli í sér



**BARA SLÆMIR KOSTIR** Mær Guðmundsson seðlabankastjóri sagði ritið hafa leitt í ljós að það væru bara slæmir kostir í gjaldmiðlamálum. Þeir væru hins vegar mismunandi slæmir.

### Losa þarf höftin óháð gjaldmiðlamálinu

Mær Guðmundsson seðlabankastjóri vék að losun fjármagnshafa á kynningarfundinum í gær og tengslum þeirra við gjaldmiðlaumræðuna. Þar kom fram að „Plan A“ væri alltaf að freista þess að losa höftin áður en niðurstaða fæst í gjaldmiðlamálinu. Mær sagði að takmarkanir á stærð og samsetningu efnahagsreikninga bankanna í erlendri mynt yrðu svo lengi sem Ísland væri með eigin mynt og ekki hluti af víðara öryggisneti varðandi bankastarfsemi yfir

landamæri. Hann taldi að ef ekki væri búið að lyfta höftum myndu aflandskrónurnar alltaf skapa vandamál ef ekki væri búið að leysa úr því vandamáli sem hlýst af þeim fyrir aðild að evrusvæðinu enda þyrfti þá alltaf að innleysa þær á sama gengi og landskrónur ef slík skipti á gjaldmiðlum ættu sér stað. Að mati Mær yrði það alltaf „Plan B“ að finna lausn á vandamálinu á borði Evrópska efnahagssvæðisins eða í gegnum viðræður við ESB.

að „áhætta í bankastarfsemi yfir landamæri minnkar þar sem hún verður að stærri hluta í heima-mynt og ECB [Seðlabanki Evrópu]

sér um lausafjárþyrirgreiðslu til bankakerfisins“. Þá myndi skapast rammi utan um hagstjórn landsins vegna kvaða sem settar eru í stefnu

ESB um ríkisfjármál og aðra þætti efnahagsstefunnar sem ætlað er að sporna á móti agaleysi í hagstjórn.

Í ritinu er einnig gerð grein fyrir því að aðild að evrusvæðinu fylgi líka áhætta fyrir Ísland. „Ekki yrði lengur hægt að beita sjálfstæðri peningastefnu og sveigjanlegu gengi til að draga úr áhrifum áfalla og hraða aðlögun þjóðarbúsins að breyttum þjóðartekjum.“

Ísland væri því að gefa frá sér tæki til að bregðast við sérstökum áföllum sem verða í hagkerfi landsins. Stærri hluti efnahagsbata eftir áföll þyrfti því að eiga sér stað með því að atvinna og framleiðsla aðlagist nýjum veruleika. Hinn stóri gallinn sem Seðlabankinn sér við aðild að evrusvæðinu er sú kreppa sem þar ríkir um þessar mundir og þeir hönnunargallar í regluverki þess sem hún á að hluta rætur í. Í ritinu segir að það sé „því áhættusamt fyrir Ísland að gerast aðili að evrusvæðinu áður en sést hvernig úr ræstist, þ.e. hvort evrusvæðið verður verri eða álitlegri kostur þegar upp verður staðið“.

Mær Guðmundsson seðlabankastjóri lagði samt mikla áherslu á að sú kreppa væri banka- og ríkisskuldakreppa en ekki gjalddeyriskreppa. Evran sem gjaldmiðill væri í dag sterkari en í upphafi og hefði því ekki tapað verðgildi. Þá hefði ekkert ríki sem er með hana sem gjaldmiðil þurft að setja upp höft, greiðslumiðunarkerfin hefðu alls staðar virkað og verðbólga verði tiltölulega lág.

thordur@frettabladid.is



**EKKERT MSG**

## Blá Band pottréttir - hrein snilld

Blá Band pottréttirnir eru einföld leið til að töfra fram dýrindis máltíð á met tíma. Þeir innihalda ekkert MSG, engar transfitur og aðeins náttúruleg bragð- og litarefni. Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus.

**BÓNUS**

**HAGKAUP**





Þór Saari:

### Gott innlegg í umræðuna

„Það sem er merkilegt við þessa skýrslu er að hún er mjög gagnrýnin á Seðlabankann sjálfan og þykir merkileg vegna þess og ég einfaldlega hlakka til að fara að lesa hana,“ segir Þór Saari, þingflokksformaður Hreyfingarinnar. „Þetta er niðurstaða sem maður gat gert ráð fyrir og kom ekkert á óvart. En hún er gott innlegg inn í þessa gjaldmiðlaumræðu því gjaldmiðillinn er eitt af meginvandamálum okkar í efnahagsmálum, þangað til við erum búin að finna góða, varanlega lausn á því máli þá verður til lítills að vera með alls konar efnahagsstefnur og atvinnustefnur.“ - þeb



Bjarni Benediktsson:

### Eigum að einblína á krónuna

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hafði ekki kynnt sér skýrsluna rækilega í gærkvöldi en fagnaði þó útgáfu hennar. Hún væri mikilvægt innlegg í umræðuna. „Það er ljóst á skýrslunni að krónan er skýr valkostur og þegar allt kemur til alls þá eru það aðrir þættir en gjaldmiðillinn sjálfur sem ráða úrslitum um efnahagslega velgengni ríkja. Það er orðið tímabært fyrir umræðuna hér heima að við einblinum á þá þætti sem renna stöðum undir krónuna sem gjaldmiðil fyrir okkur, vegna þess að um leið eru það þær aðgerðir sem geta til lengri tíma tryggt að við höfum einhverja valkosti, vilji menn hafa þá í framtíðinni,“ segir Bjarni. - sh



Össur Skarphéðinsson:

### Skýrt að valkostir eru tveir

„Mér líst afar vel á niðurstöðu skýrslunnar. Þar kemur skýrt fram að valkostir Íslands eru einungis tveir, krónan eða upptaka evru með aðild að Evrópusambandinu,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. „Rækilega er farið yfir kosti og galla beggja þessara valkosta og þarna kemur skýrt fram að íslenska krónan hafi magnað upp sveiflur fremur en að jafna þær. Sömuleiðis eru talin upp mörg rök fyrir því að evran sé skýr kostur. Jafnframt er mikilvægt að skýrslan sker endanlega úr um einhliða eða tvíhliða upptöku annars gjaldmiðils.“ - þsj



## Ævintýralegt úrval af kvikmyndum og sjónvarpsefni í Sjónvarpi Símans

50% afsláttur af öllu leigðu efni í Sjónvarpi Símans á Mögnum miðvikudögum í september.

#### Ljósnetið færir þér kraftmeiri nettengingu

Þú getur tengt allt að fimm háskerpulykla fyrir Sjónvarp Símans þar sem hægt er að leigja kvikmyndir og horfa á yfir 100 íslenskar og erlendar sjónvarpsrásir.

Kynntu þér áskriftarleiðirnar á [siminn.is](http://siminn.is) eða í 800 7000.

Vinsælasta leiðin			
Ljósnet 1 10GB	Ljósnet 2 40GB	Ljósnet 3 80GB	Ljósnet 4 140GB
Mánaðarverð 4.690 kr.	Mánaðarverð 5.690 kr.	Mánaðarverð 6.790 kr.	Mánaðarverð 8.090 kr.

Ljósnetið er allt að 50 Mb/s



Gasgrill frá 12.900  
Aukahlutir 30% afsl  
Garðhúsgögn 30% afsl

**Grillbúðin**  
www.grillbudin.is

Smíðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

**ÚTSALA**



Nýtt kortatímabil

www.grillbudin.is

Opið virka daga til kl. 18 og laugardag til kl. 14



## Valkostir Íslands í gjaldmiðils- og gengismálum

# Bæta þarf umgjörð utan um krónuna

Mikilvægt er að gera umbætur á peningastefnunni og annarri hagstjórn hér á landi eigi áfram að styðjast við fljótandi krónu. Öðrum kostum en upptöku evru í gegnum aðild að ESB fylgja hins vegar verulegir annmarkar.

Í skýrslu Seðlabankans er í nokkru máli fjallað um reynslu Íslendinga af sjálfstæðri peningastefnu með fljótandi krónu. Er það mat skýrsluhöfunda að sú reynsla hafi verið blendin í meira lagi og að hið sveigjanlega gengi krónunnar hafi oftar en ekki magnað sveiflur hér á landi fremur en að stuðla að stöðugleika. Þannig er bent á að sveiflur í einkaneyslu hafi verið meiri hér á landi en meðal annarra þróaðra ríkja og talsvert meiri en réttlæta má með sveiflum í ytri skilyrðum þjóðarbúsins.

Á það er hins vegar bent í skýrslunni að það muni taka nokkurn tíma að ná niðurstöðu í samningum um aðild að Evrópusambandinu (ESB) verði sá kostur á annað borð ofan á í umræðunni um framtíðarskipan gjaldmiðilsmála. Það er því talin mjög mikilvæg spurning hvort hægt er að gera þær umbætur á peningastefnunni, annarri hagstjórn og regluverki og eftirliti með fjármálastarfsemi að sveigjanlegt gengi á grundvelli krónunnar verði vænlegur kostur. Og það án þess að forna þurfi óheftum fjármagnshreyfingum.

Seðlabankinn hefur áður fjallað nokkuð um hvernig endurbætt skipulag hagstjórnar hér á landi byggt á fljótandi krónu gæti gengið fyrir sig. Um þetta er ekki síst fjallað í ritunum Penningastefnan eftir höft og Varúðarreglur eftir fjármagnshöft sem Seðlabankinn hefur gefið út á síðustu misserum.

Í ritunum er meðal annars lagt til að ríkisfjármálastjórn hins opinbera styðji betur við peningamálastjórnina en hingað til en að því má meðal annars stuðla með vel útfærðum reglum um ríkisfjármálin. Þá er talið skynsamlegt að lögfesta hér á landi nokkrar svokallaðar þjóðhagslegar varúðarreglur og festa í sessi ákveðin ný tæki sem beita megi til að vinna að fjármálastöðugleika. Þá hefur Seðlabankinn lagt til ákveðnar endurbætur á peningastefnunni sjálfri sem stuðla eigi að lengri sjóndeildarhring við mótun stefnunnar sem og breytingar á fjármálakerfinu með það fyrir augum að bæta miðlunarferli peningastefnunnar.

Er það mat Seðlabankans að verði þessum og fleiri tillögum bankans hrint í framkvæmd verði innlend peningastefna skilvirkari og þá megi vona að í kjölfarið dragi úr umframsveiflum krónunnar. Þá hefur þessi leið meðal annars þá kosti að Ísland viðheldur sjálfstæðri peningastefnu og sveigjanlegu gengi sem getur komið hagkerfinu að gagni, innlent áhlaup á ríkissjóð eða stönduga banka verður viðráðanlegt og einnig er dregið úr vissum aflvökum fjármálalegs óstöðugleika.

Ókostir þessarar leiðar felast



SEÐLABANKANUM Í GÆR Þórarinn G. Pétursson, aðalhafgræðingur Seðlabankans, og Már Guðmundsson seðlabankastjóri kynntu skýrsluna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

meðal annars í því að möguleikar utanríkisviðskipta án gengisáhættu verða áfram takmarkaðir og innlent fjármálakerfi verður áfram dýrara og einangraðra en ella. Þá mun þurfa takmarkandi varúðarreglur á alþjóðlega starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja.

### Verulegir ókostir við aðra valkosti

Í riti Seðlabankans er einnig fjallað um aðra valkosti Íslands í peningamálum en evru og fljótandi krónu.

Fyrst er tekið fyrir fyrirkomulag peningamála sem nefnist gengistenging. Felst það í því að stjórnvöld festa gengi íslenska gjaldmiðilsins við annan gjaldmiðil eða körfu

gjaldmiðla. Helstu kostir slíks fyrirkomulags eru þeir að gengisveiflur minnka og þá getur slíkt fyrirkomulag aukið trúverðugleika innlendra hagstjórnar. Reynsla fjölda þjóða sýnir hins vegar að erfitt getur reynst að viðhalda einhliða gengistengingu þegar fjármagnsflutningar eru óheftir.

Annar möguleiki er að búa til lögfest opinbert skiptigengi krónunnar við erlendan gjaldmiðil en það fyrirkomulag nefnist myntráð. Hefur það flesta sömu kosti og gengistenging en hefur meðal annars þann ókost að möguleikar seðlabanka til að draga úr lausafjárvaða í bankakerfinu skerðast

verulega. Þá þarf að halda mjög stóran, og þar með kostnaðarsaman, gjaldeyrisforða.

Að lokum er fjallað um möguleikann á einhliða upptöku evru eða annars gjaldmiðils en Seðlabankinn telur evruna liggja langbeinast við í því samhengi. Á það er bent að kostir og gallar einhliða upptöku séu að hluta til þeir sömu og upptöku evru í gegnum ESB. Við það reikningsdæmi bætist þó sá vandi að framboð nýja gjaldmiðilsins myndi sveiflast með fjármagnsstreymi til og frá landinu.

Gæti það við ákveðnar aðstæður hæglega valdið lausafjárvaða fyrir bankakerfið og lánsfjármögnun ríkissjóðs sem gæti endað með greiðslufalli og fjármálakreppu án þess að stjórnvöld hér á landi gætu nokkuð gert. Hægt væri að draga úr þessari hættu með ákveðnum mótvægisáðgerðum en slíkar áðgerðir myndu kosta verulega fjármuni án þess að vist væri að þær myndu duga þegar á reyndi. Einhliða upptaka getur því falið í sér mikla áhættu fyrir stöðugleika auk þess sem benda má á þann mikla einsskiptiskostnað sem fælist í að kaupa seðla og mynt fyrir umskiptin og þá staðreynd að Ísland yrði af myntsláttuhagnaði.

Að lokum er þó bent á að hjá þessum vandamálum mætti komast með tvíhliða samningi við annað ríki. Ekki eru þó dæmi þess að ríki hafi samið um slíkt. Þá má telja líklegt að slíkur samningur yrði verulega skilyrtur og gæti þar með falið í sér jafnvel meira fullveldisframsal en á sér stað við formlega aðild að evrusvæðinu. magnusi@frettabladid.is

## Er evran lausnin?

Morgunverðarfundur föstudaginn 21. september kl. 08:15-10:00  
í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

Í tilefni endurreisnar Fransk-Íslenska viðskiptaráðsins  
hefur einn af höfundum evrunnar verið kallaður á teppið.

Dagskráin hefst með stuttum stofnfundi Fransk-Íslenska viðskiptaráðsins.  
Fundarstjóri stofnfundarins er **Hreggviður Jónsson**. Opnunarerindi á  
stofnfundinum verða í höndum **Össurar Skarphéðinssonar** utanríkisráðherra og  
**Marc Bouteiller**, sendiherra Frakklands á Íslandi.

Framsögumenn á morgunfundinum:

- **Yves-Thibault de Silguy**, fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá Evrópusambandinu og einn af hugmyndasmiðum af hinni sameiginlegu mynt ESB
- **Gylfi Arnbjörnsson**, forseti Alþýðusambands Íslands
- **Katrín Pétursdóttir**, forstjóri Lýsis
- **Frosti Sigurjónsson**, rekstrarhafgræðingur og frumkvöðull

Fundarstjóri verður **Ólafur Stephensen**, ritstjóri Fréttablaðsins. Húsið opnar kl. 8:00 og boðið verður upp á café et croissants.

Allir velkomnir.

Skráning á vef Viðskiptaráðs: [vi.is](http://vi.is)



FRANSK-ÍSLENSKA  
VIÐSKIPTARÁÐIÐ



# Í DAG VEITIR DÆLULYKILL ATLANTSOLÍU



## KRÓNA AFSLÁTT

AUKAAFSLÁTTUR DAGSINS BÆTIST EKKI OFAN Á ÖNNUR AFSLÁTTARKJÖR.

HVERNIG VÆRI AD HALDA  
ATLANT SOLIUDAGINN  
HÁTÍDLEGAN OG FÁ SÉR ÆRLEGA Á TANKINN Í DAG?

SÆKTU UM DÆLULYKIL Á [WWW.ATLANTSOLIA.IS](http://WWW.ATLANTSOLIA.IS)

LENGI LIFI  
SAMKEPPNI



Atlantsólía var stofnuð til að veita stóru olíufélögum samkeppni.  
Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið  
keppinautunum við efnið síðan.

Atlantsólía | Lönsbraut 2 | 220 Hafnarfjörður | Sími 591-3100

Dælyllykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:



MÁLINGARVÖRUR

kemi



GUMMIVINNSLAN





# VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?



Heimilið  
Líf- og heilsa  
Bíllinn  
Fyrirtækið

Í gegnum árin byggjum við upp heimili utan um líf okkar.

Við gerum okkur ekki grein fyrir verðmæti þess sem er í kringum okkur í daglegu lífi – ekki fyrr en eitthvað kemur fyrir.

Hafðu samband við okkur og saman finnum við út hversu mikla tryggingavernd þú þarft. **Reiknivélin** á [www.vordur.is](http://www.vordur.is) hjálpar þér fyrstu skrefin.

VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.







**218,75** ER GILDI gengisvísitölu krónunnar. Vísitalan hefur hækkað um 6% á sex vikum en þegar vísitalan hækkar veikist gengi krónunnar.

## Hannes, Ármann, Baldur og Kjartan hagnast: BF-útgáfa hagnaðist um tæpa milljón

BF-útgáfa ehf., sem gefur út bækur undir heitunum Bókafélagið og Almenna bókafélagið, hagnaðist um 864 þúsund krónur í fyrra. Rekstrartekjur útgáfunnar voru 58,6 milljónir króna og hækkuðu lítillega á milli ára. Óráðstafað eigið fé nam 20,8 milljónum króna um síðustu áramót og var að mestu tilkomið vegna yfirverðsreiknings hlutfjár, en á honum var að finna sautján milljónir króna. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi félagsins.

Egandi alls hlutfjár í BF-útgáfu var í upphafi síðasta árs

Hannes Hólmsteinn Gissurarson háskólafrófeingur. Í nóvember 2011 bættust síðan Ármann Þorvaldsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþing Singer&Friedlander, Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, og Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, í eiginahópinn þegar þeir keyptu nýtt hlutfélag fyrir samtals 17,5 milljónir króna. Eini fasti starfsmaður BF-útgáfu er framkvæmdastjórinn Jónas Sigurgeirsson. Hann var yfirmaður samskiptasviðs Kaupþings fyrir hrún. - þsj



**FASTEIGNIR** Markaðshlutdeild íbúðalánasjóðs hefur verið talsvert minni en áður eftir að viðskiptabankarnir hófu að bjóða óverðtryggt húsnæðislán. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Útlán 1,5 milljarður í ágúst:

## Áfram rólegt hjá Íbúðalánasjóði

Íbúðalánasjóður lánaði út alls tæpa 1,5 milljarða króna í ágúst. Þar af voru ríflega 1,4 milljarðar vegna almennra lána en meðalútlánið nam 10,7 milljónum í mánuðinum. Til samanburðar námu almenn útlán 2,3 milljörðum í sama mánuði í fyrra.

Þar með er heildarfjárhæð almennra lána Íbúðalánasjóðs það sem af er árinu samtals 8,3 milljarðar króna en var 15,9 milljarðar á sama tímabili 2011. Alls hefur sjóðurinn veitt 850 almenn íbúðalán en veitti 1.570 á sama tímabili í fyrra. - mþl

# Söluvirði Vífilfells rýrnaði um milljarð

Virði eignar og kröfu sem Arion banki eignaðist við sölu á Vífilfelli í fyrra lækkaði um tæplega 900 milljónir króna á árinu 2011. Eignarhlutur í Refresco var metinn á 3,3 milljarða króna en var 2,5 milljarða króna virði um áramót.

Arion banki færði niður virði þeirra eigna og krafna sem bankinn eignaðist við sölu á Vífilfelli í byrjun árs 2011 um tæplega 900 milljónir króna áður en það ár var liðið. Um er að ræða eignarhlut í hollenska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco og kröfu á dótturfélag spænska fyrirtækisins Cobega, sem eignaðist allt hlutfélag Vífilfells við sölu. Þetta kemur fram í ársreikningi EAB 1 ehf., félags í eigu Arion banka sem notað var við sölu á Vífilfelli.

Exalba S.A., dótturfélag Cobega, stærsta dreifingaraðila Coca-Cola á Spáni, keypti Vífilfell í janúar 2011 af tveimur félögum í eigu Þorsteins M. Jónssonar, Sólstöfum og Neanu. Salan var hluti af fullnaðaruppgjöri Þorsteins við Arion banka. Kaupverðið var ekki gefið upp en í tilkynningu frá Arion vegna söluvarðs sagði að skuldir Þorsteins við bankann hefðu verið um 6,4 milljarðar króna og heildarskuldir Vífilfells um 4,5 milljarðar króna.

Í ársreikningi Vífilfells, sem skilad var inn til ársreikningaskráar nýverið, er fjallað um fjárhagslegu endurskipulagninguna sem ráðist var í samhliða sölu á fyrirtækinu. Þar kemur fram að í maí 2011 hafi það greitt lán upp á 5,2 milljarða króna.

Á sama tíma hafi verið tekið nýtt lán hjá Arion banka upp á 1,5 milljarða króna. Afgangurinn var greiddur með afhendingu á hlut Vífilfells í Ferskur Holding B.V., sem á fimm prósent hlut í hollenska drykkjavöruframleiðandanum Refresco, sem metinn var á 3,3 milljarða króna, og 415 milljóna króna greiðslu út úr rekstri Vífilfells. Þorsteinn situr enn í stjórn þess fyrirtækis í krafti þess eignarhluta. Skuldir Vífilfells lækkuðu alls úr sjö milljörðum króna í 3,6 milljarða króna á síðasta ári í kjölfar endurskipulagningarinnar.



**RISI** Vífilfell er stærsti drykkjavöruframleiðandi landsins. Fyrirtækið framleiðir og dreifir meðal annars Coca-Cola-gosdrykknum hérlendis. MYND/GETTY IMAGES

## 380 milljóna hagnaður í fyrra

Vífilfell, sem er stærsti drykkjavöruframleiðandi landsins, hagnaðist um 380 milljónir króna á síðasta ári. Hagnaður félagsins árið áður nam 1,8 milljörðum króna, en fjármagnstekjur upp á 1,4 milljarða króna skiptu þar mestu. Velta Vífilfells dróst saman um 100 milljónir króna í fyrra og var 10,7 milljarðar króna. Eigið fé fyrirtækisins er 3,3 milljarðar króna og eiginfjárstaða þess því mjög sterk.

Þegar horft er á afkomutölur Vífilfells verður að taka inn í dæmið að fyrirtækið bókfærði 80 milljóna króna einkisþekkingu vegna greiðslu sektar vegna samkeppnisbrots á árinu 2011 vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu. Stjórnendur Vífilfells hafa skotið málinu til dómstóla og því gæti sektin enn fallið niður eða verið lækkuð.

Í ársreikningi EAB1 ehf. kemur hins vegar fram að eignarhluturinn í Refresco hafi verið færður niður um 773 milljónir króna á árinu 2011 og sé nú verðmetinn á 2,5 milljarða króna. Matið byggir „á upplýsingum frá stjórnendum Refresco Holding B.V. um framlegð og EBITDA-margföldurum sem taldir eru videigandi“. Refresco tapaði um 4,3 milljörðum króna á árinu 2011.

Þar kemur einnig fram að félagið hafi átt kröfu upp á 682 milljónir

króna á Exalba vegna kaupa þess á eignarhlut í Vífilfell. Áætlaðar endurheimturgætur vegna kröfunnar eru hins vegar 562 milljónir króna, samkvæmt reikningnum. Því er „niðurfærsla að fjárhæð 120 milljónir króna gjaldfærð í rekstrarreikningi“.

Hlutfélagið í Vífilfelli var aukið um 159 milljónir króna í lok febrúar á þessu ári. Hlutfélagið fyrirtækisins er nú samtals 680 milljónir króna og er allt í eigu Exalba. thordur@frettabladid.is

www.volkswagen.is



Aukabúnaður á mynd: 18" dítelgur, þokuljós og litabær rúður

## Volkswagen Polo - fyrir okkur öll

Meðaleyðsla aðeins **3,8 lítrar** á hverja 100 km\*

Polo kostar aðeins frá **2.290.000 kr.**



Das Auto.

\* Miðað við blandaðan akstur á beinskíptum Volkswagen Polo Trendline 1.2 TDI





# HEILSA Í HAGKAUP

## NUTRAMINO PRÓTEIN

Nr.1 í Danmörku. 100% hreint mysuprótein ríkt af BCAA (levsín, iso-levsín og valín).



15%  
AFSLÁTTUR  
Á KASSA

15%  
AFSLÁTTUR  
Á KASSA



799KR  
VERÐ ÁÐUR 859.-

699KR  
VERÐ ÁÐUR 739.-



15%  
AFSLÁTTUR  
Á KASSA

## BIO-KULT CANDÉA

hefur reynst vel bæði til að fyrirbyggja og meðhöndla Candida sveppasýkingu. 100% náttúruvara sem er örugg fyrir börn, barns-hafandi og mjólkandi mæður.



299KR  
VERÐ ÁÐUR 349.-



## BIOMEGA BARNAVÍTAMÍN

NÝTT

15%  
AFSLÁTTUR  
Á KASSA



EFA  
Omega 3-6-9 fitusýrur

NÝTT



NÝTT E BETRA PRÓGASTRÓ  
Inniheldur hinn öfluga DDS1 asidofílus sem er bæði gall- og sýrupólinn. Finndu muninn!

15%  
AFSLÁTTUR  
Á KASSA



EAS LEAN 15  
Máltíðardrykkur sem inniheldur aðeins 100 hitaeiningar í hverjum skammti og 15g af próteini. Frábær leið til að greinast og vinna á hungurtílfíningu.

15%  
AFSLÁTTUR  
Á KASSA

NÝTT



LÍFRAENT KÓKOSVATN  
Ei KÓKOSOLÍA  
Kókosvatnið er algerlega óunninn náttúrulegur vökvi sem er tappað beint af kókoshnetunni.

15%  
AFSLÁTTUR  
Á KASSA



SCHÄR GLÜTENLAUSAR  
VÖRUR

15%  
AFSLÁTTUR  
Á KASSA



LIMA RÍSKÖKUR



FROOSH ÁVAXTA-SMOOTHIE  
Stútfullur af ávöxtum. Geggjaður milli mála. Inniheldur engin litarefni eða rotvarnarefni.

329KR  
VERÐ ÁÐUR 349.-



**OPIÐ**  
allan sólarhringinn  
Garðabær, Skeifan  
& Eiðistorg

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



Umdeild launahækkun spítalaforstjóra:

## Ógöngur opinbers launakerfis

Ákvörðun Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra um að hækka Björn Zoëga, forstjóra Landspítalans, duglega í launum, hefur dregið dilk á eftir sér. Eins og Fréttablaðið sagði frá á laugardaginn hefur launahækkun forstjórans magnað upp óánægju á spítalanum, þar sem niður-skurður og aukid vinnuálag hafa verið daglegt brauð starfsmanna.

„Forstjórinn hefur gjarnan beitt því fyrir sig í pistlum og á fundum með starfsfólki að þau séu öll saman í liði í baráttunni, en hann hefur að marga mati sagt sig úr liðinu með því að þiggja hækkunina,“ sagði Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, í helgarblaðinu.

Þessi áhrif á starfsandann á spítalanum hefur ráðherrann líklega ekki séð fyrir. Ákvörðun hans er að sumu leyti skiljanleg, að öðru leyti misráðin og fyrst og fremst varpar hún ljósi á þær ógöngur, sem launakerfi starfsmanna hins opinbera er komið í.

Í fyrsta lagi undirstrikar þessi ákvörðun endanlega hvað sú stefna ríkisstjórnarinnar að enginn ríkisstarfsmaður eigi að hafa hærri laun en forsætisráðherra, er galin. Fyrir var forstjóri Landspítalans með umtalsvert hærri laun en forsætisráðherrann og er nú meira en tvöfalt hærri í launum. Það er vegna þess að hann tilheyrir hópi fólks sem er miklu meiri eftirspurn eftir en stjórnmalamönnum. Jafnvel eftir hækkingu þættu launin ekki há forstjóra laun í einkafyrirtæki með viðlíka starfsmannafjölda og veltu.

Í öðru lagi var það alveg skiljanlegt að ráðherrann gripi til þessara ráðstafana þegar forstjóra Landspítalans bauðst starf á spítala í útlöndum fyrir talsvert hærri laun. Hann hefur verið lykilmaður í því að ná niður kostnaði á spítalanum á erfiðum tímum og unnið gott starf við að halda rekstrinum innan fjárheimilda. Ráðherrann gerði forstjóranum kleift að bæta við sig vinnu í starfi sínu sem læknir og hækka þannig tekjur sínar. Þannig gerast kaupin á eyrinni í fyrirtækjum, þegar keppinautarnir bjóða í lykilmál; oft er brugðizt við með því að hækka við það launin.

Gallinn er bara sá að launakerfi opinberra starfsmanna gerir alls ekki ráð fyrir að hægt sé að bregðast við samkeppni með einstaklingsbundnum launaákvörðunum. Eins og starfsmenn Landspítalans hafa bent á, gildir það sama um þá marga og forstjóran, að þeim bjóðast betur launuð störf í útlöndum. Margt heilbrigðisstarfsfólk hefur raunar nú þegar þegið slík störf og spítalinn hefur ekki reynt að halda í það með því að bjóða betri kjör.

Til lengri tíma lítið leiðir þetta ósveigjanlega launakerfi Landspítalans og margar aðrar ríkisstofnanir í ógöngur. Þær munu verða undir í samkeppni um hæfasta fólkið. Það er brýnt að breyta launakerfinu þannig að það taki mið af því að starfsfólk er misnandi eftirsótt.

Sennilega hefur Guðbjartur Hannesson ekki haft hugmynd um að hann hefði slegið enn eina stoðina undan núverandi launakerfi ríkisstarfsmanna þegar hann tók skyndiákvörðun til að halda í hæfan starfsmann. Það blasir þó við að það gerði hann í raun.

Í fyrsta lagi undirstrikar þessi ákvörðun endanlega hvað sú stefna ríkisstjórnarinnar að enginn ríkisstarfsmaður eigi að hafa hærri laun en forsætisráðherra, er galin. Fyrir var forstjóri Landspítalans með umtalsvert hærri laun en forsætisráðherrann og er nú meira en tvöfalt hærri í launum. Það er vegna þess að hann tilheyrir hópi fólks sem er miklu meiri eftirspurn eftir en stjórnmalamönnum. Jafnvel eftir hækkingu þættu launin ekki há forstjóra laun í einkafyrirtæki með viðlíka starfsmannafjölda og veltu.

Í öðru lagi var það alveg skiljanlegt að ráðherrann gripi til þessara ráðstafana þegar forstjóra Landspítalans bauðst starf á spítala í útlöndum fyrir talsvert hærri laun. Hann hefur verið lykilmaður í því að ná niður kostnaði á spítalanum á erfiðum tímum og unnið gott starf við að halda rekstrinum innan fjárheimilda. Ráðherrann gerði forstjóranum kleift að bæta við sig vinnu í starfi sínu sem læknir og hækka þannig tekjur sínar. Þannig gerast kaupin á eyrinni í fyrirtækjum, þegar keppinautarnir bjóða í lykilmál; oft er brugðizt við með því að hækka við það launin.

Gallinn er bara sá að launakerfi opinberra starfsmanna gerir alls ekki ráð fyrir að hægt sé að bregðast við samkeppni með einstaklingsbundnum launaákvörðunum. Eins og starfsmenn Landspítalans hafa bent á, gildir það sama um þá marga og forstjóran, að þeim bjóðast betur launuð störf í útlöndum. Margt heilbrigðisstarfsfólk hefur raunar nú þegar þegið slík störf og spítalinn hefur ekki reynt að halda í það með því að bjóða betri kjör.

Til lengri tíma lítið leiðir þetta ósveigjanlega launakerfi Landspítalans og margar aðrar ríkisstofnanir í ógöngur. Þær munu verða undir í samkeppni um hæfasta fólkið. Það er brýnt að breyta launakerfinu þannig að það taki mið af því að starfsfólk er misnandi eftirsótt.

Sennilega hefur Guðbjartur Hannesson ekki haft hugmynd um að hann hefði slegið enn eina stoðina undan núverandi launakerfi ríkisstarfsmanna þegar hann tók skyndiákvörðun til að halda í hæfan starfsmann. Það blasir þó við að það gerði hann í raun.

Í öðru lagi var það alveg skiljanlegt að ráðherrann gripi til þessara ráðstafana þegar forstjóra Landspítalans bauðst starf á spítala í útlöndum fyrir talsvert hærri laun. Hann hefur verið lykilmaður í því að ná niður kostnaði á spítalanum á erfiðum tímum og unnið gott starf við að halda rekstrinum innan fjárheimilda. Ráðherrann gerði forstjóranum kleift að bæta við sig vinnu í starfi sínu sem læknir og hækka þannig tekjur sínar. Þannig gerast kaupin á eyrinni í fyrirtækjum, þegar keppinautarnir bjóða í lykilmál; oft er brugðizt við með því að hækka við það launin.

Gallinn er bara sá að launakerfi opinberra starfsmanna gerir alls ekki ráð fyrir að hægt sé að bregðast við samkeppni með einstaklingsbundnum launaákvörðunum. Eins og starfsmenn Landspítalans hafa bent á, gildir það sama um þá marga og forstjóran, að þeim bjóðast betur launuð störf í útlöndum. Margt heilbrigðisstarfsfólk hefur raunar nú þegar þegið slík störf og spítalinn hefur ekki reynt að halda í það með því að bjóða betri kjör.

Til lengri tíma lítið leiðir þetta ósveigjanlega launakerfi Landspítalans og margar aðrar ríkisstofnanir í ógöngur. Þær munu verða undir í samkeppni um hæfasta fólkið. Það er brýnt að breyta launakerfinu þannig að það taki mið af því að starfsfólk er misnandi eftirsótt.

Sennilega hefur Guðbjartur Hannesson ekki haft hugmynd um að hann hefði slegið enn eina stoðina undan núverandi launakerfi ríkisstarfsmanna þegar hann tók skyndiákvörðun til að halda í hæfan starfsmann. Það blasir þó við að það gerði hann í raun.

Í öðru lagi var það alveg skiljanlegt að ráðherrann gripi til þessara ráðstafana þegar forstjóra Landspítalans bauðst starf á spítala í útlöndum fyrir talsvert hærri laun. Hann hefur verið lykilmaður í því að ná niður kostnaði á spítalanum á erfiðum tímum og unnið gott starf við að halda rekstrinum innan fjárheimilda. Ráðherrann gerði forstjóranum kleift að bæta við sig vinnu í starfi sínu sem læknir og hækka þannig tekjur sínar. Þannig gerast kaupin á eyrinni í fyrirtækjum, þegar keppinautarnir bjóða í lykilmál; oft er brugðizt við með því að hækka við það launin.

Gallinn er bara sá að launakerfi opinberra starfsmanna gerir alls ekki ráð fyrir að hægt sé að bregðast við samkeppni með einstaklingsbundnum launaákvörðunum. Eins og starfsmenn Landspítalans hafa bent á, gildir það sama um þá marga og forstjóran, að þeim bjóðast betur launuð störf í útlöndum. Margt heilbrigðisstarfsfólk hefur raunar nú þegar þegið slík störf og spítalinn hefur ekki reynt að halda í það með því að bjóða betri kjör.

Til lengri tíma lítið leiðir þetta ósveigjanlega launakerfi Landspítalans og margar aðrar ríkisstofnanir í ógöngur. Þær munu verða undir í samkeppni um hæfasta fólkið. Það er brýnt að breyta launakerfinu þannig að það taki mið af því að starfsfólk er misnandi eftirsótt.

Sennilega hefur Guðbjartur Hannesson ekki haft hugmynd um að hann hefði slegið enn eina stoðina undan núverandi launakerfi ríkisstarfsmanna þegar hann tók skyndiákvörðun til að halda í hæfan starfsmann. Það blasir þó við að það gerði hann í raun.

### Gleyminn

Það er pinulítið pinlegt þegar menn þurfa að hefja fyrirlestur á ráðstefnu með því að afsaka hversu heimskir þeir eru. Í þessu lenti kanadíski fræðimaðurinn Michael Walker í gærmorgun. Walker var reyndar alls ekkert á ráðstefnu Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál ásamt Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni og fleiri skoðanabræðrum sínum. Hann talaði í gegnum Skype, vegna þess að hann gleymdi vega-bréfinu sínu heima og var – eðlilega – stöðvaður á flugvælinum í Toronto og snúid við á punktinum.

### Algjört frelsi

Walker er kunnur frjálshyggjumaður og viðraði rannsóknarmiðurstöður um atvinnufrelsi í gegnum fjarfundarbúnaðinn í gær. Frjálshyggjan ristir greinilega svo djúpt hjá sumum að þeir gleyma að til séu landamæri og að um þau gildi lög og reglur.

### Afplánað á Lex

Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, afplánar nú fangelsisdóm á lögmannsstofunni Lex. Þar ku hann sinna ýmsum lög-

mannsstörfum á hans sérsviði. Meðal þess sem Lex hefur gert á undanförunum misserum er að kæra málsmeðferðina í innherjasvikamáli Baldurs til mannréttindadómstóls Evrópu. Fáir hafa meiri sérþekkingu á málinu en Baldur sjálfur og ef það hlýtur náð fyrir augum stóru mannanna í Strassborg þá er spurning hvort hann getur fengið að afplána dóminn með því að reyna fá honum hnekk. Það væri athyglisverð staða.

stigur@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Nýr milljarður í þróunarhjálp

### Þróunarhjálp



Össur Skarp-héðinsson utanríkisráðherra

Heill milljarður til viðbótar verður sett sögulegustu tillögu nýja fjárlagafrumvarpsins. Þróunarhjálp er okkar leið til að láta af höndum rakna til örsnauðs fólks í fátækustu ríkjum heims. Hún beinist ekki síst að mæðrum og börnum. Þróunarhjálp er meðal þeirra þátta sem ég hef lagt mesta áherslu á í starfi mínu sem utanríkisráðherra. Þess vegna gleðst ég einlæglega, eins og örugglega allir Íslendingar, yfir þessum sögulega áfanga.

Sameiginlega hefur þróunarhjálp efnadri þjóða leitt til þess að barnadaudi í heiminum hefur snarminnkað. Egill Helgason bent á í nýlegum pistli á Silfursíðunni að 14 þúsundum færri börn deyja nú daglega en fyrir 20 árum. Íslendingar eiga örlítinn þátt í því kraftaverki – með stuðningi í gegnum þróunarhjálp og örlátt starf og framlög frjálsra félagasamtaka.

Mæðravernd þar sem nánast engin var fyrir, eins og fæðingardeildirnar okkar í Malaví, sjúkrahús sem reist hafa verið eins og spítalinn sem ég afhenti fyrir Íslands hönd fyrir á árinu í Mangochi-héraðinu, fræðsla um hreinlæti og heilsuvern, stórakinn aðgangur að vatni sem Íslendingar hafa lagt mikla áherslu á, og einfaldir hlutir sem okkur finnst dálítið undarlegir eins og

útikamrar sem hafa verið greiddir af þróunarhjálp, hafa gjörbreytt lífi fjölmargra.

Þjóðin stynur stundum undan því að Alþingi sé aldrei sammála um stóru hlutina. Því er ekki til að dreifa þegar þróunarmál eru annars vegar. Einum rómi samþykkti Alþingi í fyrra tillögu mína um áætlun um þróunarsamvinnu 2011-14, og vildi meira að

Þjóðin stynur stundum undan því að Alþingi sé aldrei sammála um stóru hlutina. Því er ekki til að dreifa þegar þróunarmál eru annars vegar.

segja hraða framlögunum. Samkvæmt þeirri áætlun á að verja 0,25% af landsframleiðslu til þróunarmála á árinu 2013. Til að standa við samþykkt Alþingis þurfti að bæta milljarði króna í þróunarhjálp. Það var áhlaupsverk en fyrir þeim milljarði er nú gert ráð í tillögum frumvarps til fjárlaga næsta árs.

Þetta tryggir að Íslendingar geta staðið við loford sín gagnvart fátækasta fólki heimsins.

FRÉTTABLAÐIÐ  
ÚTGÁFUFEÐLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFEÐLAG: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**LAUS STRAX** FASTEIGNASALAN TORG KYNNIR:

## SKÓLAGERÐI 61

4 herbergja - 21,9 millj.

4 herb. íbúð á 2. hæð í góðu húsi og grónu og barnavænu hverfi í Vesturbæ Kópavogs í göngufæri við sundlauginu og aðra þjónustu. Rúmgott hol. Eldhús með stórum glugga og borðkrók. Nýleg eldhúsinnrétting frá HTH, uppþvottavél fylgir. Innaf er litill gangur með þvottahúsi með glugga. Einnig er þar 1 ágætt herbergi með glugga. Til hægri frá holi er stofan, með útgengi á suður-svalir sem snúa beint út í garðinn. Ur stofu er ágætt herbergi. Til vinstri frá holi er baðherbergi, flisar á gólf og kringum sturtuklefa, hvít innrétting. Rúmgott hjónaherbergi með skápavegg (upprunalegir). Í sameign í kjallara er sérgeymsla. 2 íbúðir eru á hæð. Sérmerkt bílastæði. Verð 21,9 millj. Afborganir af láni ca. 100 þús.

Jóhanna Kristín Tómasdóttir, lgfs. Fasteignasöluinni TORG veitir allar nánari upplýsingar í síma 698 7695 eða á jkt@fasttorg.is



# Mannauður og mórall



**HEILSA**  
Teitur Guðmundsson  
læknir

Það er alþekkt að fyrirtæki og rekstrareiningar byggja á mannaúti sem er drifandi krafturinn í starfi þeirra og það er viðurkennt að án hans eru þau lítils eða jafnvel einskis virði. Þá virðist engu skipta hversu stórar þessar einingar eru né heldur hver starfssemin er, „fólkið er fyrirtækið“ sagði einhver sem ég man ekki lengur nafnið á. Það er auðvitað mikill áherslumunur hvernig þessu er haldið fram og stjórnendur ekki allir jafn duglegir að flagga fólkinu sínu sem grunnstoð rekstrarins.

En það er ekki nóg að hafa mikið af hæfu fólki, heldur þurfa einstaklingarnir að vera þátttakendur í hugmyndafræðinni og upplifa sig sem hluta af heild eða teymi sem er reidubúið að ganga lengra í að ná markmiðum sínum. Starfsmenn þurfa að finna að þeir geti verið virkir og skapað þann árangur sem ætlast er til af þeim og á sama tíma að upplifa vellíðan á vinnustað og brennandi áhuga á að leysa verkefni dagsins. Þarna skilur á milli þeirra rekstrareininga sem ná raunverulegum árangri og hinna sem sitja eftir.

Rannsóknir Towers & Watson, sem er eitt stærsta ráðgjafarfyrirtæki í heimi, hafa sýnt að það getur munað allt að þriðjungur á framlegð þeirra sem hugsa vel um mannaútsinn og mórall á vinnustað. Það er því eftir miklu að sækjast og sannarlega eitthvað sem allir stjórnendur þurfa að vera vökulir yfir.

Það eru vissulega nokkrar leiðir að þessu takmarki og vafalítið er þörf á því að

greina ábyrgð í verkum og verkferlum.

Þetta hljómar mjög vel á pappír en er öllu erfiðara í reynd og stjórnendur og starfsfólk eiga fullt í fangi með að uppfylla jafnvel bara eitt þessara atriða sem nefnd er hér að ofan. Það er þó ljóst að þar sem tekst vel upp og samskipti eru jákvæð og uppbyggileg auk þess sem verkefni eru hæfilega krefjandi, starfsfólkið hefur trú á þeim,

Starfsmenn þurfa að finna að þeir geti verið virkir og skapað þann árangur sem ætlast er til af þeim og á sama tíma að upplifa vellíðan á vinnustað og brennandi áhuga á að leysa verkefni dagsins.

staldra við og hugsa á leiðinni hvort rétt sé haldið á spilunum, en það má segja að nokkur atriði séu mikilvægari en önnur samkvæmt þeim gögnum sem liggja til grundvallar. Þar má nefna hluti eins og að hafa skýr markmið og stefnu, setja viðskiptavininn í öndvegi, vera reidubúinn að mæta breytingum hratt og örugglega, deila upplýsingum og vera opinskár gagnvart starfsfólki, hampa hæfileikum starfsmanna, sýna jákvæðni og hrósa reglubundið starfsfólki þínu og hvetja það til dáða, hugsa vel um heilsu þess og síðast en ekki síst að skil-

stjórnendum sínum og samstarfsfólki aukast líkurnar til muna að árangri.

Það þurfa allir að róa í sömu áttina ef menn vilja komast leiðar sinnar og í síbreytilegu umhverfi getur verið þrautin þyngri að ná að halda einbeitingunni við þau markmið sem stefnt er að. Góður mórall er því nauðsynlegur og hann byggist á mörgum þáttum, en líklega er sá stærsti að hver einstaklingur skiptir máli og að hann fái notið sín til fulls innan þess ramma sem skilgreindur er í þeirri rekstrareiningu sem hann tilheyrir. Það er mikil áskorun!

# Setjum markið hátt



**Þróunarsamvinna**  
Bjarni Benediktsson  
alþingismaður

Þróunaraðstoð hefur óneitanlega sérstöðu meðal þeirra málaflökka sem Alþingi fjallar um. Kemur þar margt til. Þau verkefni sem sinnt er hverju sinni eru í fjarlægum löndum, á svæðum þar sem mannlífið og þjóðfélagsgerðin er mjög frábrugðin því sem við eigum að venjast. Þá er það mikið álitamál með hvaða hætti við eigum að skipta framlögum milli verkefna sem við höfum beina aðkomu að og þeirra sem rekin eru í samstarfi margra þjóða, eins og t.d. undir regnhlíf Sameinuðu þjóðanna. Það er sérstakt fræðasvið hvernig best megi tryggja að fjármunir til þróunaraðstoðar skili tilætluðum árangri.

Í samfélagi þjóðanna teljumst við til þeirra ríkja sem búa við hvað best lífskjör og þótt tímaþundandi ári verr hér heima fyrir megur við ekki missa sjónar á mikilvægi þess að taka þátt í þróunaraðstoð. Árið 2006 fékk ég tækifæri til að fara með hópi þingmanna frá Norðurlöndunum til Níkaragva að fylgjast með starfi SP í fátækustu héraðum landsins. Ógleymanlegt var að heimsækja mæðraverndarstöð sem rekin var í samstarfi við heimamenn og sjá þakklæti mæðranna sem komu með börn sín í heilbrigðiseftirlit og þáðu matargjafir. Eins var mikilvægt að fá að sjá hversu miklu máli utanaðkomandi aðstoð skipti, þar

sem fellibylur hafði nýlega lagt í rúst heimili og skóla en uppbygging var að hefjast með skipulögðum hætti.

Alþingi hefur verið heldur þröngur stakur sniðinn til að setja sig vel inn í þau fjölmörgu álitamál sem upp koma á þessu málasviði en með því að stefnt hefur verið að auknum framlögum til þróunarmála á komandi árum er enn mikilvægara en fyrr að á því verði breytingar.

Það er brýnt að ríki, sem veita beina aðstoð, hafi eftirlit með

Varanlegar umbætur á umhverfi fólks er það sem stefna ber að eftir fremsta megni. Þótt sumum þyki markið sett nokkuð hátt, verður það samt sem áður að vera markmið okkar til langs tíma að koma heiminum í lag.

því að hún skili raunverulegum árangri. Þau eiga jafnframt að þrýsta á nauðsynlegar lýðræðisumbætur á hverjum stað, en ein-skorða ekki framlag sitt við matargjafir eða heilbrigðisþjónustu. Varanlegar umbætur á umhverfi fólks er það sem stefna ber að eftir fremsta megni. Þótt sumum þyki markið sett nokkuð hátt, verður það samt sem áður að vera markmið okkar til langs tíma að koma heiminum í lag.

# Stefnumót mitt við LÍN

**Menntamál**  
Dóra Björt Guðjónsdóttir  
nemi við Háskólann í Ósló



Fyrir þremur árum hóf ég nám við Óslóarháskóla. Í gegnum námið hef ég kynnst verklagi LÍN við veitingu námslána. Margar úthlutunarreglur LÍN eru alls ekki nægilega vel útfærðar og vil ég nefna tvö dæmi því til stuðnings.

Fyrsta dæmið er eftirfarandi. Fyrir einu og hálfu ári hentaði það mér best að taka 67% nám á vormisseri og bæta það upp misserið eftir og taka þá 133% nám. Ég athugaði úthlutunarreglurnar og þar stóð að hægt væri að flytja einingar á milli missera til þess að fá fullt námslán bæði misserin, enda réttlátt þar sem ég tók hvort eð er fullt nám til samans allt þetta ár.

En þetta gekk ekki eftir. LÍN tjáði mér að einungis væri hægt að flytja einingar milli missera ef: a) ég tæki 40 einingar fyrst og 20 einingar misserið eftir, eða b) ég tæki fyrst 20 einingar og svo 40 einingar innan sama skólaárs. Svo þetta þýðir að þar sem ég tók fyrst 20 einingar og svo 40 einingar á milli skólaára, þó þetta hafi verið á sama almanaksári og bæði misserin hluti af sama námi, þá var þessi tilfærsla ekki möguleg og mér var einfaldlega tjáð það að ég fengi bara 2/3 af námsláninu sem ég hélt að ég myndi fá.

Þá spurði ég hvort ég fengi eitthvað aukalega misserið á eftir þar sem ég ætlaði hvort eð er að taka 40 einingar, meira en 100% nám, til þess að klára ekki námið mitt á eftir áætlun. Svarið var nei, ég fengi ekkert aukalega. Ég spyr hvernig þetta megi vera, það verði mér ómögulegt að vinna með 133% námi og þó nauðsynlegt þar sem ég myndi ekki fá fullt námslán misserið

áður út af þessum reglum. Svarið er samt nei. Þetta var sum sé ekki hægt af því að ég, fyrir tilviljun, vildi færa einingar á milli skólaára, sem er í raun skilgreining sem ekki er notuð á háskólastigi. Þar er oftast talað um misseri, og sumir hefja námið ekki í byrjun skólaárs, heldur á vormisseri. Ef aðstæður hefðu verið nákvæmlega eins en bara misseri fyrr, þá hefði þetta verið hægt. Eftir mínum skilningi er þessi regla á engum eða í það minnsta lélegum rökum reist og tilviljunarkennd.

Nú kemur seinna dæmið. Núverandi misseri, haustmisseri 2012, vildi ég taka 20 einingar og vinna dálítið með skólanum. Ég ætlaði að taka aukalega tvö fög til þess að undirbúa mig enn betur undir meistaranámið sem ég mun hefja eftir ár. Ég vissi það af fyrri reynslu að ég myndi bara fá 2/3 af fullum námsláninu og sætti mig við það. Ég hringi svo í LÍN til þess að athuga hversu há laun ég megi hafa áður en námslánin mín verða skert og fæ þau svör að ég megi vinna fyrir 750.000 krónum á ári án þess að námslánin skerðist. Ég spyr hvort þessi upphæð sé ekki hærrí fyrir mig þar sem ég er í námi í Noregi, hér er mun dýrara að búa en á Íslandi og því laun mun hærrí. Svarið er nei. Ég spyr hvort það sé þá rétt að í praksis megi stúdentar á Íslandi vinna um tvöfalt meira heldur en ég sem er námsmaður í Noregi þó ég þurfi fyrir það fyrsta að taka tvöföld námslán á við námsmenn á Íslandi og þó ég þurfi reglulega að kaupa dýra flugmiða til þess eins að geta heim-sótt fjölskyldu mína. Svarið var að svo væri.

Ég krefst þess að þetta reglukerfi sé tekið til athugunar og því sé breytt. Ég vil reglukerfi sem byggir á reynslu og raunsæi. Ég vil finna það að samfélagið kunni að meta stúdentana og skilji að það er menntun sem hjálpar samfélaginu að þróast enn frekar.

Konfúsíusarstofnunin norðurljós sýnir kvikmyndina

# Vor í smábæ

*Þegar fortíðin kallar er erfitt að líta undan*

## Sýnd í Odda 101

### Í dag kl. 17:00

Stofnunin mun sýna úrval kínverskra kvikmynda vikulega á þriðjudögum kl. 17 í tenglsum við námskeið í kínverskri kvikmyndalist

**Dagskrá er fánleg á Facebook síðu okkar**

Allir velkomnir og aðgangur er ókeypis

**KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORDURLJÓS**

Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS  
konfusius@hi.is



# Vilji til breytinga

## Vísindi

### Guðrún Nordal

formaður  
vísindanefndar og  
stjórnarformaður  
Rannsóknasjóðs



Á síðasta vori lögðu starfsnefndir Vísinda- og tækniráðs fram viðamiklar tillögur um breytingar á vísinda- og nýsköpunarkerfinu, sem byggðar voru á ítarlegri skýrslu um kerfið allt (sjá [www.vt.is](http://www.vt.is)). Í skýrslunni var í fyrsta sinn dregin upp mynd af öllum hlíðum vísinda- og nýsköpunarkerfisins og þeirri fjölbreyttu löggjöf sem það byggir á.

Fjárveitingar til stofnana, háskóla og sjóða hafa rýrnað um 5 milljarða frá 2008, en skv. fjárlögum 2012 er 17 milljörðum nú varið til þessara aðila. Á sama tíma hefur atvinnulíf-ið veikt mjög. Við lífum auðvitað óvenjulega tíma og óumflýjanlegan niðurskurð, en þessi mikla blóðtaka hefur því miður ekki leitt til skipulagsbreytinga eða nýrrar hugsunar í kerfinu. Margs konar úttektir, innlendir jafnt sem erlendar – sjálfstæðar greiningar, sem og reglubundnar úttektir OECD – hafa ítrekað hversu brotkennt allt kerfið er og hversu fé er dreift víða. Svo mjög að fjárveitingar til háskóla eru komnar langt niður fyrir viðmiðunarmörk OECD.

Það þarf því að huga vel að því hvernig byggt verður upp á nýjan leik, og þörf er á yfirvegaðri og opinni umræðu hvernig við teljum best að skipuleggja vísinda- og nýsköpunarstarf í landinu. Einnig er nauðsynlegt að efla skilning fjárfesta og opinberra aðila á að langtímarannsóknir og þróunarstarf í fyrirtækjum taka tíma, en uppskeran er ríkuleg ef vel er staðið að verki. Opinberar fjárveitingar til vísinda og nýsköpunar hafa verið í mjög föstum skorðum um árabíl:

84% opinberra fjárveitinga eru nú bundin í framlögum til stofnana og háskóla en aðeins 16% er veitt í samkeppni, og hafa þessi hlutföll lítið breyst á undanförunum árum. Er hlutfall samkeppnisfjár miklu lægra hér á landi en í nágrannalöndunum, og því hefur stundum reynst erfitt fyrir nýjar greinar og nýja aðila að koma undir sig fótunum.

Það hefur lengi verið stefna Vísinda- og tækniráðs að herra hlutfall opinberra framlaga til rannsóknna sé úthlutað í samkeppni en gert er nú. Fyrir hrun var sett fram áætlun til 2011 um stækkun opinberu samkeppnissjóðanna, en

fram að ganga munu fjárveitingar til Rannsóknasjóðs hækka um 70% á næsta ári. Rannsóknasjóður er mjög vel í stakk búinn til að takast á við þær áskoranir sem felast í því umtalsverða trausti sem í þessari hækkun felst. Stjórn sjóðsins, í góðu samstarfi við Rannís og í sátt við vísindasamfélagið, hefur gert róttækar breytingar á umsýslu sjóðsins á síðustu árum og eflt gagnsæi mjög. Íslenskt vísindasamfélag er fámennnt og því er návígi vísindamanna mikið. Umsóknir eru nú skrifaðar á ensku, og því er mögulegt að senda þær allar í mat erlendis. Auk þess tók vís-



Það þarf því að huga vel að því hvernig byggt verður upp á nýjan leik, og þörf er á yfirvegaðri og opinni umræðu hvernig við teljum best að skipuleggja vísinda- og nýsköpunarstarf í landinu.

vitaskuld varð frá henni að hverfa og hafa sjóðirnir minnkað á síðustu árum. Nú er svo komið að úthlutunarhlutfall úr Rannsóknasjóði nær varla 15 prósentum, svo að sjóðurinn getur á engan hátt stutt við gróskumikið vísindastarf í landinu.

Það er því gleðiefni að í hinu nýja fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 birtist sú stefna að treysta beri á samkeppni í ríkara mæli til að dreifa viðbótarfé og leggja þar með enn meiri áherslu á stóru samkeppnissjóðina, Rannsóknasjóð, Tæknipróunarsjóð og Markáætlun. Það er heilbrigðismerki að treyst sé á samkeppnissjóði til að úthluta til verðugustu rannsóknarverkefnanna eins og gert er í öllum nágrannalöndum okkar, og þar hafa samkeppnissjóðir reynst skilvirkt tæki til að dreifa rannsóknarfé innan opinbera kerfisins.

Ef fjárlagafrumvarpið nær

indanefnd Vísinda- og tækniráðs þá mikilvægu ákvörðun að í hverju fagraði skyldu sitja að jafnaði tveir erlendir fagradsmenn.

Ef stækkun sjóðanna verður að veruleika á næstu árum mun sveigjanleiki í vísindastarfi hér á landi aukast verulega og möguleikar ungs vísindafólks eflast, sem margt hefur orðið hart úti í niðurskurði síðustu ára. Sú fjárfesting mun ekki aðeins skila sér í nýrri þekkingu og verðmætusköpun í atvinnulífi – heldur ekki síður í mannvænlegra samfélagi.

Það er auðvitað mikið áhyggjuefni að skera þarf enn niður í háskólum og stofnunum á næsta ári, því að komið er að þölmörkum, en hins vegar ber að fagna því sem skynsamlega er gert. Og því ber að fagna nýrri hugsun og þeim skýra vilja til breytinga sem kemur fram í nýju fjárlagafrumvarpi.

## Nei við þjóðkirkjuákvæði?

### Ný stjórnarskrá

Hjalti Hugason  
prófessor



Nýlega hafa birst hér í Fréttablaðinu tveir pistlar sem hvetja fólk til að greiða atkvæði gegn þjóðkirkjuákvæði í nýrri stjórnarskrá í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. okt. nk. Báðir eru allrar athygli verðir. Þó verður að gera veigamiklar athugasemdir við röksemdafærslu beggja.

Í greininni „Vilt þú ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskrá?“ (15. sept.) staðhæfir Þorkell Helgason, sem sat í stjórnlagaráði, að með því að krossa við JÁ séu kjósendur „væntanlega að greiða því atkvæði að ákvæði um þjóðkirkju verði óbreytt frá því sem er í gildandi stjórnarskrá...“ Þetta fær ekki staðist. Upphaflega var ráðgert að þjóðkirkjuspurningin lyti einmitt að óbreyttu þjóðkirkjuákvæði. Síðar var fallið frá því og nú er aðeins spurt: „Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi?“ Þessi breyting sýnir að Þorkell oftúlkar merkingu jákvæðra svara.

Þessi breyting varð svo einmitt til þess að ég treysti mér til að greiða atkvæði með já-i. Ég tel að enn um hríð séu gildar forsendur fyrir að þjóðkirkja sé nefnd í stjórnarskránni en tel að það eigi ekki að gera með 19. aldar hætti eins og nú er heldur í anda 21. aldarinnar. Það verður best gert með að tryggja öllum skráðum trú- og lífsskoðunarfélögum sambærilega stöðu í stjórnarskránni og kveða í framhaldi af því á um

takmarkaða sérstöðu þjóðkirkjunnar gagnvart hinu opinbera meðan hún nýtur sérstöðu meðal þjóðarinnar eins og vissulega er enn raunin.

Viku áður (7. sept.) birtist brot úr blogg færslu Friðriks Þórs Guðmundssonar „Nei við þjóðkirkjuákvæði“. Sé færslan lesin í heild er hún málefnalegt innlegg í umræðu um trúmálarétt á 21. öld sem vel er hægt að taka undir í meginatriðum þótt atkvæði yrði greitt með já-i. Kaflanum sem birtur var í Fréttablaðinu lýkur hins vegar svo: „Það er ekki hlutverk ríkisins að lýsa því yfir að eitt trúfélag, ein trúarskoðun, sé

lúterskur í einhverri merkingu og tilheyrði kirkjunni. Því var hún þjóðkirkja, kirkja þjóðarinnar. Í ákvæðinu fólst aftur á móti ekki að ríkisvaldið skyldi styðja og vernda þessa kirkju vegna þess að hún boðaði réttari trú en aðrar kirkjur. Ríkisvaldið hafði vissulega lítið svo á fyrir daga trúfrelsisins en ekki eftir að því var komið á. Umrædd grein skyldar þjóðkirkjuna svo til að vera áfram lútersk kirkja og þannig til þess hæf að mynda ramma um trúarlíf mikils meirihluta þjóðar sem býr að 500 ára gamalli lúterskri hefð. Því er þjóðkirkjuákvæði réttlæt-anlegt svo lengi sem meirihluti




Í þjóðkirkjuákvæðinu felst því enginn gildisdómur af hendi ríkisvaldsins um að lútersk kristni sé réttari eða betri en önnur trú.

betri og réttari en önnur“. Væri þetta merking nógildandi 62. gr. stjkskr. mundi ég greiða atkvæði með nei-i eins og Þorkell og Friðrik. En nú er þetta sannarlega ekki rétt túlkun sé greinin skoðuð í lögfræðilegu og sögulegu ljósi.

Í 62. gr. felast bæði réttindi og skyldur þjóðkirkjunnar til handa. Greinin kveður á um að evangelíska lúterska kirkjan skuli njóta stuðnings og verndar ríkisvaldsins „að því leyti“ sem hún er þjóðkirkja. Það var hún svo sannarlega 1874. Fram til þess tíma hafði þjóðinni borið skylda til að vera lútersk. Með stjórnarskránni var hins vegar innleitt trúfrelsi. Allur þorri þjóðarinnar var þó áfram

þjóðarinnar kys sér slíkan ramma – hvert og eitt okkar á sínum forendum.

Í þjóðkirkjuákvæðinu felst því enginn gildisdómur af hendi ríkisvaldsins um að lútersk kristni sé réttari eða betri en önnur trú. Þrátt fyrir ákvæðið er ríkisvaldið trúarlega hlutlaust eins og kemur fram í 63.–65. gr. stjkskr. Það er m.a. þess vegna sem ég treysti mér til að greiða atkvæði með já-i þann 20. okt. Það hvet ég líka aðra til að gera. Ekki til að kjósa óbreytt ástand heldur til að þróa íslenskan trú- og lífsskoðunarrétt áfram inn í 21. öldina en á þeim grundvelli sem byggt hefur verið á frá 1874.



**BÓKAÐU  
HÓTEL OG BÍL**  
200.000 hótél í 165  
löndum / 800.000 bílar  
í 125 löndum

# Beint til Berlínar!

Berlín frá:

## 15.900 kr.\*

\*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.

\*\*\*\* Hollywood Media Hotel, verð frá:

## 9.500 kr.

Hótél á Kurfürstendamm,  
einstakt hótél og frábær  
staðsetning.

Nóttin á mann, m.v. 2 í herbergi.

## LONDON, KÖBEN OG ÞAÐAN HVERT SEM ER!

Við aðstoðum þig við að bóka framhaldsflug hvert sem er í Evrópu frá London og Köben.

Verð frá:

## 15.700 kr.\*

Pantaðu flug til London og Köben á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is) og hafðu samband í síma 5 500 600, við finnum framhaldsflugíð þitt og komum þér alla leið á lægra verði!

\*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

**Iceland Express**   
-lækkar verð




# SPENNANDI RAFBÆKUR Á EYMUNDSSON.IS

## 260.000 RAFBÆKUR Í BOÐI

Hin gríðarvinsæla bókaröð  
Game of Thrones á ensku í rafbók.

Skannaðu merkið og kauptu bókina núna.

Verð  
**789**  
krónur




MURAKAMI – 1Q84: BÁÐAR BÆKURNAR

HUNGERGAMES III

FRAMHALD AF FIFTY SHADES OF GREY



Verð miðast við dagsgengi GBP og geta breyst án fyrirvara.



**5%** vildarafsláttur líka á vefnum.  
Skráðu þig í **Innskráning** til  
að gera afsláttinn virkan.

**Eymundsson**  
Bóksali frá 1872



# Bless Ísland?

## Umhverfisvernd

Helga Brekkan

kvikmyndagerðarkona



Á forsíðu Helgarblaðs Fréttablaðsins þann 8. september var þessi fyrirsögn: „Ræsa álver í Helguvík 2015“. Í textanum er vitnað í Michael Bless, forstjóra Century Aluminum, móðurfélags Norðurlás:

„Segir hann að samningar um orku fyrir álver í Helguvík séu á lokametrunum.“

Undirbúningi fyrir mengandi stóriðju í náttúru Reykjanesskaga er í forsíðufrétt lýst sem kapphlaupi.

Fréttablaðið birtir jú oft hressilegar fyrirsagnir af ál- og virkjanakapphlaupi karla sem keppast við að rústa náttúru landsins. Blaðið birtir og áhorfendatölur túristanna. Sex hundruð þúsund erlendir ferðamenn sem koma til þess að njóta óspilltrar náttúru. (Best að moka inn túristunum hratt áður en stríðið gegn landinu fer að fæla þá frá.)

Í viðtalinu talar álverjinn Bless líka íþróttatungumál. Hann segir: „Það er orðtak úr bandaríska fót-

boltanum sem segir að erfitt sé að komast að tveggja jarda línunni, en það hafist.

Síðustu tveir jardarnir séu erfðastir. Við erum á síðustu tveim jörðunum með að vinna úr smáatriðum, en höfum náð saman um aðalatriðin.“

Halló, herra Bless, jarda hvað? Ég skil ekki amerískt íþróttamál en skynja alvöruna.

Að hér er verið að dæma náttúruperlur Reykjanesskaga úr leik.

Ekki er langt síðan okkur voru sagðar fréttir um að sum náttúrudjásn Íslands væru ekki lengur á dauðalista heldur hafi færst yfir á „bið“.

Er íslensk náttúra öll á dauðalista en bara mismunandi mikið í bið? Landeigendur sitja með öndina í hálsinum vegna hugsanlegs eignarnáms jarða þeirra. Af því að hugmyndasnaugar frekjur þora ekki að hugsa lengra en inn í álver. Eru þjóðir dæmdar til að endurtaka mistök ef þær kjósa að læra ekkert af þeim fyrri? Kýs meirihluti þjóðarinnar nú að gleyma Kárahnjúkavirkjun og forsögu hennar?

Að gleyma lágu og leynilegu raforkuverði? Að gleyma að svokallaður umhverfisráðherra veitti undanþágu fyrir náttúruspjöllunum? Að gleyma fórnun fossa og

ósnortinna svæða sem fáir höfðu séð? Nema í merkmum bókum Guðmundar Páls Ólafsson og sjónvarpsþáttum Ómars Ragnarssonar.

Viljum við gleyma hverjir eiga fjölmiðlana sem segja okkur „fréttirnar“? Gleyma því að fyrirverandi Herra allt mögulegt og nú ritstjóri tók þátt í þessum náttúruspjölum? Gleyma fyrirverandi iðnaðarráðherra og framsóknarformanni á kaupum í Höfn? Kjósa menn að gleyma og kjósa því aftur sama fólki? Mennina sem seldu land fyrir slíkk og sökktu Þingvöllum og Þórsmörkum komandi kynslóða fyrir völd og vel (inn) múruð ævi-kvöld?

Í skóla lærðum við um jarðabókarskrif og handritasöfnun Árna Magnússonar.

Okkur var kennt að hann hefði unnið mikilvægt björgunarstarf með því að kaupa handrit af Íslendingum sem þeir skemmdu sjálfir eða létu rotna í rúmbotnum.

Við lærðum líka að Jónas Hallgrímsson fann fegurð í fjöllum og orðum og fléttaði sögu lands og þjóðar inn í framtíðina. Kannski lærði einhver líka að á náttúrugripasafninu í Kaupmannahöfn vitna steinar hans um jarðfræðimál Íslands.

Hinn nýláttni rithöfundur, nátt-

úrfræðingur, ljósmyndari og listamaður Guðmundur Páll Ólafsson kenndi okkur margt um landið sem við lærðum ekki í skóla. Barnabækur hans um fugla hafs og lands og öll stórverk hans um náttúru Íslands bera þekkingu, ást og umhyggju hans fyrir landinu vitni. Árni, Jónas og Guðmundur Páll Ólafsson eru nokkrir af merkmum Íslendingum sem skipta okkur máli. Sem hafa varðveitt og lyft fram því sem við eigum. Bent á fegurðina í menningu okkar og náttúru.

Nýlega heyrði ég á RÚV útvarpsþáttinn Liðast um landið. Þar tekur tvítug stúlka úr Reykjavík Svavar Jónatansson þáttargerðarmann upp í bíl sinn á leið í austur frá Kvískerjum.

Hún er fljót að segja að hún þekki ekki landið. Telur upp þessi nöfn: Þingvellir, Þingvatn, Skalla-grímsgarður, Arnarhóll.

„Ég veit ekki neitt um Ísland,“ segir Anna Lóa Bárðardóttir meðan hún dáist að Jökulsárlóni á Breiðamerkursandi.

Hún segist ekki hafa haft hugmynd um að það væri til. „Geðveikt flott,“ segir unga einstæða móðirin sem vinnur á bensinstöð í Reykjavík. Borgarbarn sem er að upplifa náttúrefegurð í fyrsta sinn.

Í næsta stoppi segir Svavar við Önnu Lóu gegnum sumarkvöldskyrriðina:

Segðu mér nú hvað þú sérð í kringum þig.

Það er vatn, og tún, og fjall, og kindur, og gul blóm, og sveitabær, og pínulítt foss eða á eða eitthvað... foss, jú já, það er það eina. Og þoka, eða smá ský, smáþoka. Og klettur í fjöllum og endalaus vegur.

Það var fallett að heyra Önnu Lóu tala um son sinn og lýsa því sem fyrir augu hennar bar á leiðinni.

Jafnvel þótt margir virðist fara á mis við náttúrufræðslu í skóla eða heima þá er aldrei of seint að læra um landið, fjöll þess og fuglanöfn.

En það getur orðið of seint að upplifa fegurðina ef hún er skemmd og farin. Okkur var falið að gæta náttúrunnar fyrir komandi kynslóðir. Segjum því bless við álver, Kínver og glórulausa græðgi.

Leggjum niður keppni í virkjunum og veitum ljóðrænu yfir akra hugans.

# Óvinur eða samherji?

## ESB-aðild

Þróstur Ólafsson

hagfræðingur



Það er ekki uppbyggilegt að fylgjast með málflutningi andstæðinga ESB hér. Þeir fara mikinn í heilagri krossferð gegn þessu evrópska skrimsli. Manni dettur stundum í hug yfirlýsingar talibana, þegar þeir ausa úr rétttrúnaðarskálum reiði sinnar gegn trúlausu vestrinu. Heftin er ekki ósvipuð og orðbragðið sömu ættar. Ógerlegt er að útskýra þann útblagða fjandskap sem birtist í málflutningi þessara vígamanna. Var það ekki Alþingi Íslendinga sem samþykkti að sækja um aðild að ESB? Það var ekki ESB sem sótti um aðild að lýðveldinu Íslandi. Icesave-deilan er ekki við ESB, heldur við tvö sjálfstæð ríki, sem eru aðilar að bandalaginu. Hún er líka við ESA, sem við rekum að hluta sjálf. Eina deilan sem ég veit til að við eigum í við ESB er makríldeilan. En við eigum líka í brýnu um sama flökkufisk við Norðmenn, sem sagðir eru óeingingjarnir vinir meðan hinir

eru vondu karlarnir. Öðru vísi mér áður brá, ef Norðmenn eru orðnir vinir okkar í fiskveiðimálum. Hafa menn gleymt Smugudeilunni eða deilunni um skiptingu NÍ-síldarinnar eða bolabragða þeirra á saltfiskmörkuðum? Mér skilst það styttest í að Grænlandingar verði nýir andskotar í deilu um þennan flökkufisk.

## Rangfærslur og heiftúð

Það er ofureðlilegt að skoðanir séu skiptar um ágæti ESB. Sem betur fer er einnig stór hópur fólks á móti inngöngu landsins. Slíkt er lýðræðislegt og veitir aðhald í víðræðunum og gæti örvað umræðu meðal þjóðarinnar. En til þess að svo geti orðið þarf að ræða mál-efnalega. Því miður ætla þeir ekki takast. Umsóknin leysti úr læðingi mikla reiði hjá annars dagfarsprúðu fólki. Útúrsmálingar, rangfærslur og fjandskapur einkenna um of skrif fjölmargra andstæðinga ESB. Heift, ótti og hatur eru afleitir en jafnframt hverfulir ráðgjafar. Kannski er ástæðan sú, að reiðir menn þurfa ekki að rökræða. Þeir fullyrða. Kannski þessi viðbrögð séu óskilgreindur ótti við framtíðina. Óbreytt ástand í ört breytandi heimi er bæði svikult og skammvinnt athvarf. Einn

hagstæðasti utanríkisráðgjafi sem við höfum gert er EES-samningurinn. Hann er við ESB. Ekki erum við þar beitt neinum rangindum eða þvingunum og tekur hann þó til u.þ.b. 80% af regluverki bandalagsins. Vissulega eru mörg atriði hins ókláraða samningshluta erfið, og sum svo, að þau geta skipt sköpum um afstöðu

vegga þingræðis, lýðræðis og mannréttinda einmitt hjá þessum gömlu nýlendþjóðum? Börðust ekki þessar þjóðir fyrir frelsi og afnámi pólitískra forréttinda? Þessar þjóðir sköpu eftirsóknarverð samfélög mannréttinda, jafnaðar og velmegunar, sem afgangur heimsins öfundast af. Þær hafa verið í forystu framfara og

veikburða til að standast ólgusjó frjálsra gjaldeyrisviðskipta. Hún stenst ekki minnstu stöðutöku. Frá hrúni hefur verið leitað að gjaldmiðli sem hentar í staðinn. Niðurstaðan er sú að aðeins evran endurspeglar best utanríkisviðskipti okkar og er þar af leiðandi hentugust. Þar að auki fengjum við fulltrúa í bankaráði, sem vissulega hefði engin úrslitaáhrif, en tæki þátt í ákvörðunum og hefði allar upplýsingar. Aðrir gjaldmiðlar hafa hvorugt af þessu og yrðu okkur óhagstæðari. VG, Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur berjast af heiftúð gegn aðild Íslands að ESB og þar með gegn upptöku evru. Málflutningur þeirra er ekki sannfærandi, því þeir benda ekki á neinn trúverðugan kost. Sjálfstæð króna er það ekki. Það er afar mikilvægt að menn fari að taka sönsum í þessu máli. Gjalddeyrishöftin skaða atvinnulífið. Fyrirtæki og einstaklingar flýja land, því nútímavíðskipti er ekki hægt að stunda undir gjalddeyrishöftum. Stærsti flokkur þjóðarinnar skuldar okkur hér svör. Það er ekki nóg að bólsótast út í höftin. Það þarf að benda á sannfærandi leið út úr þeim. Ekki flóttaleið til að forðast ESB, heldur leið sem hentar íslensku efnahagslífi best.



Það er að verða flestum ljóst að ef við höldum íslensku krónunni, leiðir það til gjaldeyrishafta til frambúðar.

okkar. Það vitum við hins vegar ekki fyrr en að samningum loknum. Af mörgu vitlausu sem sagt hefur verið um aðildarviðræðurnar er það þó hámark heimskunnar að ætla okkur að taka afstöðu til samnings sem ekki liggur fyrir.

## Evrópuþjóðirnar

Frá Bessastöðum er komin sú frumlega söguskýring að hryggjarstykkið í ESB sé gamlar nýlendþjóðir og til þeirra hefðum við ekkert að sækja. Það er nú svo. Eru þessar þjóðir svona óalandi og óferjandi? Stundur ekki

lýðfrelsis. Þetta eru þær þjóðir sem við höfum átt sögulega samfylgd með frá landnámi og bundist traustustum vina-, menningar- og viðskiptaböndum. Ísland er afsprengi evrópskrar menningar og samfélagsgerðar. Því er ekki öfugt farið.

## Hvert er ferðinni heitið?

Langmikilvægasta mál okkar á næstu misserum er gjaldmiðils-málin. Það er að verða flestum ljóst að ef við höldum íslensku krónunni, leiðir það til gjaldeyrishafta til frambúðar. Hún er alltof



Jeroen De Flander

# FRÁ STEFNU TIL ÁRANGURS

Stjórnendaviðburður ársins | 20.9.2012 | Hörpu

Á ráðstefnunni mun Jeroen De Flander kynna rannsóknir sínar og vinnu með þúsundum stjórnenda um allan heim um hvernig hægt sé að taka skrefið frá stefnumörkun til aðgerðaáætlunar, frá stefnu til árangurs.

Þetta er einstakur viðburður og kjörið tækifæri fyrir alla stjórnendur sem hafa áhuga á að bæta færni sína og getu til innleiðingar stefnumarkandi verkefna.

Birna Einarsdóttir bankastjóri Íslandsbanka og Gylfi Sigfússon forstjóri Eimskips segja frá sinni reynslu af innleiðingu stefnu.

Ný rannsókn verður kynnt þar sem íslenskir stjórnendur voru spurðir um innleiðingu stefnumótunar.



Birna Einarsdóttir



Gylfi Sigfússon



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## HÓFSEMI ER LYKILLINN

Hófsemi er lykilatriði þegar kemur að heilbrigðum lífsstíl og á jafnt við um mataræði og hreyfingu. Opþjálfun getur valdið skaða líkt og hreyfingarleysi og þarf að læra að hlusta á líkamann. Ef þú finnur til í hnám eða liðum eftir æfingar er best að hvíla og leyfa líkamanum að jafna sig að fullu.



**Bikini  
Tankini  
Sundbolir**

*Selena*

Bláu húsin v/Faxafen  
Sími 553 7355 • www.selena.is



Verð: 44.950 kr.

**Blóðrásarörvun fyrir fætur**

• Aukið blóðflæði • Minni bólga og þjúgur • Minni verkir

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

**GLÆSILEGUR**



*Misty* - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366  
Þú mætir - við mælum og aðstoðum  
www.misty.is  
Opið frá 10-18 virka daga.  
10-14 laugardaga  
Vertu vinur

Teg. DONNA - saumlaus A,B,C,D  
skálar á kr. 8.680,-



... þegar þú vilt þægindi

**Vatteraðir jakkar - 14.500 kr.**



Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjólubláu

Erum einnig með gott úrval af bómullarbolum og mikið úrval að vinnufatnaði kikið á praxis.is

Bonito ehf. • Praxis  
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.praxis.is • soo.dk  
Opið mán. - fös. kl. 11-18. Lokað Laug.



## NÆRING Á NETINU

**HEILSA** Key Habits er fyrirtæki sem sinnir heilsueflingu. Notast er við hugbúnað sem hefur verið notaður af fremsta íþróttafólki heims undanfarin ár.

Þungamiðjan í starfsemi Key Habits er hugmyndafræði og hugbúnaður sem hefur verið notaður við þjálfun fremsta íþróttafólks, og af fremstu íþróttaliðum heims með góðum árangri undanfarin ár. „Við kennum fólki undirstöðuatriðin þegar kemur að næringu og mataræði og gerum því kleift að ná markmiðum sínum á hverjum degi,“ segir Brynjar Karl Sigurðsson stofnandi.

Key Habits er fyrir alla þá sem vilja bæta heilsu sína. Öll námskeiðin eru á netinu og eru aðgengileg úr hvaða tölvu eða snjallsíma sem er. Heilsuþjálfarinn sendir öll kennslugögn og sýnir hvernig á að skrá næringu og æfingar á einungis örfáum mínútum daglega. „Við sendum fólki persónuleg myndbönd þar sem farið er yfir hvað má betur fara og hvernig fólk getur sem best náð markmiðum sínum.“

Brynjar Karl segir að hugmyndin með þjálfuninni sé fyrst og fremst að búa til venju og ábyrgðartilfinningu hjá fólki. „Fólk er með miklar fyrirfram gefnar hugmyndir um þjálfun og mataræði þegar það byrjar að nota Key Habits. Það er óþolinmótt og vill fá ráðleggingar áður en það er í raun byrjað. Til þess að búa til venju þarf löngun, þekkingu og færni. Fólk hefur yfirleitt mikla löngun og þekkingu en vantar færni til að nota þekkinguna.

Þegar færnin kemur þá áttar fólk sig sjálf á hvað skiptir máli. Við segjum fólki ekki hvað það á að gera til að byrja með. Fólk þarf þjálfun í að uppgötva hlutina sjálf. Aðferðafræðin snýst um að virkja fólk til að skilja núverandi lífsstílsvenjur sínar og finna leiðir til að bæta þær.“

Key Habits er byggt á sömu hugmyndafræði og Sideline Sports sem Brynjar Karl þróaði með Guðbrandi Þorkelssyni. Sideline Sports er sérhannaður hugbúnaður fyrir þjálfara til að skipuleggja æfingar og greina leiki. Lið í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu, í NBA-deildinni í körfuknattleik og NFL-deildinni í amerískum fótbolta eru á meðal viðskiptavina sem notað hafa hugbúnaðinn. „Við erum líka komnir inn í bandaríska skólakerfið þar sem við erum búnir að gera samning við nokkra skóla um að nýta sér hugmyndafræði Key Habits,“ segir Brynjar Karl. Við erum byrjaðir að ræða við forystumenn innan skólakerfisins hér á landi og verða nokkrir hópar nemenda í reynslukennslu á þessu ári, þar sem alltaf er verið að tala um ofþyngd barna en lítið talað um hvernig á að laga hlutina. Við erum ekki að reyna að slökkva eldinn heldur koma í veg fyrir að það kvikni í.“

■ lilja.bjork@365.is

**KEY HABITS**  
Brynjar Karl þróaði námskeið sem aðgengileg eru á netinu en þau eiga meðal annars að efla næringarvitund fólks.  
MYND/GVA

## VINSÆLT YTRA

„Við erum líka komnir inn í bandaríska skólakerfið þar sem við erum búnir að gera samning við nokkra skóla um að nýta sér hugmyndafræði Key Habits,“ segir Brynjar Karl.



**Stuðningsstöngin**

**LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ**

**Yfir 5000 notendur á Íslandi síðan 1999**

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir lújubjálfarar, sjúkrahjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gífsloft.

**Vilji**  
vilji.is  
...léttir þér lífið  
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.



**15% AFSLÁTTUR AF YFIRHÖFNUM**



**B/A/S/L/E/R Parisar**  
TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

**Alþjóðleg ferðaráðgjöf**

Ferðamálastólur Íslands er eini skólinn hér á landi sem býður upp á alþjóðlegt nám frá IATA/UFTAA, sem eru alþjóðleg samtök flugfélaga og ferðaskrifstofa, og útskrifar skólinn á hverju ári „ferðaráðgjafa“ til starfa á ferðaskrifstofum, flugfélögum og við aðra ferðapjónustu. [www.menntun.is](http://www.menntun.is)



Bildshöfða 18 | Sími 567 1466 | Opið frá kl. 8–22

# GAMAN Í VINNUNNI

**LYFJAFRÆÐINGUR Í 19 ÁR** Guðríður Kolka Zophoníasdóttir hefur unnið sem lyfjafraeðingur síðastliðin nítján ár. „Starf mitt hefur breyst gríðarlega mikið á þessum tíma, en það hefur alltaf verið jafn gefandi og skemmtilegt.“

Fyrir nítján árum fór starf lyfjafraeðinga að mestu leyti fram baka til í apótekum og samskipti við viðskiptavinum voru lítil. Guðríður Kolka vinnur hjá Lyfju á Smáratorgi og segir starfið gjörbreytt í dag. Erfiðara aðgengi að læknum geri það að verkum að meira sé leitað til lyfjafraeðinga af viðskiptavinum en áður. „Stór hluti starfsins fer í að afgreiða viðskiptavinum, veita ráðgjöf og svara fyrirspurnum. Allt frá spurningum um skammtastærðir, aukaverkanir og virkni lyfja yfir í persónulegri málefni. Við erum með herbergi þar sem fólk getur komið og rætt við sinn lyfjafraeðing ef þörf er á. Stundum eru þetta mjög viðkvæm og persónuleg mál, til dæmis foreldrar að kaupa fíkniefnabrot vegna gruns um að barnið þeirra sé í fíkniefnaneyslu. Þá ráðleggjum við þeim og bendum á ýmsar leiðir og staði þar sem hægt er að nálgast aðstoð.“

Annar stór þáttur í starfi lyfjafraeðings er að taka á móti lyfseðlum, gera lyfin klár og sjá til þess að upplýsingar og nöfn séu rétt á umbúðum. „Við pössum að allt stemmi; aldur sjúklings, nafn og svo framvegis, kvittum með upphafsstöfum okkar og síðan er lyfseðillinn lesinn saman aftur af lyfjatækni til að tryggja öryggi. Þessu fylgir mikil ábyrgð þar sem rangur skammtur eða rangar upplýsingar geta verið lífshættulegar þeim sem taka á lyfin.“



Spurð um neikvæða þætti starfsins segir Guðríður það helst þegar fólk sé dapurt eða reitt yfir því að þurfa að kaupa lyf. „Þegar fólk hefur ákveðið að kaupa eitthvað sem það langar í þá vekur það vellíðan. Hins vegar vilja fáir kaupa pensillín fyrir 5.000 krónur og oft finnum við fyrir vanlíðan fólks. Í flestum tilfellum er starfið hins vegar gefandi og fjölbreytilegt. Enda finnst mér jafn gaman að mæta í vinnuna í dag og fyrir nítján árum þegar ég byrjaði,“ segir Guðríður ánægð.

**MIKIL ÁBYRGÐ**  
Starfinu fylgir mikil ábyrgð þar sem rangur skammtur eða rangar upplýsingar geta verið lífshættulegar þeim sem taka lyfin.

MYND/GVA

■ [vidir@365.is](mailto:vidir@365.is)

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍPRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

## STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir.



## MATARLÖNGUN MINNKAR

**HP HEILSA KYNNIR** Einkapjálfarinn Guðbjörn Gunnarsson ráðleggur viðskiptavinum sínum að fá sér heilsudrykkinn Alpha Daily.

Alpha Daily-heilsudrykkurinn kemur jafnvægi á blóðsykurinn og matarlöngun minnkar,“ segir Guðbjörn Gunnarsson, einkapjálfi og markpjálfi.

Hann drekkur sjálfur Alpha Daily og mælir með drykknum fyrir viðskiptavinum sína. „Ég segi kunnunum mínum að drekka eitt glas af Alpha Daily fyrir hverja stóra máltíð dagsins, sem jafnan eru þrjár, og þá þurfa þeir ekki að borða jafnmikið. Líkaminn kallar á það sem er fyrir í líkamanum þannig að ef líkaminn er uppfullur af rusli og sykri þá kallar hann á meira rusl. Alpha Daily hjálpar til við að snúa þessu við, ef fólk fer að drekka hollustudrykkinn Alpha Daily fer líkaminn að kalla á meiri hollustu.“

Guðbjörn segir Alpha Daily einnig hafa góð áhrif á meltinguna. „Drykkurinn er góður í maga og stemmir hann af. Svo spornar eplaedikid í drykknum við andremmu en flestir sem eru yfir þrjú eru andfúlir og vita ekki af því. Það að koma sér í gótt form snýst um góðar venjur. Að venja sig á að drekka hollustudrykkinn Alpha Daily er liður í því.“

Alpha Daily fæst í Hagkaupi, Víði, Fjarðarkaupum, Kost, Melabúðinni, Heilsuhúsinu, Lifandi markaði, Garðheimum, Blóma-Vali, Þinni verslun, Seljabraut og í Iceland í Engihjalla. Drykkurinn er í glerflöskum sem má skila til HP Heilsu, Smiðjuvegi 38 í Kópavogi, og fá áfyllingu. Ef skilað er inn sex flöskum fæst áfylling á heildsöluverði.




### FASTUR Á NETINU?

Náum áttum efnir til morgunverðarfundar um tölvunotkun unglunga á Grand hóteli

**FAGFÓLK OG TÖLVUFÍKILL TAKA TIL MÁLS**  
Náum áttum, opinn samstarfshópur um fræðslu- og forvarnarmál efnir til morgunverðarfundar á Grand Hóteli á miðvikudag undir yfirskriftinni Fastur á netinu? – tölvunotkun unglunga  
Frummælendur á fundinum verða Guðlaug Júlíusdóttir, félagsráðgjafi á Barna- og unglingageðdeild Landspítala og Hafþór Birgisson, tómsunda- og félagsmálafræðingur. Auk þeirra fjallar ungur maður sem tókst á við tölvufíkn um viðfangsefnið. Fundurinn hefst klukkan 8.15 og stendur til 10. Skráning fer fram á [www.naumattum.is](http://www.naumattum.is)

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is)**, s. 512 5473  
**Sverrir Birgir Sverrisson, [sverrirbs@365.is](mailto:sverrirbs@365.is)**, s. 512 5432  
**Elsa Jensdóttir, [elsaj@365.is](mailto:elsaj@365.is)**, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**





## BÍLAR & FARATÆKI



Stofnað 1974

## Bilamarkaðurinn



CITROEN Berlingo sendibíll. Árgærd 2003, ekinn 77 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 499.000. Rnr.251486.



GMC Savana g1500 4x4 awd hjólastólabíll. Árgærd 2005, ekinn 120 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. skoðar öll skipti Verð 3.990.000. Rnr.221403.



LINCOLN Navigator I. Árgærd 2007, ekinn 91 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.970.000. Rnr.222044.

**Bilamarkaðurinn**  
Smíðjuvegi 46E, Kópavogi  
Sími: 567 1800



MMC Pajero. Árgærd 2005, ekinn 209 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.1110465.



SUBARU Legacy lux. Árgærd 2007, ekinn 72 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, topplúga, minni í sætum ofl. Verð 2.690.000. Rnr.110317.



MAZDA 3. Árgærd 2006, ekinn 94 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.490.000, TILBOÐ 1.190.000 Rnr.100201.

**ASKJA notaðir bílar**  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 590 2160  
www.notadir.is

## bifreidar.is



COMANCHE Montana. Árgærd 2001, vel með farinn. Verð 390. þús. Rnr.105331.

**bifreidar.is**  
Réttarháls 2, 110 Reykjavík  
Sími: 577 4777  
Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.  
http://www.bifreidar.is

## STÓRA BÍLASALAN



Nissan Patrol Elegance Árgærd 2006, ekinn 179þ.km, ssk, leður, lúga o.fl. Góður bíll sem er á staðnum! Verð aðeins 2.950.000kr. Raðnúmer 100393. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 5861414  
Myndeftirlit á plani  
http://www.stora.is



Sparneytnir, öruggir og áreiðanleigir fjörgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**  
Skeifan 17, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5100  
http://www.suzuki.is

## bilauppbod.is

**Parftu að kaupa eða selja bíl?**  
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**  
Sími: 522 4610  
www.bilauppbod.is



Viltu þú að...  
Börn eiga rétt á  
heilbrigðum og öruggum

## bíll.is



BMW X3 2.5si 2.5i. Árgærd 2007, ekinn aðeins 37 þ km leður dráttarbeysli sjálfskiptur Verð 4.780.000. Rnr.135265.



LAND ROVER Discovery 3 se g4. Árgærd 2006, ekinn 114 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.980.000. Rnr.220675.



BMW 3 318i s/d e46. Árgærd 2004, ekinn 63 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790.000. Rnr.146171.

**Bíll.is**  
Sími: 577 3777  
www.bill.is

## LITLA bílasalan



NISSAN Double cab 4wd. Árgærd 2007, ekinn 147 Þ.KM, dísel, 5 girar. Verð 1.890.000. Rnr.118791.

**Litla bílasalan**  
Eirhöfða 11, 110 Rvk.  
Sími: 587 7777  
www.litla.is

## Bílar til sölu



Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leiðir tilboða í búnað og ísetningu - sparið með MetanLán til allt að 48 mánaða. velras.is



Audi A6, sjálfskiptur 44, B turbo og bensín. Allt rafdrif. Árg. '01 des. Ek. 170 km. S. 616 2597

## Þjónusta



Toyota Hilux 33". Ek. 107þ. árg. '08. Skoðaður. Verð 4,5m. S. 661-1125.

## 0-250 þús.



**!!! YARIS TILBOÐ 250P**  
Toyota Yaris 1.0 99" 3dýra, beinsk ek 230þ ný skoðaður 13" verð 390þ TILBOÐ 250þ útlit slakt en gengur vel! upplis 777-3077

## 250-499 þús.



**YARIS 2002 TILBOÐ 470 ÞÚS**  
Toyota Yaris 1,0 2002 ek.170 þús, 3ja dýra, beinskíptur, ný skoðaður 13, splunkuný heilsársdekk, eyðir 5,1 l/100 km ásett verð 640 þús TILBOÐ 470 ÞÚS .841 8955

## Bílar óskast

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**  
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

**!!! VANTAR ÓDÝRAN BÍL**  
Fyrir allt að 200þ. staðgreitt, árgærd '98-'03. Má alveg þarfnast smá lagfæringa uppl. s. 777 3077.

## ÓSKA EFTIR SMÁBÍL 0-200þús !

Óska eftir smábíl helst ekki eldri en 99 má vera í hvaða ástandi sem er bílaður eða í lagi fyrir allt að 200 þús stgr! yaris eða micra eða sambærilegt, get gengið frá því strax! s.691 9374

## Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.



Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

## Reiðhjól



**RAFMAGNS REIÐHJÓL**  
Samgöngutæki framtíðarinnar.  
EL - BIKE.IS  
Bindir & stál ehf.  
Hvaleyjarbraut 39  
220 Hafnarf. S. 864 9265

## Hjólbarðar



Ný og notuð dekk í miklu úrval 13", 14", 15" 16", 17", 18", 19" og 20". VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir



Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98 Legacy '98, carisma'98. S. 896 8568.

## VW - Skoda - Varahlutir

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrís og uppgerðar. Bílabúíð, Kaplaurauni 11 220 hjf. S. 534 1045.

Óska e.að kaupa M. Benz frá árg.1980-2000 í varahluti. Uppl. s.866 0471

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Girksassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

## Viðgerðir

**AB - ÞÚST**  
Almennar þústviðgerðir og sérsmiði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

**AB Bremsur og viðgerðir**  
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**Bilfix**  
Bilaviðgerðir á betra verði. Bilfix Smíðjuvegi 10, rauð gata. S. 778 3911. www.bilfix.is



## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**  
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípuagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**  
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar


**HREINT OG FÍNT**  
Þrifum og djúphreinsum stílaganga f. húsfélög, fyrirtæki og einstaklinga. S. 772 0864.

Flutningsþríf. Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja



Tilboð þér að kostnaðarlausu!  
Pétur S. 699 3090  
tvok@internet.is



Vönduð vinnubrögð  
Róbert S. 866 9767

## Garðþjónusta Reykjavíkur

20% afsláttur af öllum haustverkum.

## TRÁKLIPPINGAR, HELLULAGNIR, ÞÓKULAGNIR OG FL. S. 774 5775.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og úti verkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinnu. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Regnbogalitir

**Málningarþjónusta**  
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is



sólpallaslípun | parketiagnir  
551 1309 / 690 5115  
golflist@golflist.is  
www.golflist.is

Viltu bæta svefninn? **Dáleiðsla.is**



**Húsviðhald**



Parketslípun, frá aðeins 2.500 kr fm. 20 ára reynsla og þjónusta. www.parketsliparinn.is S: 772 8100.

**Viðhald fasteigna.**

Getum bætt við okkur verkefnum. Allskyns viðhald en sérhæfum okkur í gluggaskiptum. Upplýsingar í síma: 869 4479

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Fóst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Nudd**

NUDD NUDD NUDD Slökunamudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

**Spádómar**



**908 1888**  
Spásími Daddýar alla daga (frá 13-23 næstu viku).  
250 kr. mín.

Spái í spil, ræð drauma, ekkert mínútu gjald. Tímant. s. 891 8727 Stella.


**Rafvirkjun**

**RAFVIKJUN S. 896 6025**  
Tilboð raflagnir, töfluskripti og dyrasimakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

**Önnur þjónusta**

**Blekhyllki.is**

Blekhyllki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhyllki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.



**KEYPT & SELT**

**Til sölu**



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893-3503.



Lay-Z-Spa uppblásnu heitu pottarnir eru komnir aftur Premium series línan var að koma og fæst á 125 þús. 900 lítra pottar með hitara og dælu. Auðveld uppsetningu og þægilegir í notkun. VDO Borgartún 36 S: 5889747 www.vdo.is

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**

Þvottavélar, ísskápar, frystiskápar, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568.

Til sölu nokkrir flottir kjólar, stuttir og síðir, 40-42, lítið sem ekkert notaðir og nokkrir silfurmunir. Uppl. í síma 663 5350.

**Óskast keypt**

**Kaup gull!**  
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð.  
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**  
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.  
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**  
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!  
www.kaupumgull.is  
Upplýsingar í síma 661 7000.

Lítið garðhús/kofar óskast keypt eða gefins gegn því að vera sótt. Í sem bestu ásigkomulagi. Á höfuðborgarsvæðinu. S: 896 2850 eða ingalisa10@ru.is

**Til bygginga**



**Kvistir**

Sérsmíðaðir kvistir á þök. Uppsetning tekur aðeins einn dag. Frábær fjárfesting. www.kvist.is adalsteinna@simnet.is S:846 5278.

**HEILSA**

**Heilsuvörur**

Árangur næst með Herbalife. Fritt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

**Fæðubótarefni**

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

**Þjónusta**



Glimir þú við þyngdar- eða átvanda! MFM Matarfíknarmiðstöðin Sími: 568 3868 www.matarfikk.is

**Nudd**

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímantantir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**

**Ökukennsla**

www.aksturinn.is - S. 694 9515

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

**HÚSNÆÐI**

**Atvinnuhúsnæði**

**51,6 m2 iðnaðarbil**

Nokkur bíl af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

**Geymsluhúsnæði**

www.buslodageymsla.is  
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Hjólhýsi - Húsbílar - Bátar - Fellihiysi - Tjaldvagnar**

Vetrargeymsla í upphituðu húsnæði á Suðurnesjum. Getum tekið stór tæki. Sími 898 7820

**Geymsluhúsnæðið**

Auðnum II, 190 Vogar. Tjaldvagnar, fellihiysi, bílar, bátar, mótorkjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**

**energia veitingarhús-Smáralind**  
óskar eftir starfsfólki í þjónustustörf í sal. Fullt starf unnið eftir 2-2-3 kerfi. Íslenska skilyrði og ekki yngri en 20 ára. Umsóknir sendist á [energia@energia.is](mailto:energia@energia.is)



**Dagvinna - föst laun & bónusar.**  
Við leitum að íslenskumælandi einstaklingi til úthringinga. Fjölbreytt verkefni. Vinnutími 10-16.  
Uppl. í síma 5464645. [simstodin@simstodin.is](mailto:simstodin@simstodin.is)

**Poszukujemy rzemieslnikow/osob z doswiadczeniem w pracy na budowie**  
S. 690-4499

**Við leitum að vönum og hressum pizzabakara.**  
Rótgróin rekstur. Lágmarksaldir er 18 ára. Áhugasamir sendið umsókn á [info@kringlukrain.is](mailto:info@kringlukrain.is) eða 893-2323



**Keiluhöllin Egishöll**  
Óskar eftir starfsfólki í ræstingar, reynsla æskileg.  
Tekið verður á móti umsóknum í Keiluhöllinni Egishöll í dag milli 16-19

**Húsasmiðameistari/húsasmiður**  
Verktakafyrirtæki óskar eftir samstarfi við húsasmiðameistara/húsasmið. Reynsla af lekaviðgerðum æskileg. Uppl. s. 661 9046.

**Píparar**  
Verktakafyrirtæki óskar eftir samstarfi við Pípalagnameistara/Pípara. Uppl. s. 661 9046.  
Óskum eftir manni vönum hellulögnum Sími.6980098 stjornugardar@stjornugardar.is

Starfsmaður óskast til áfyllingastarfa í verslunum fyrir heildverslun. Æskilegur aldur 20-35 ára. Bílpróf og góð enskukunnátta skilyrði. Uppl. í S: 691 7976

**Atvinna óskast**

Vanur háseti (kokkur) óskar eftir plássu á litlum beitingarvélabát. Enn skoða samt allt. Uppl. í s. 698 5243

**TILKYNNINGAR**

**Einkamál**

**Rauða Torgið**  
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri  
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920  
Konur, allt fritt í s. 555-4321  
Karlar auglýsa fritt, 535-9922  
**Heitar kynslögur**  
905-2002 • 535-9930  
**Símadómur • live spjall**  
908-6000 • 535-9999

**Rauveruleg tilbreyting**  
Rauða Torgið er miðstöð Íslendinga sem leita alvöru tilbreytingar. 100% trúnaður, skjót svör. Auglýstu fritt í s. 535-9923.

**Yndislegar stundir**

með flottri íslenskri konu. Já, góðar stundir. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8228.

**KK í kvenmannsfötum**

vill kynnast manni með sama áhugamáli. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8378.

**Samkynhn. KK,**

Nú er mikið nýrra auglýsinga frá samkynhn. KK sem leita kynf. ævintýra. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



**NÝTT OG ÖFLUGRA FRÍÐINDAKERFI**

SJÁLFVIRKUR AFSLÁTTUR FRÁ SAMSTARFSADILUM BEINT Í VASA ÁSKRIFENDA

**10/11**  
Fljótlegt og þægilegt

**10%**  
afsláttur

Virkjaðu kreditkortinu þitt og annarra fjölskyldumeðlima á MÍNAR SÍÐUR á [WWW.STOD2.IS](http://WWW.STOD2.IS). Ört vaxandi hópur samstarfsaðila.

10% afsláttur hjá 10-11 ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira.\*



\*Gildir af öllum vörum nema tóbaki, símkortum, Lottó eða 1x2.



Tilkynningar

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 17. september 2012, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. september 2012 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 17. september 2012, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olfugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppþót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útlagsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagskostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 18. september 2012

Tollstjóri  
Sýslumaðurinn í Kópavogi  
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði  
Sýslumaðurinn í Keflavík  
Sýslumaðurinn á Akranesi  
Sýslumaðurinn í Borgarnesi  
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi  
Sýslumaðurinn í Búðardal  
Sýslumaðurinn á Ísafirði  
Sýslumaðurinn í Bolungarvík  
Sýslumaðurinn á Patreksfirði  
Sýslumaðurinn á Hólmavík

Sýslumaðurinn á Siglufirði  
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki  
Sýslumaðurinn á Blönduósi  
Sýslumaðurinn á Akureyri  
Sýslumaðurinn á Húsvík  
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði  
Sýslumaðurinn á Eskifirði  
Sýslumaðurinn á Höfn  
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum  
Sýslumaðurinn á Selfossi  
Sýslumaðurinn í Vík  
Sýslumaðurinn á Hvalsvíli

Fasteignir



## Skútuvegur 1

104 Reykjavík

Nánari upplýsingar veitir  
**Heimir H. Eðvarðsson**  
sölufulltrúi  
sími: 893 1485  
heimir@miklaborg.is

**Óskar R. Harðarson**  
hdl. og löggiltur fasteignasali

Framúrskarandi 352 fm skrifstofuhúsnæði  
Innréttingar og öll aðstaða í sérflokki  
Allt endurnýjað 2007  
Næg bílastæði, góð aðkoma  
**Laust strax!**

Verð: **Tilboð óskast**

MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar  
- með þér alla leið -

**STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS**

FÉLAG FASTEIGNASALA **vísir**

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTEIGNIR.IS

Fundir / Mannfagnaður

## Efling-stéttarfélag Félagssfundur



Félagssfundur Eflingar-stéttarfélags verður haldinn fimmtudaginn 20. september 2012.

Fundurinn verður haldinn í salnum Gullteigi B á Grand Hótel Reykjavík og hefst kl. kl. 18.00.

1. Félagsmál  
Kosning tveggja aðalmanna og tveggja til vara í uppstillingarnefnd
2. Staða og horfur í efnahags- og kjaramálum
3. Önnur mál

Félagar mætum vel og stundvíslega.

Stjórn Eflingar-stéttarfélags

Fasteignir



**FJARFESTING**  
FASTEIGNASALA EHF  
Sími 562 4250



Óskar Þór Hilmarrson  
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

## Tjarnarstígur 28 - Seltjarnarnes - Parhús



### Opið hús í dag á milli 18 og 19

Mjög gott parhús á einni hæð með bílskúr og verönd á skjólgóðum stað sunnanmegin á Seltjarnarnesinu. Húsið sjálft er 146,5 fm. og bílskúrin er 33,9 fm. samtals er eignin því 180,4 fm. Verð 55 millj. Halldór sýnir húsið í dag, þriðjudag, á milli 18 og 19.





**58** EINAR MÁR GUÐMUNDSSON rithöfundur er 58 ára í dag „Veruleikinn er svo ótrúlegur að þegar skrifað er um hann verður það ósjálfrátt að skáldskap.“

✝  
Faðir okkar,  
**SIGTRYGGUR HELGASON**  
Hlyngerði 12, Reykjavík,  
lést föstudaginn 14. september. Jarðsett  
verður frá Bústaðakirkju fimmtudaginn  
27. september kl. 13.00.

**Þórhildur Sigtryggsdóttir**  
**Kristbjörg Hrund Sigtryggsdóttir**



✝  
Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**NÍELS FRÍÐBJARNARSON**  
sem lést á Heilbrigðisstofnuninni á Siglufirði  
7. september sl. verður jarðsunginn  
frá Siglufjarðarkirkju föstudaginn  
21. september kl. 14.00.

**Ólöf Margrét Ólafsdóttir**  
**Guðrún Þóranna Nielsdóttir**  
**Fríðbjörn Nielsson**  
afabörn og langafabörn.

**Jón Torfi Snæbjörnsson**  
**Sigurður Kjartan Harðarson**



✝  
Innilegar þakkar til allra þeirra sem sýndu  
okkur vináttu, hlýju og samúð við andlát  
elskulegs eiginmanns míns, föður,  
tengdafaður, afa og bróður,  
**ARNÓRS ÞÓRHALLSSONAR.**  
Sérstakar þakkar viljum við senda starfsfólki  
deildar 11E á Landspítalanum við  
Hringbraut fyrir hlýtt viðmót og einstaka  
umönnun.

**Ingibjörg Hrund Björnsdóttir**  
**Lilja Birna Arnórsdóttir**  
**Þórhallur Arnórsson**  
**Björn Lárus Arnórsson**  
**Birgir Már Arnórsson**  
barnabörn og systkin.

**Guðjón Karl Reynisson**  
**Sigríður Sunna Ebenesersdóttir**  
**Arnheiður Leifsdóttir**



✝  
Ástkær eiginmaður minn,  
faðir og tengdafaðir,  
**JÓN MAGNÚSSON**  
járnsmiður,  
Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ,  
sem lést þriðjudaginn 11. september  
verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju  
miðvikudaginn 19. september kl. 15.00.  
Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á líknarfélög.

**Guðrún Hjaltalín Jónsdóttir**  
**Ingibjörg H. Jónsdóttir**  
**Magnús Þór Jónsson**  
**Jón Gunnar Jónsson**

**Jóhann G. Ögmundsson**  
**Sigríður Erlingsdóttir**  
**Sigríður Ríkhardsdóttir**



✝  
Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi  
og langalangafi,  
**EGILL Á. KRISTBJÖRNSSON**  
Aflagrandi 40, Reykjavík,  
sem lést á Droplaugarstöðum laugardaginn  
8. september sl., verður jarðsunginn  
miðvikudaginn 19. september nk.  
kl. 13.00 frá Fossvogskirkju. Blóm og  
kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast  
hans er bent á líknarstofnanir.

**Auður Egilsdóttir**  
**Kristbjörg Egilsson**  
**Guðbjörg Egilsdóttir**  
**Logi Egilsson**  
og fjölskyldur.

**Einar Guðlaugsson**  
**Ólafur Guðbrandsson**  
**Steingrímur Þormóðsson**  
**Anna Guðmundsdóttir**



✝  
Ástkær móðir okkar,  
**ELÍSABET EINARSDÓTTIR**  
frá Kárastöðum í Þingvallasveit,  
er látin.

**Ása Jóhannesdóttir**  
**Ari Jóhannesson**  
**Einar Jóhannesson**



✝  
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og  
langamma,  
**SIGRÍÐUR Þ. BJARNAR**  
lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni  
sunnudaginn 16. september sl.

**Sigrún I. Sigurðardóttir**  
**Ingibjörg Sigurðardóttir**  
**Dóra Sigurðardóttir**  
**Egill Þór Sigurðsson**  
**Anna Laufey Sigurðardóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Skarphéðinn Þórisson**  
**Kristján Jóhannsson**  
**Birgir Þórarinsson**  
**Sigrún Edda Jónsdóttir**  
**Birgir Þórisson**



✝  
Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir  
og amma,  
**GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR**  
Magnússkógum III, Dalabyggð,  
andaðist laugardaginn 15. september.  
Jarðarförin auglýst síðar.

**Dagný Ósk Halldórsdóttir**  
**Anna Berglind Halldórsdóttir**  
**Kristín Halldórsdóttir**  
**Sigrún Margrét Halldórsdóttir**  
og ömmubörn.

**G. Reynir Georgsson**  
**Ólafur Bragi Halldórsson**  
**Árni Sigvaldason**  
**Almar Týr Haraldsson**



✝  
Ástkær systir okkar og mágkona,  
**ÁGÚSTA SVEINSDÓTTIR**  
frá Vestmannaeyjum,  
Kleppsvegi 32, Reykjavík,  
lést á Landspítalanum 13. september.  
Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk  
hinnar látnu.

**Berent Theodór Sveinsson**  
**Tryggvi Sveinsson**

**Laufey Guðbrandsdóttir**  
**Þóra Eiríksdóttir**



✝  
Elsku stjúpfaðir okkar, fóstari og afi,  
**ÓSKAR JÓHANNESSON**  
áður bóndi á Ási í Mýrdal,  
lést þriðjudaginn 11. september á Hrafnistu  
í Hafnarfirði. Jarðsungið verður frá  
Fossvogskirkju fimmtudaginn  
20. september kl. 13.00.

**Sigríður Andersdóttir**  
**Þróstur Andersson**  
**Agnar Kolbeinsson**  
stjúpðætur og barnabörn.



✝  
Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**MARTEINN HERBERT KRATSC**  
lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi  
föstudaginn 14. september. Útförin fer fram  
frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 21.  
september kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast  
hans er bent á minningarsjóð líknardeildar  
LSH, sími 543-1159.

**Sigríður Marteinsdóttir**  
**Walter M. Marteinson**  
**Gunnar Þór Marteinson**  
**Margrét Björg Marteinsdóttir**  
**Árný Marteinsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Guðjón Steinsson**  
**Ingibjörg Ú. Sigurðardóttir**  
**Guðrún I. Gunnarsdóttir**  
**Jóhann Rúnar Guðbjarnason**  
**Sæmundur Kristjánsson**



✝  
Ástkær móðursystir okkar og stjúpmodir,  
**KRISTÍN S. KRISTJÁNSDÓTTIR**  
frá Heynesi,  
Munkaþverárstræti 44, Akureyri,  
lést fimmtudaginn 13. september á  
Sjúkrahúsi Akureyrar.

**Óskar Línal, Þórður Gíslason, Sesselja Gísladóttir,**  
**Kristín Jónsdóttir, Rudolf Ágúst Jónsson,**  
**Hermann Jón Jónsson, Karl Friedrich Jónsson**  
og fjölskyldur.



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli  
og útfarir má senda á netfangið  
timamot@frettabladid.is.

## FAS: TUTTUGU OG FIMM ÁRA NÝR SÖNGUR

„Þetta var skemmtilegt og hæfilega hátíðlegt. Langar ræður voru til dæmis bannaðar,“ segir Halldór Tjörvi Einarsson, kennari við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu um afmælishátíðina sem þar var haldin um síðustu helgi vegna 25 ára afmælis skólans. Bæjarbúum var boðið upp á súpu og brauð í húsa-kynnum Nýheima sem höfðu verið skreytt af þessu tilefni. Zophonías Torfason, fyrsti skóla-meistari FAS, stýrði veislunni og nemendur léku tónlist. Einnig var frumfluttur nýr skóla-söngur, lag eftir Grétar og Karl Örvarssyni við texta eftir Karl Kristensen.



Fleiri viðburðir eru á döfnni í tilefni afmælisins. „Við fáum menntamálaráðherrann í heim-sókn 3. október og í byrjun nóvember verða árlegir vísindadagar sem að þessu sinni verða helgaðir þessum tímamótum,“ segir Halldór Tjörvi sem hefur verið kennari við skólann frá upphafi, ásamt Zophoníasi. Spurningu um hvort þeir verði ekki að segja sögur alla haustönnina svarar hann hlæjandi: „Við höfum auðvitað upplifað ýmislegt en það eru allir hættnir að hlusta á okkar frægðarsögur!“

FYRSTI SKÓLAMEISTARINN Zophonías Torfason stjórnaði afmælishátíðinni.  
MYND/SIGURÐUR MAR

✝  
Elskuleg móðir okkar,  
**MAIA SIGURÐARDÓTTIR**  
sálfræðingur  
er látin.

**Sigurður Andri Sigurðsson**  
**Marianna Garðarsdóttir**  
**Kristján Garðarsson**  
og fjölskyldur.

✝  
Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,  
**EVA ÚLFARSDÓTTIR LÍNDAL**  
Sléttuvegi 13, Reykjavík,  
sem lést á líknardeild Landspítala  
föstudaginn 7. september 2012 verður  
jarðsungin frá Dómkirkjunni miðvikudaginn  
19. september 2012 kl. 13.00.

**Þórhildur Línal**  
**Jón Úlfar Línal**  
**Björn Línal**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Eiríkur Tómasson**  
**Sólveig Eiríksdóttir**



✝  
Ástkæri faðir okkar, tengdafaðir,  
afi og langafi,  
**GUNNAR A. INGIMARSSON**  
andaðist föstudaginn 14. september.  
Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju  
föstudaginn 21. september kl. 13.00.  
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Kristján Gunnarsson**  
**Helgi Gunnarsson**  
**Ása Rakel Gunnarsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Margrét Irene Schwab**  
**Carsten Olesen**



✝  
Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur,  
tengdasonur, bróðir, mágur og frændi okkar,  
**STEINGRÍMUR KRISTINN**  
**SIGURÐSSON**  
Fossvöllum 23, Húsavík,  
lést fimmtudaginn 13. september.  
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**  
**María Þórdís Guðmundsdóttir**







# VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA



[www.postur.is](http://www.postur.is)



## krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. þróunarstig skordýrs, 6. gangþófi, 8. fljótfærni, 9. ódagot, 11. í röð, 12. nes, 14. bragðbætur, 16. skóli, 17. sigti, 18. hylli, 20. vörumerki, 21. yfirbragð.

## LÓÐRÉTT

1. steintegund, 3. rún, 4. Eden, 5. suss, 7. heppnast, 10. sjór, 13. háð, 15. þreyta, 16. blástur, 19. golf áhald.

## LAUSN

LÁRÉTT: 1. gífs, 2. úr, 3. parads, 4. parads, 5. úr, 6. parads, 7. lukkast, 8. gys, 9. gys, 10. mar, 11. mar, 12. skaga, 13. krydd, 14. ma, 15. ma, 16. ma, 17. stí, 18. stí, 19. stí, 20. stí, 21. stí.

## Upp úr kafinu

BAKPANKAR  
Brynhildar  
Björnsdóttur

Á ferðalagi í austanverðri Afríku, nánar tiltekið í Vilankulo í Mósambík, bauðst okkur vinkonunum að heimsækja eyjaklasann Bazaruto þar sem er eitt merkilegasta og fallegasta kóralrif heims. Boðið var upp á ferðir út í eyjuna og einnig boðið að snorka eða kafa niður á kóralrifid.

PEGAR KAFAD er þarf helst að kunna á súrefnistank og farið er djúpt niður í sjó eða vatn. Snork fer þannig fram að maður setur á sig gleraugu með pípu og munnstykki og svo lætur maður sig fljóta á maganum þannig að pípan stendur upp úr vatninu. Mér fannst hvort tveggja hljóma frekar hættulega en vinkona mín vildi endilega prófa að fara út í eyjuna og ég lét tilleiðast.

SIGLINGIN út í eyjuna var stutt, varla meira en hálf tími, og höfrungar sáu til þess að engum leiddist. Síðan var sest í sand og reynt að skýla sér fyrir steikjandi hitanum. Eftir smástund var svo aftur siglt út að rifinu og þeir sem höfðu hugsað sér að kafa eða snorka fengu þar til gerðar græjur. Ekki ég. Ég er lofthrædd, sjóveik og með innlokunarkennd og fannst það

erfið tilhugsun að fljóta hátt yfir hlýdýpi með takmarkaðan aðgang að súrefni. Auk þess fer saltvatn illa með hárið á mér.

LEIÐSÖGUMAÐURINN reyndi að telja mér hughvarf en ég stuggaði honum blíðlega frá mér, settist undir sólhlífina á dekkinu og horfði í kringum mig á það litla sem var að sjá; sandrif, sjó og sól. Veit ég þá ekki fyrr til en hnippt er í mig. Þegar ég lít niður er það vinkona mín með kafaragleraugun á sér, búin að taka pípu úr munnum og grimm á svip. Hún sagði í stuttu máli (hún talar mjög hratt og kemur miklu til skila á stuttum tíma): „Ef þú drullar þér ekki út í sjó NÚNA áttu aldrei eftir að fyrirgefa þér. Og ÉG á aldrei eftir að fyrirgefa þér heldur!“

Í STUTTU MÁLI var þetta það ævintýrlegaasta sem ég hef nokkurn tíma gert. Ég get eiginlega ekki lýst því sem ég sá og upplifði svífandi yfir kóralrifinu; læt nægja að segja að stundum fór ég að skellihlæja af tómri hamingju svo mér svelgdist á sjónum. Og var alveg skít-sama. Þegar ég kom upp úr kafinu var allt breytt, heimurinn, hafið og ekki síst... ég.

UM DAGINN fór sama vinkona mín að kafa í Silfrú. Henni finnst að ég eigi að skella mér.



## myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli



## Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



## Barnalán

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman

MEIRA ÚRVAL  
SKJÁKORT - MÓÐURBOÐPOWER  
EDITION  
BETRI GRAFÍK  
Í LEIKINA

msi

VINSÆLASTA  
LEIKJASKJÁKORTIÐ OKKAR

54.990

## MSI NVIDIA GeForce GTX 660 Ti

- Power Edition, þreföld orkustýring leyfir hámarksklukkun
- Ný hönnun tryggir betri yfirklukkun og meiri stöðugleika í hámarksnýtingu
- Nýjasta kynslóð NVIDIA grafikkjarna ásamt þriðju kynslóðar PCI Express
- 2GB GDDR5 innbyggt minni fyrir stóra eða marga skjái
- Twin Frozr IV, betri kæling og minni hávaði
- Styður 3D og allt að 4 skjái í einu
- Miklir tengimöguleikar með 2 x DVI, 1 x Display porti og 1 x HDMI



msi

MILITARY CLASS  
- HÁMARKSGÆÐI OG STÖÐUGLEIKI

32.990

## MSI Z77A-GD65

- Intel Z77 kubbasest með Ivy Bridge stuðningi
- Allt að 32GB DDR3 vinnsluminni
- Þriðju kynslóðar PCI Express 3.0, USB3, SATA og HDMI
- THX TruStudio PRO hljóðkort
- Styður 3 skjákort með allt að 4 kjörnum
- Stuðningur við 3TB og stærri harða diska

tl.is

DOMINATOR, VENGEANCE,  
XMS OG VALUESELECT  
VINNSLUMINNI FRÁ CORSAIRTÖLVU  
LISTINN



**Ódýrast!**

www.bensinverd.is  
sýnir þér hvar lítrinn  
er ódýrastur

# Ofurdagur



# 7 kr.

## afsláttur af lítranum í dag\*



**Ath!**

Öll Skeljungskort gilda líka á Orkustöðvunum.

Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði á **67 Orku- og Shellstöðvum** um allt land

Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, lækkar eldneytiskostnaðinn og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar.

Vinsamlegast athugið að Ofurdagsafsláttur bætist ekki við aðra afslætti.

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**



**ORKAN**

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGR!!

\*Þegar greitt er með lyklum og kortum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.

Símanúmer þjónustuvers: **578 8800**





**GILDIN Í LÍFINU** Gunnar Hersveinn heimspekingur efnir til umræðu út frá bók sinni Gæfuspor – gildin í lífinu á fyrsta heimspekikaffi haustsins í Gerðubergi annað kvöld klukkan átta.

# OF STÓR OG ÚTLENDUR FYRIR ÞJÓÐINA

Heimsborgari og þjóðskáld er heiti doktorsritgerðar sem Kristján Jóhann Jónsson, dósent á Mennta- vísindasviði HÍ, mun verja næst- komandi föstudag. Undirtitillinn er – Um þversagnakennt hlutverk Gríms Thomsen í íslenskrri menningu, enda segir Kristján að hið mótsagnakennda og stríða andrúmsloft í kringum þetta gamla skáld hafi fyrir löngu kveikt áhuga hans. „Í greinum sem skrifaðar eru um Grím Thomsen eru menn annað hvort fullir af hatri, hneykslun og reiði eða hefja hann til skýjanna sem snilling. Það er alltof mikill ágreiningur til að hann geti verið eðlilegur. Svo hefur ágreiningurinn farið í að snúast um formið á ljóðum hans, þar hefur víglínan legið,“ segir Kristján Jóhann sem hefur kafað dýpra.

„Grímur var vissulega stundum svolítið ókurteis við rímreglur og kveðskaparhefð. Það féll ekki vel að íslenskrri sjálfstæðisbaráttu og þeirri upphafningu sem við höfðum á þjóðerninu og rétt kveðnum ljóð- um samkvæmt íslenskrri hefð. Hann var alltaf aðeins of stór og útlendur fyrir þjóðina, eða að minnsta kosti hluta þjóðarinnar,“ segir Kristján Jóhann og veltir fyrir sér hvort þversagnirnar í því sem sagt var um hann stafi að sumu leyti af klofningi í hugmyndum okkar um okkur sjálf og umheiminn og hvort sjá megi í bókmenntafræðinni and- stæður sem séu mun víðtækari í íslenskrri orðræðu.



## MIKILL NÁMSMAÐUR

Grímur Thomsen ólst upp á Bessastöðum fram að sautján ára aldri. Þá fór hann til Kaupmannahafnar og settist á skólabeck, lærði fyrst lögfræði en sneri sér síðan að heimspeki, bókmenntum, fagurfræði og tungumálum. Hann lauk fyrstur Íslendinga meistaraþrófi í samtíðarbókmenntum. Prófrítgerð hans fjallaði um Byron lávarð og kom út 1845.

Grímur bjó um þrjátíu ár erlendis, starfaði meðal annars sem sendifulltrúi fyrir Danmörku í Bretlandi og Frakklandi en missti starfið við danska utanríkisráðu- neytið vegna pólitískra átaka. Kom heim og gerðist bóndi á Bessastöðum. Þá sneri hann sér fyrir alvöru að ljóðagerð og fyrstu ljóðmæli hans komu út 1880.

Kristján Jóhann nefnir að við höfum búið til það sem kalla mætti menningardýrning úr Jónasi Hallgrímssyni, sem reyndar eigi sínar hliðstæður meðal annarra vest- rænna þjóða. „Alls staðar voru skáld sem tóku rómantísku stefnu- na upp á sína arma þegar hún kom fram, ég er ekki að gera lítið úr því heldur frekar hinum pólitíska leik sem kom eftir á hér á landi þegar heimspekin og fagurfræðin í skáldskap Jónasar varð að póli- tískri þjóðernisstefnu,“ segir hann og telur Grím tvímælalaust full- trúa næsta skeiðs í rómantíkinni. „Grímur fylgdi frekar erlendri þróun en innlendri. Hann var fram- ar öllu öðru fulltrúi einstaklings-

hyggju sem óx með borgarastétt- inni í Evrópu og þjóðernisstefnan vék smám saman fyrir en íslensk menning var ekki ginnkeypt fyrir frjálslyndisstefnu. Okkur hentaði að halda í þjóðernishyggjuna alveg til 1944, sjálfstæðisbaráttunnar vegna, og kannski lengur.“


Að mati Kristjáns Jóhanns er áhugavert að sjá hvernig við Íslendingar höfum búið til hentuga mynd af sögu okkar og menningu. „Ég ræði það svolítið í ritgerð- inni hversu einkennilega sagan af Grími Thomsen hefur verið sögð. Þar hefur verið dregin upp mynd af manni sem er eitthvað allt annað en heimildirnar um hann segja til um.“



VERÐANDI DOKTOR „Grímur var vissulega stundum svolítið ókurteis við rímreglurnar,“ viðurkennir Kristján Jóhann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## Snúðu dæminu við



Við bjóðum góða þjónustu



# Fjörug fjársjóðsleit

Leikhús ★★★★★

## Gulleyjan

Höfundur: Robert Louis Stevenson. Leikgerð: Karl Ágúst Úlfsson og Sigurður Sigurjónsson. Tónlist: Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson. Helstu hlutverk: Björn Jörundur Friðbjörnsson, Álfrún Örnólfsdóttir og Sigurður Þór Óskarsson. Leikstjóri: Sigurður Sigurjónsson.



**GULLEYJAN** Markmið sýningarinnar er að skemmta áhorfendum og það tekst vel að mati gagnrýnanda.

## Borgarleikhúsið

Snemma í ár var frumsýndur á Akureyri nýr íslenskur söngleikur í samvinnu Leikfélags Reykjavíkur og Leikfélags Akureyrar, Gulleyjan eftir hinni frægu sögu Roberts Louis Stevenson. Sýningin gekk mánuðum saman fyrir norðan en hefur nú verið tekin upp í Borgarleikhúsinu með mikið til sama leikhópi.

Sýningin er svokölluð fjölskyldusýning, mikil skrautsýning, stúfúll af húmor og ærslum með fjörlegri tónlist og einfaldri sögu.

Leikaraliðið er fantapétt og er raunar vart rúm til að hrósa öllum sem það eiga skilið. Fremstur meðal jafningja var þó Björn Jörundur Friðbjörnsson í hlutverki Langa-Jóns, en bæði söngur hans og leikur var kraftmikill og sjarmerandi. Kjartan Guðjónsson var firnaskemmtilegur bæði sem Billy bein og ekki síður hinn hálfsturlaði Ben Gunn og Theodor Júlíusson vakti mikla kátínu sem hégómlegur og grunnhygginn Trellaný óðalsbóndi. Hinn nýtskrifaði Sigurður Þór Óskarsson var ekki þó sérlega ófundsverður af hlutverki pilsins Jim, sem er aðalpersóna bókarinnar. Piltur fölnar í samanburði við harðsvíraða sjó-

ræningjana og Sigurður náði illa að glæða hann lífi. Álfrúna Örnólfsdóttir farnaðist betur í viðskiptunum við hina ævintýragjörnu Betu sem laumast á sjóinn og var síkvik og með sterka sviðsnærveru.

Útlit sýningarinnar vísar sterkt í sjóræningjahefðina rétt eins og persónur og söguþráðurinn og finnst aðdáendum kvikmyndanna um Sjóræningjana á Karíbahafi eflaust kunnuglegt um að litast á sviðinu. Umgjörðin öll er greinilega unnin af alúð og smekkvísi.

Leikmyndin var glæsileg, en bar þess merki að vera hönnuð fyrir grunnra svið. Það sem virkilega glæddi hana lífi var samt hversu vel heima leikhópurinn var í henni, sérstaklega voru hreyfingar leikenda skemmtilegar þegar skútan var á siglingu, þá var sem allt

sviðið dansaði á öldutoppum þó ekkert hreyfðist nema áhöfnin. Sömu leiðis voru dansatriði og slagsmál feikiflott.

Leikgerð Karls Ágúst Úlfssonar og Sigurðar Sigurjónssonar er mjög skemmtileg – þó nær væri kannski að segja að sagan sé innblásin af Gulleyjunni frekar en að um leikgerð sé að ræða, svo frjállega er farið með söguþráðinn. En það er allt í lagi, Gulleyjan er hin erki-týpíska sjóræningjasaga og góða sjóræningjasögu fáum við – bara með smávægilegum breytingum á borð við nokkur kvenhlutverk! Þeir félagarnir eru orðfimir mjög og sniðugir og örugg leikstjórn Sigurðar tryggir að allir brandarar komast til skila. Söngtextar Karls eru stórfínir (þó oft hefði maður viljað heyra þá betur). Helst saknaði maður þess að persónusköpunin væri dýpri á köflum. Endir sýningarinnar var þó sérstaklega vel heppnaður þar sem samband hins fremur litlausa Jims við bæði Betu og Langa-Jón dýpkar.

Tónlist Þorvaldar Bjarna Þorvaldssonar hljómaði ágætlega en engir smellir voru í lagasafninu þrátt fyrir stórsveitarbrag. Við heimkomu reynist erfitt að raula tiltekna laglínur ef frá er talið lagið Uppreisn um borð sem var hið síðasta fyrir hlé.

Gulleyjunni er ekki ætlað að brjóta blað í leiklistarsögunni, ögra viðteknum gildum eða taka listræna áhættu, heldur er markmiðið er fyrst og fremst að skemmta áhorfendum og tekst það vel, þetta er geirnegld skemmtun. Hæ, hó og rommflaska með! **Arndís Þórarinsdóttir**

**Niðurstaða:** Skemmtileg fjölskyldusýning sem nær hér um bil öllum þeim markmiðum sem lagt er upp með.



## SEPTEMBERTILBOÐ

VNR. 4000123 & 4000124

### COMPACT SALERNISPAPPÍR

KJARNALOUS SALERNISPAPPÍR Í „COMPACT“ SKAMMTARA, HVÍTUR, TVEGGJA LAGA, 800 BLÖÐ Á RULLU

**24 stk. í pakka**

**TILBOÐSVERÐ**

**5.383 KR.**

Verð áður 7.177 kr.

Góð þjónusta fyrir fyrirtæki og stofnanir

Stórhöfða 42, Reykjavík  
Austursíðu 2, Akureyri

587 7788  
papco.is



FRÉTTIR
VIÐSKIPTI
SPORT
UMRÆÐAN
ÚTVARP
LÍFID
SJÓNVARP

## ÞÚSUNDIR MYNDBANDA



- oft á dag




## Sparnaður: Greiddu niður yfirdráttinn

Þegar þú semur við Íslandsbanka um að greiða niður yfirdráttinn lækkum við vextina. Þetta er einhver besti sparnaður sem völ er á. Þú færð hjálp við að skipuleggja niðurgreiðsluna og 2,75% lægri vexti með þrepalækkun Íslandsbanka.\*

### Svona virkar Greiddu niður yfirdráttinn

Þú gerir samkomulag í Netbankanum eða næsta útibúi um mánaðarlega lækkun yfirdráttarheimildar niður í 0 kr. á allt að þremur árum. Á móti lækka vextirnir sem auðvelda þér að koma reikningnum úr neikvæðri í jákvæða stöðu. Þá geturðu valið þér eina af sparnaðarleiðum Íslandsbanka og byrjað að fá greidda vexti í stað þess að greiða þá.

**Dæmi:** Ef þú greiðir 360.000 kr. yfirdrátt niður um 15 þúsund kr. á mánuði í 24 mánuði þá sparar þú 53.611 kr. í vaxtakostnað.\*



Þú færð nánari upplýsingar á [islandsbanki.is](http://islandsbanki.is) og hjá ráðgjafa í þínu útibúi.

\*Miðað við að yfirdráttarvextir lækki úr 12,55% (Gullvild) í 9,80% (þrepalækkun) skv. vaxtatöflu 1. september. Lægri vaxtaþrósentu skilar 10.313 kr. lækkun og lækkandi yfirdrátti 43.298 kr. – samtals 53.611 kr.



# Parkourað með sænskri listakonu alla vikuna

Sænska listakonan Elin Wikström býður fólki á öllum aldri að parkoura með sér á hverjum degi þessarar viku og taka þannig þátt í þátttökulistaverkinu Parkour. Það verk hófst árið 2010 í Gautaborg og hefur verið gert í nokkrum útfærslum síðan þá.

Upphaflega hét verkið Parkour 45+ og var hugsað sem hægari og einfaldari útgáfa af Parkour, fyrir fólk eldra en 45 ára. Nýja verkið ber heitið Parkour ++++ og er hugsað fyrir fólk á öllum aldri.

Æfingarnar munu fara fram á hverju kvöldi milli 17.45 og 19. Ferðin hefst og henni lýkur við aðal-

inngang Myndlistardeildar Listaháskóla Íslands að Laugarnesvegi 91 og er sérstaklega tekið fram á heimasíðu Listaháskólans [www.lhi.is](http://www.lhi.is) að ekki séu gerðar kröfur um að þátttakendur hafi reynslu af svipuðum æfingum. „Tilgangur verkefnisins er að þroska betri skilning fyrir heimspekilegum bakgrunni parkour og að upplifa líkamann á nýjan hátt í borgarlandslaginu.“

Þess má geta að Parkour ++++ er hluti af sýningarverkefninu Núníngi, sem hófst 14. apríl í Listasafni ASÍ, en í því er horft til listamanna sem vinna með samfélagslegar tengingar í verkum sínum, stað-

hætti eða hvers konar inngríp í opinbert rými.

Sýningarstjórar Núnings eru Einar Garibaldi Eiríksson, Kristinn E. Hrafnsson og Ólafur S. Gíslason.

Elin Wikström, sem er gestur myndlistardeildar Listaháskóla Íslands um þessar mundir, hefur gegnt mikilvægu hlutverki í þróun gjörningatengdrar myndlistar síðan á fyrri hluta níunda áratugarins.

Wikström fjallar um verk sín og vinnuáferðir í fyrirlestri klukkan hálféitt á föstudag í húsnæði myndlistardeildarinnar Laugarnesvegi 91.



**PARKOUR 45+** Fyrsti hluti parkour-verks Wikström var hugsaður fyrir 45 ára og eldri en listakonan býður Íslendingum á öllum aldri að taka þátt í verkinu Parkour++++.

**SPORT HD**

## MEISTARADEILDIN

### ÓMISSANDI FÓTBOLTAKVÖLD

**Í DAG KL. 18.30**

**SPORT HD**

**REAL MADRID - MAN. CITY**

**SPORT 2**

**MONTPELLIER - ARSENAL**

**SPORT 4**

**B. DORTMUND - AJAX**

**Á MORGUN KL. 18.30**

**SPORT HD**

**MAN. UTD. - GALATASARAY**

**SPORT 2**

**CHELSEA - JUVENTUS**

**SPORT 4**

**BARCELONA - SP. MOSKVA**

**CHAMPIONS LEAGUE**

**PORSTEINN J. OG GESTIR**  
UPPHITUN FYRIR LEIKINA HEFST KL. 18.00  
OG MEISTARAMÖRKIN STRAX AÐ LEIK LOKNUM

**FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 512 5100 Eða Á STOD2.IS**

**EVROPUDEILDIN**  
STÓRLEIKIR Á FIMMTUDAG

**SPORT HD KL. 16.55**  
**YOUNG BOYS - LIVERPOOL**

**SPORT 2 KL. 19.00**  
**TOTTENHAM - LAZIO**

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**BJÖRG ÞÓRHALLSDÓTTIR** Syngur í fyrsta sinn við undirleik Jónasar Ingimundarsonar.

## Maístjarnan og Smaladrengrinn

Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona flytur perlu íslenskra sönglaga í Salnum á morgun, miðvikudaginn 19. september klukkan 17.30. Jónas Ingimundarson situr við flygilinn og er þetta í fyrsta sinn sem þau Björg koma fram saman. Þau flytja meðal annars Brúðarskóna, Allar vildu meyjarnar eiga hann, Maístjörnuna og Vorvísu eftir Jakob Hallgrímsson, Í dag skein sól eftir Pál Ísólffsson, Smaladrengrinn eftir Jóhann Ó. Haraldsson auk fjölda annarra íslenskra sönglaga.

Þetta eru síðustu tónleikar haustsins í tónleikabrenninni Íslenskt – Já takk! þar sem blaðið er í safni íslenskra sönglaga. - gun



**GÓÐIR VINIR** Jackson Rathbone gerði mótleikkonu sína, Nikki Reed, að guðmóður sonar síns.

## Kærir vinir

Leikarinn Jackson Rathbone og kærasta hans, Sheila Hafsadi, eignuðust sitt fyrsta barn í júlí. Rathbone skipaði leikkonuna Nikki Reed guðmóður barnsins, en þau leika saman í Twilight-myndunum.

Sonurinn litli hlaut nafnið Monroe Jackson Rathbone VI og birti Rathbone mynd á Twitter-síðu sinni þar sem Reed sést með Monroe litla í fanginu og virðist leikkonan alsæl með guðmóðurhlutverkið. Rathbone og Hafsadi kynntust er leikarinn var á tónleikaferðalagi með hljómsveit sinni 100 Monkeys.



# Bootleg Beatles spila í Hörpu

The Bootleg Beatles munu leika í Eldborgarsal Hörpu sunnudaginn 3. febrúar. Hljómsveitin er ein þekktasta tribute-hljómsveit heims en hún hefur verið að síðan 1980 og haldið yfir fjögur þúsund tónleika.

„Það verður strengja- og bláساسveit með í för sem þýðir að þeir geta tekið lög frá öllum ferli Bítlanna,“ segir Guðbjartur Finnbjörnsson tónleikahaldari sem segir hljómsveitina hafa fengið afar góða dóma fyrir flutning sinn á Bítla-lögum. „Þetta eru topphljóðfæraleikarar og líkir Bítlunum í söng og framkomu,“ bætir Guðbjartur við. „Ég hef ekki séð þá sjálfur nema á Youtube en þeir lofa sannarlega góðu.“

Miðasala hefst á tónleikana í næstu viku.



THE BOOTLEG BEATLES Hljómsveitin hefur leikið á fjölmörgum stórtónleikum og meðal annars komið fram með Oasis og David Bowie.

# Lively falleg brúður

Keren Craig og Georgina Chapman, hönnuðir hjá tiskuhúsinu Marchesa, segja Blake Lively hafa verið gullfallega brúði. Chapman og Craig hönnuðu brúðarkjól leikkonunnar sem gekk í það heilaga með Ryan Reynolds þann 9. september.

„Við sáum hana í kjólnum þegar hún kom í máttun. Blake er gullfalleg brúður og kjóllinn var það líka. Þið fáið vonandi að sjá hann síðar,“ sögðu hönnuðirnir í viðtali við Life & Style.

„Blake veit hvað hún vill og Georgina gerði nokkrar teikningar út frá hugmyndum hennar. Útkoman var dásamleg og við



FALLEG BRÚÐUR Hönnuðir Marchesa segja Blake Lively hafa verið fallega brúði. NORDICPHOTOS/GETTY

erum hæstánægðar með kjólinn. Lively og Reynolds kynntust við tókur á myndinni Green Lantern sem kom út í fyrra.

## HVAD? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 18. september 2012

### Fundir



**12.05** Sigurjón Pétursson fjallar um ljósmyndaverkefnið Aðventa á Fjöllum í í Þjóðminjasafni Íslands. Afrakstur verkefnisins má nú sjá á samnefndri sýningu í safninu. Innblástur verkanna var sóttur í skáldsögu Gunnars Gunnarssonar, Aðventu, sem byggir á ævintýrum Benedikts Sigurjónssonar, Fjalla-Bensa, á þriðja áratug síðustu aldar.

### Kvikmyndir

**17.00** Konfúsíusarstofnunin Norður-ljós sýnir kvikmyndina Vor í smábæ í sal 101 í Odda. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

### Málþing

**13.00** Hagráðingartækifæri og banki framtíðar er heiti ráðstefnu sem fram fer í Hörpu í dag. Á ráðstefnunni verður fjallað um framþróun fjármálamarkaðar með sérstaka áherslu á hagræðingartækifæri, tækniþróun og samkeppnisumhverfið. Jafnframt verður farið yfir hvað er að gerast í samnýtingu upplýsingaþjónustu í Danmörku. Verð er 14.800 kr.

### Tónleikar




**20.30** Söngkonan Kristjana Stefánsdóttir kemur fram ásamt kvartetti saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar á djasstónleikaröð KEX Hostels, Skúlagötu 28. Auk þeirra skipa hljómsveitina þeir Eyþór Gunnarsson á píanó, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Flutt verða gömul og ný sönglög eftir eftir Sigurð Flosason og Aðalstein Ásberg Sigurðsson.

**21.00** Hljómsveitin Orfía og Hljómsveit Snorra Helgasonar leika á Café Rosenberg. Miðaverð er 1.500 krónur.

### Fyrirlestrar

**15.00** Kennarar frá Háskólanum í Þelamörk í Noregi fjalla um lestrar-kennslu og bækur fyrir yngstu börnin í þremur stuttum fyrirlestrum sem haldnir eru í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð.

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is)



# 5★ FIT

## Breyttu línunum og tónaðu líkamann í sitt fegursta form.

Við höfum sett saman nýtt æfingakerfi byggt á kerfi sem hefur slegið rækilega í gegn í New York. Það sameinar margar ólíkar styrktaræfingar sem móta og tóna vöðva líkamans á áhrifaríkan hátt.

Æfingarnar eru rólegar, krefjandi og gerðar til að breyta línunum líkamans á kerfisbundinn hátt. Áhersla er lögð á þægilega tónlist.

### 5 stjörnu FIT

Innifalið:

- Lokaðir tímar 3x í viku
- Leiðbeiningar um mataræði sem er sérstaklega samsett til að tryggja þátttakendum 5 stjörnu árangur
- Hvatning, fróðleikur og hollar og góðar uppskriftir frá Ágústu Johnson og Guðbjörgu Finns
- Mælingar og vigtun fyrir og eftir fyrir þær sem vilja
- Dekurkvöld í Blue Lagoon spa
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiáðstöðu - jarðsjávarpotti og gufuböðum
- 10% afsláttur af öllum meðferðum í Blue Lagoon spa

Nýttu þér reynslu okkar og þekkingu til að ná 5 stjörnu formi. Hentar jafnt byrjendum sem vönum.

Verð 25.900 kr. Meðlimir Hreyfingar 16.900 kr.

**Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu og skráningu finnur þú á [www.hreyfing.is](http://www.hreyfing.is)**

**5 stjörnu viðbótardekurpakki**  
40% afsláttur fyrir þátttakendur í 5 stjörnu FIT

- Handklæði við hverja komu
- Aðgangur að heitum potti, hvíldaraðstöðu og afnot af slopp í Blue Lagoon spa
- Kísilleir meðferðir í Blue Lagoon spa

Tilboðsverð 12.590 kr. (fullt verð 20.900 kr.)

# Náðu 5 stjörnu formi

Álfheimar 74  
414 4000  
[hreyfing@hreyfing.is](mailto:hreyfing@hreyfing.is)  
[www.hreyfing.is](http://www.hreyfing.is)





## SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Töfrandi tónlist úr sígildum kvikmyndum Disney

### VILDARKJÖR FYRIR VIÐSKIPTAVINI ARION BANKA

Arion banki býður viðskiptavinum í Vildarpjónustu 20% afslátt af miðaverði á Disney-tónleikana, 28. september, ef greitt er með greiðslukorti frá Arion banka. Síminn í miðasölu Hörpu er 528 5050.

### SÉRSTAKIR GESTIR

Stefán Hilmarsson  
Felix Bergsson  
Valgerður Guðnadóttir

Í ELDBORGARSAL HÖRPU  
28. SEPTEMBER 2012



 Arion banki



BRAUTRYÐJENDUR Jóhann Helgason og Helga Möller stóðu fyrir sínu í Iðno.

## KOMA TÍMAR, KOMA RÁÐ

Tónleikar ★★★★★

**Pú og ég + Moses Hightower**

Iðno, 14. september

Undirritaður var fremur fúll yfir að hafa misst af samstarfstónleikum Pú og ég og Moses Hightower á Innipúkahlátíðinni fyrir nokkrum vikum, sérstaklega þar sem eftir á fór það orðspor af frammistöðunni að fundist hefði fyrir stuðinu alla leið til veðurathugunarstöðvarinnar á Svalbarða hið minnsta. Því lá þráðbeint við að skella sér í Iðno á föstudagskvöldið á endurteknunguna. Einnig fólst í því gráupplagt tækifæri til að sjá Móses-verja á sviði í síðasta sinn í bili því sveitin, sem er í fantaformi þessi dægrin, hverfur nú til sinnar reglulegu biðstöðu vegna anna meðlima úti um allan heim.

Téð Moses Hightower stóð sig með þryði, sleip sem fyrr, með sitt hefðbundna sálarprógramm í fyrri hlutanum. Eitthvað var þó að hljóðinu í Iðno, dósalegu og tómu, og það lagaðist í raun ekki fyrr en áhorfendum fjölgaði og slapp fyrir horn þegar tvíeykið Helga Möller og Jóhann Helgason slóst í hópinn. Þá kom líka umsvifalaust í ljós hvílik afbragðshugmynd það er að stefna þessum sveitum saman. Diskósmellirnir komu á færibandi: Villi og Lúlla, Í Reykjavíkurborg, Dans,



Í FANTAFORMI Moses Hightower er komin í tónleikafri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

dans, dans, Ljúfa líf, Vegir liggja til allra átta og svo framvegis, og í raun ólíklegt að nokkur hefði sett sig upp á móti því að Aðfangadagskvöld hefði hljómað, svo nostalgísk og góð var stemningin. Helga var hress og kát og auglýsinga tilbúin í slaginn, Jóhann örflítið meira til baka en þó alltaf jafn snákslega svalur og Moses Hightower gerði afar vel með talsvert hraðari lög en sveitin er von.

Í heildina voru tónleikarnir mjög vel heppnaðir og hreint lostæti fyrir þá sem þjást af ólæknandi þá-þrá.

Kjartan Guðmundsson

**Niðurstaða:** Það leyndi sér ekki í Iðno á föstudagskvöldið hversu góð hugmynd það er að leiða saman Pú og ég og Moses Hightower.



FLUTTI BURT Jennifer Lawrence flutti burt frá Los Angeles.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Flutti burt frá LA

Leikkonan Jennifer Lawrence kveðst ekki geta búið í Los Angeles því þar fái hún ekki frið fyrir ágengum ljósmyndurum.

„Því miður get ég ekki búið í Los Angeles lengur. Ég skil ekki hvernig aðrir leikarar fara að. Maður á ekkert einkalíf heldur er hundeltur af ljósmyndurum. Svona á sér ekki stað annars staðar í heiminum. Ég vil ekki búa í LA og venjast þessu því þetta er langt því frá að vera eðlilegt. En ég elska kvikmyndagerð, ég verð bara að elska kvikmyndagerð frá Kentucky eða Prag,“ sagði leikkonan unga sem sló í gegn sem Katniss Everdeen í Hungurleikunum.



### Canon IXUS 230 HS

8x aðdráttur, 28 mm gleiðlinsa. Intelligent IS. High-speed Burst & Super Slow Motion Movie. HS kerfi (12,1 Mpx), skilar hámarks gæðum. 7,5 cm (3,0") PureColor II G LCD skjár. Full HD vídeó, Powered IS.

Tilboð 39.900 kr.  
Verð 44.900 kr.

### Canon IXUS 500 HS

12x aðdráttur í nettu og glæsilegu málmhúsi. HS kerfi (10,1 Mpx) CMOS og DIGIC 5. Intelligent IS. Full HD upptaka. 7,5 cm (3,0") PureColor II G LCD skjár. High-speed shooting & Movie Digest (720p).

Tilboð 59.900 kr.  
Verð 64.900 kr.

### Canon PowerShot A2400 IS

16,0 Mpx. 28 mm gleiðlinsa, 5x aðdráttur. Intelligent IS, tryggir skarpar og stöðugar myndir. 6,8 cm (2,7") LCD skjár. Smart Auto (32 atriði). HD vídeó (720p). Skemmtilegar og skapandi stillingar.

Tilboð 26.900 kr.  
Verð 29.900 kr.



## MINNINGAFANGARAR FRÁ **Canon**



### Canon PowerShot A810

16,0 Mpx myndflaga. HD upptaka (720p) 28 mm gleiðlinsa, 5x aðdráttarlinsa. 6,8 cm (2,7") LCD skjár. Smart Auto (32 atriði). Digital IS, hjálparhappur og Creative stillingar.

Tilboð 16.900 kr.  
Verð 19.900 kr.

### Canon PowerShot D20

Fyrir sundið, veiðina, skíðin og jaðarsportið. 12,1 Mpx HS kerfi og Full HD vídeó. Vatnsheld niður að 10 m. Rykheld. Polir allt að 10 stiga frost. 28 mm, 5x optical aðdráttur. Intelligent IS. GPS til að merkja staðsetningar.

Tilboð 69.900 kr.  
Verð 74.900 kr.

### Canon PowerShot SX150 IS

12x aðdráttur, 28 mm gleiðlinsa. Intelligent IS. 14,1 CCD myndflaga. 7,5 cm (3,0") LCD skjár. HD vídeó með víðóma hljóði og handvirkri stjórn. Creative Filters. Miniature Effect.

Tilboð 34.900 kr.  
Verð 37.900 kr.

Veldu gæði og hönnun með IXUS og Powershot.

Nýherji Sími 569 7700 Borgartúni 37 - Reykjavík Kaupangi - Akureyri netverslun.is



**NÝHERJI**



**midí.is** LAUGARÁSBÍÓ [www.laugarasbio.is](http://www.laugarasbio.is) 5%  
Miðasala og nánari upplýsingar -bara lúxus sími 553 2075

**PRÍÐJUDAGSTILBOÐ**

**PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR** 60.000 MANNASÍ!

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 2D	8, 10
THE BOURNE LEGACY	7, 10
THE EXPENDABLES 2	10, 20
ÁVAXTAKARFAN	6
INTOUCHABLES	5.50, 8

**SAMBÍÓIN SAMbio.is**

WILL FERRELL OG ZACH GALIFIANAKIS Í FYNDVÖSTU MYND ÞESSA ÁRS!  
„A TASTY, HILARIOUS TREAT.“ ENTERTAINMENT WEEKLY

FRÝS Í ÆÐUM BLÓÐ

HÍORIS STEFANSDÓTTIR, MORNINGLABÍÓ Ó.H.T. - RÁS 2

**FROST**  
„HÆTTIÞI NÚ ALVEG AÐ SNÚÐA HVAÐ ÉG VAR HRÆDD Á ÞESSARI MYND!“ Á.V. - RÚV  
„GEGGIÐ MYND, HRÁ, DULARFULL OG ÍSKÖLD.“ MUNDI VONDI.

**TILBOÐ**

WILL FERRELL  
**CAMPAIGN ZACH**

„YOU LAUGH UNTIL IT HURTS.“ BOUFFICE MAGAZINE

**TILBOÐ**

„Ég Framfaradendum Toy Story 3, Finding Nemo og Up.“

**TILBOÐ**

STÆSTA MYND SUMARSINS 64 TÖGUSTEIN

**TILBOÐ**

NEVER SAY NEVER  
**BOURNE LEGACY**

**TILBOÐ**

THE DARK KNIGHT RISES

<b>SMÁRABÍÓ</b>	<b>ÁLFABAKKA</b>	<b>EGILSHÖLL</b>
CAMPAIGN KL. 8 - 8 - 10	2D 12	CAMPAIGN 6 - 8 - 10 - 10:50 2D 16
CAMPAIGN LUXUS VIP KL. 6 - 8	2D 12	BOURNE LEGACY KL. 8 - 10 2D 12
FROST KL. 6 - 8 - 10:45	2D 16	DARK KNIGHT RISES KL. 8 2D 12
BOURNE LEGACY KL. 5:20 - 8 - 10	2D 12	FROST KL. 8 2D 12
BOURNE LEGACY LUXUS VIP KL. 10	2D 12	MADAGASCAR 3 KL. 5:50 2D 12
HIT AND RUN KL. 10:20	2D 12	BRAVE KL. 5:50 2D 12
STEP UP REVOLUTION KL. 5:50 - 8	2D 12	ÍSÖLD 4 KL. 6 2D 12
BRAVE KL. 5:50	2D 12	<b>AKUREYRI</b>
BRAVE (enku) KL. 8	2D 12	CAMPAIGN KL. 8 - 10 2D 12
DARK KNIGHT RISES KL. 10	2D 12	FROST KL. 8:40 - 10:20 2D 16
<b>KEFLAVÍK</b>		DARK KNIGHT RISES KL. 5:30 2D 12
CAMPAIGN KL. 8 2D 12		BRAVE KL. 5:50 2D 12
BOURNE LEGACY KL. 10 2D 12		<b>SELFOSSI</b>
FROST KL. 8 - 10 2D 16		CAMPAIGN KL. 8 - 10:10 2D 12
ÁVAXTAKARFAN KL. 6 2D 12		BABYMAKERS KL. 8 2D 12
BABYMAKERS KL. 5:50 2D 12		FROST KL. 10:10 2D 12
<b>PRÍÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG</b>		FROST KL. 6 - 8 - 10 2D 16
		BABYMAKERS KL. 6 - 8 2D 12
		DARK KNIGHT RISES KL. 10 2D 12

**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR 5% **HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIDÍ.S 5%

**PRÍÐJUDAGSTILBOÐ**

RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 2D KL. 5.50 - 8 - 10.10 16

RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 3D KL. 10.20 ÓTÉKTUÐ 16

THE BOURNE LEGACY KL. 8 - 10.45 16

THE BOURNE LEGACY LÚXUS KL. 10.20 16

ÁVAXTAKARFAN KL. 4 - 6 L

THE EXPENDABLES 2 KL. 5.40 - 8 - 10.20 16

THE EXPENDABLES 2 LÚXUS KL. 5.40 - 8 16

THE WATCH KL. 5.40 - 8 12

PARANORMAN 2D KL. 3.30 7

ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL KL. 3.40 L

RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 3D KL. 8 - 10.10 16

THE BOURNE LEGACY KL. 9 16

ÁVAXTAKARFAN KL. 6 L

THE EXPENDABLES 2 KL. 10.30 16

TO ROME WITH LOVE KL. 5.30 - 8 L

INTOUCHABLES KL. 5.30 - 8 - 10.30 L

**BORGARBÍÓ** PRÍÐJUDAGSTILBOÐIN, GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIDÍ.S

RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 2D KL. 6 - 8 - 10 16

THE BOURNE LEGACY KL. 10 16

THE EXPENDABLES 2 KL. 8 12

ÁVAXTAKARFAN KL. 6 L

facebook / smarabio • facebook / haskolabio



SÁTT Silvía, Björn og vinkona þeirra spennt á frumsýningu.

# SJÓRÆNINGJAFJÖR

Á föstudagskvöldið var leiksýningin Gulleyjan frumsýnd á stóra sviði Borgarleikhússins. Stórir sem smáir áhorfendur flyktust í leikhús og virtust skemmta sér vel yfir fjársjóðsleit sjóræningjana. Með aðalhlutverk fara þau Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Sigurður Þór Óskarsson og Björn Jörundur Friðbjörnsson. Leikstjóri sýningarinnar er Sigurður Sigurjónsson.



GAMAN Hanna Birna Kristjánsdóttir og Sigrún Dóra skemmtu sér.



FLOTTAR Eva, Áróra og Emília brostu til ljósmyndara.



BROSILDIR Leikhússtjórninn Magnús Geir Þórðarsson ásamt Presti Leó Gunnarssyni.



VINKONUR Búningarhönnuður sýningarinnar Júlíana stílti sér upp milli vinkvenna sinna, Söru og Snjólaugar.



GÓÐIR GESTIR Frú Vigdís Finnbogadóttir mætti ásamt barnabarni sínu, Evu Maríu Eggertsdóttur.



Kvikmyndasafn Íslands sýnir í Bæjarbíói



Þriðjudaga kl. 20 og laugardaga kl. 16. [www.kvikmyndasafn.is](http://www.kvikmyndasafn.is)

## AKUREYRARKVIKMYNDIR

Elsta kvikmyndin í sýrpunni er frá konungskomunni 1907 en yngsta myndin sýnir þotu Flugleiða koma til Akureyrar í fyrsta sinn 1969. Þar á milli kennir ýmissa grasa: Þjóðlífsvikmyndir frá árum heimsstyrjaldarinnar síðari, konungskoman 1926, myndskild af séra Matthíasi Jocumssyni, forsetaheimsóknir, skipakomur.

Kvikmyndataka: Hallgrímur Einarsson, Eðvarð Sigurgeirsson og fleiri.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ [www.bioparadis.is](http://www.bioparadis.is) ■ Hluti af Europa Cinemas

**BÍÓ PARADÍS**

**PRÍÐJUDAGUR:** A SEPERATION 17:30, 20:00, 22:30 ■ KVIK-NOR: EN KONGELIG AFFÆRE 17:20, 20:00, 22:40 ■ KVIK-NOR: PLAY 20:00 ■ KVIK-NOR: THE PUNK SYNDROME 18:00 ■ KVIK-NOR: Á ANNAN VEG 22:20 ■ ELLES (ÞÆR) 20:00 ■ TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR) 22:10 ■ HRAFNHILDUR 18:00

**BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN:** [bioparadis.is/klubburinn](http://bioparadis.is/klubburinn)

**PRÍÐJUDAGSTILBOÐ:** 950 kr. miðinn!

**2012** KVIKMYNDA-VERÐLAUN NÖRÐUR-LANDARÁÐS 2012 SEM BESTA ERLENDA MYNDIN

**A SEPERATION**



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS í samvinnu Disneyklúbbinn kynna



# TÓNLEIKAR

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Töfrandi tónlist úr sígildum kvikmyndum Disney.

Sérstakir gestir

Stefán Hilmarsson Felix Bergsson Valgerður Guðnadóttir

David Danzmayr  
Stjórnandi

27. -29. september 2012  
í Eldborgarsal Hörpu

Miðasala er hafin á [sinfoia.is](http://sinfoia.is), [harpa.is](http://harpa.is) og [miði.is](http://miði.is)  
Nánari upplýsingar á [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is) og [www.disneyklubburinn.is](http://www.disneyklubburinn.is)



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

edda

Disney KLÚBBURINN  
[WWW.DISNEYKLUBBURINN.IS](http://WWW.DISNEYKLUBBURINN.IS)

Tónleikarnir eru skipulagðir í samvinnu Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Eddu útgáfu og Disney Nordic.





**ARON JÓHANSSON** skoraði í gær tvö mörk og lagði upp eitt í 3-2 sigri AGF á Midtjylland í dönsku úrvalsdeildinni. Þetta var þriðji sigur AGF í röð en Aron hefur skorað átta mörk í þessum þremur leikjum. Hann er nú markahæsti leikmaður deildarinnar með níu mörk í jafn mörgum leikjum.



**EJUB PURISEVIC** búinn að fara með Víkinga úr 2. deild upp í Pepsi-deildina á þremur tímabilum. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

## Víkingur úr Ólafsvík: Fjórða félagið frá Vesturlandi

**FÓTBOLTI** Þrjú félag frá Vesturlandi og Vestfjörðum hafa náð því að spila í efstu deild karla á Íslandi en Ólafsvíkur-Víkingar munu síðan bætast í hópinn næsta sumar.

Fyrir í Pepsi-deild karla eru Skagamann sem voru nýliðar í sumar og fyrir löngu búnir að tryggja sætið fyrir næsta sumar.

Það verða því Vesturlandslagir í úrvalsdeildinni næsta sumar í fyrsta sinn síðan Skallagrímismenn voru í deildinni og mættu ÍA sumarið 1997.

- óóó

### Fulltrúar Vesturlands í efstu deild karla í fótbolta:

ÍA	1946-67, 1969-90, 1992-2008, 2012-
ÍBÍ, Ísafirði	1962, 1982-83
Skallagrímur, Borgarnes	1997
Víkingur, Ólafsvík	2013-



**FALLEG STUND** Everton sýndi grannlíði sínu, Liverpool, þann virðingavott að minnst þeirra 96 stuðningsmanna félagsins sem létust á Hillsborough-vellinum árið 1989 í gær. Nöfn hinna látinna voru birt á risaskjá undir lagi Hollies, „He Ain't Heavy, He's My Brother“. Everton mætti Newcastle í gær og skildu liðin jöfn, 2-2. NORDICPHOTOS/GETTY

### Lið 19. umferðarinnar

<b>Markvörður:</b>	Páll Gísli Jónsson, ÍA
<b>Varnarmenn:</b>	Amór Eyvar Ólafsson, ÍBV Freyr Bjarnason, FH Haraldur Freyr Guðmundsson, Keflavík Kristinn Jónsson, Breiðablikki
<b>Miðjumenn:</b>	Rúnar Már Sigurjónsson, Val Kristinn Freyr Sigurðsson, Val Sigurbergur Elfsson, Keflavík Tómas Óli Garðarsson, Breiðablikki
<b>Söknaðarmenn:</b>	Viðir Þorvaldsson, ÍBV Atli Guðnason, FH

# ÞETTA ER ROSALEGA STÓRT SKREF

Einar Hjörleifsson, markvörður Víkinga, var mættur út á sjó aðeins nokkrum tímum eftir að Ólafsvíkur-Víkingar tryggðu sér sæti í Pepsi-deild karla. Skipstjórinn var á leiknum og hafði alveg skilning á því að Einar mætti syfjaður í vinnuna í gærmorgun. „Þetta var ótrúlegur sunnudagur hjá okkur,“ sagði Einar.

**FÓTBOLTI** Víkingar úr Ólafsvík eru komnir upp í úrvalsdeildina og verða meðal tólf bestu fótboltaliða landsins í Pepsi-deild karla næsta sumar. Þeir gulltryggðu sætið með því að vinna 4-0 útisigur á KA á sunnudaginn og fylgja því Þór upp í efstu deild. Einar Hjörleifsson er markvörður liðsins og á stóran þátt í góðu gengi liðsins.

„Þetta var ótrúlegur sunnudagur hjá okkur og það eru allir í skýjunum. Það muna örugglega allir Ólafsvíkingar alltaf eftir þessum degi,“ sagði Einar. „Þegar við vorum á leiðinni á völinn sáum við rútuna sem fólkið kom í frá Ólafsvík. Um leið og við hlupum út á völl þá var fólkið að mæta og stemningin byrjuð. Þessi frábæri stuðningur gaf tóninn fyrir okkur í leiknum,“ sagði Einar. Víkingar hafa nú níu stiga forskot á KA þegar aðeins ein umferð er eftir.

„Það er rosalegt sterkt að fara þangað og vinna 4-0 en 4-0 eru kannski ekki rétt úrslit miðað við hvernig leikurinn spilaðist. Ég held að eftir allt saman þá áttum við skilið að vinna leikinn. 1-0 eða 4-0 skiptir ekki öllu heldur bara að vinna leikinn,“ sagði Einar. Það vita færri kannski að Einar var farinn á sjóinn eldsnemma í gær eða aðeins nokkrum tímum eftir að hann fagnaði úrvalsdeildarsæti með félögum sínum og öðrum Ólafsvíkingum.

### Náði fjögurra tíma svefni

„Við duttum í smá partí eftir að við komum heim og maður náði kannski fjögurra tíma svefni áður en maður mætti í vinnuna hálfasnalegur. Vinnuframlagið mitt í dag verður kannski ekki til frásagnar. Skipstjórinn var fyrir norðan í gær og svo er einn fyrrverandi spilarí úr liðinu með mér um borð. Það var því



**BÚINN AÐ UPPLIFA MARGT** Einar Hjörleifsson hefur varið mark Víkinga úr Ólafsvík í gegnum súrt og sætt undanfarin sjö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

almennur skilningur á því hvað var í gangi enda er maður ekki svona á hverjum degi því þá væri þetta orðið vandamál,“ sagði Einar léttur.

„Þetta er rosalega stórt skref og ég er ekki alveg búinn að átta mig á þessu. Þetta er í raun ótrúlegt því við vorum í 2. deildinni sumarið 2010 og lentum í ýmsu 2009.

Þetta er búíð að vera svolítið fljótt að gerast. Ég er búinn að upplifa bæði góða og slæma tíma en mestmegnis góða tíma. 2009 er leiðinlegasta tímabilið en annars er þetta búíð að vera frábært öll árin og þetta vernar ekkert á næsta ári,“ segir Einar. Ejub Purisevic hefur þjálfað liðið undanfarin ár og hefur nú tekist að fara með

Ólafsvíkinga alla leið upp í efstu deild.

### Búinn að þroskast saman

„Ejub er búinn að gera mjög góða hluti. Við vissum að við værum með gott lið fyrir tímabilið en það voru allir að taka stig af öllum á tímabili og það voru engin afgerandi lið í gangi. Hann hefur náð að finnstilla menn og tókst að ná þessu jafnvægi í liðið sem nægði til að kroppa inn stigin. Hann hefur gert frábæra hluti og liðið í heild sinni er búíð að þroskast mikið saman í sumar,“ segir Einar.

Einar hélt hreinu í tveimur síðustu leikjunum og hefur aðeins fengið á sig 18 mörk í 21 leik í sumar. Hann er líka búinn að bíða lengi eftir þessari stundu enda búinn að spila með Víkingsliðinu samfelt í sjö tímabili.

„Við fáum á okkur lítið af mörkum af því að við erum alvöru lið og ég er bara partur af því. Ég geri mitt og þeir gera sitt og þá kemur þetta út svona,“ segir Einar. Víkingar hafa náð í 13 stig af 15 mögulegum stigum út úr síðustu fimm leikjum eða allt frá því að þeir töpuðu 4-1 fyrir Þrótti.

### Rassskellingin í Laugardalnum

„Við fengum ágætis rassskellingu í Laugardalnum. Menn rönkuðu aðeins við sér og fóru að gera þetta enn meira saman. Það hefur skilað þessum stigum sem við höfum fengið undanfarið,“ segir Einar. En þarf ekki liðið að styrkja sig fyrir átkin í Pepsi-deildinni 2013?

„Það verður örugglega eitthvað um nýja leikmenn. Liðin sem hafa farið upp síðustu ár hafa verið að reyta til sín fullt af leikmönnum en ég er ekki viss um að við gerum slíkt. Ég held að menn reyni að velja frekar fáa en góða,“ sagði Einar að lokum. ooj@frettabladid.is

Sigurbergur Elfsson, Keflavík, er leikmaður 19. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins:

# Getum verið mjög ánægðir með tímabilið

**FÓTBOLTI** Keflavík nánast gulltryggði sæti sitt í Pepsi-deild karla með 5-0 sigri á Fram á sunnudagskvöldið. Sigurbergur Elfsson skoraði tvö mörk Keflavíkur en þessi tvítugi miðjumaður er leikmaður umferðarinnar hjá Fréttablaðinu.

„Það var frábært að vinna, enda mikilvægur leikur fyrir okkur,“ sagði Sigurbergur. Þetta var þriðji sigur Keflavíkur á heimavelli í sumar en á ýmsu hefur gengið hjá Keflvíkingum. Þeir hafa unnið stóra sigra en liðið tapaði til að mynda síðustu tveimur deildarleikjum á undan með samtals sjö mörkum gegn engu.

„Þetta hefur verið smá rússbanaferð hjá okkur en heilt yfir hefur sumarið verið afar skemmtilegt. Það er góð blanda ungra og reyndra leikmanna í liðinu og þá var gaman að fá nýja þjálfara inn,“ sagði Sigurbergur en þeir Zoran Ljubicic og Gunnar Oddsson tóku við liðinu fyrir tímabilið. „Soggi [Zoran] hefur þjálfað okkur ungu strákana undanfarin 6-7 ár og gaman að fá hann,“ bætti hann við.

Sigurbergur er yngsti leikmaður efstu deildar karla í knattspyrnu frá upphafi en hann var aðeins fimmtán ára gamall þegar hann lék sinn fyrsta leik með Keflavík.

„Það minnst fáir á þetta met í dag enda hefur mikið gerst á þessum fimm árum sem eru liðin. Ég var frá í um þrjú ár vegna hnémeisla og er þetta mitt fyrsta tímabil þar sem ég er alveg laus við meislin,“ segir Sigurbergur sem er vitanlega sáttur við tímabilið hjá sér sem og liðinu.

„Það gerast alltaf mistök sem hægt er að læra af en við getum samt verið mjög sáttir við tímabilið. Markmiðið var að gera betur en í fyrra og hefur það tekist. Það eru enn stig eftir í pottinum til að gera enn betur og stefnum við á það.“



**SIGURBERGUR** Skoraði tvö í leik með Keflavík gegn Fram á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sex Íslandsmeistararitlar og fjögur silfur:

# FH-ingar í verðlaunasæti í heilan áratug

**FÓTBOLTI** FH-ingar hafa átt ótrúlegu gengi að fagna undanfarinn áratug í efstu deild karla en Hafniróðingar urðu Íslandsmeistarar í sjötta sinn frá upphafi um helgina.

Allir sex titlarnir hafa komið á síðustu tíu tímabilum en FH vann sér sæti í efstu deild haustið 2000. Síðan þá hefur liðið verið nánast í stanslausri toppbaráttu og aldrei lent neðar en í öðru sæti undanfarinn áratug. - esá, óóó

### Áratugur á pallinum:

2003	2. sæti (3 stigum á eftir KR)
2004	Íslandsmeistari
2005	Íslandsmeistari
2006	Íslandsmeistari
2007	2. sæti (1 stigi á eftir Val)
2008	Íslandsmeistari
2009	Íslandsmeistari
2010	2. sæti (Lakari markatala, Breiðabl.)
2011	2. sæti (3 stigum á eftir KR)
2012	Íslandsmeistari

**+15% afsláttur**

**Nicotinell Tropical Fruit**

204 stk. 4 mg: **7.598** kr.  
204 stk. 2 mg: **5.454** kr.  
24 stk. 2 mg: **799** kr.

www.lyfja.is

## Lægra verð í Lyfju

Gildir til 30. september





# Mazda3 ADVANCE

Mazda3 er rúmgóður fjölskyldubíll. Farðu vel með peningana þína. Fáðu áreiðanlegan Mazda3 sem er góður í endursölu. Mazda3 Advance sameinar sparneytni, lágan rekstrarkostnað og sérlega hagstætt verð. Komdu núna. Prófaðu Mazda3 Advance núna. Festu þér Mazda3 Advance á góða verðinu strax í dag.

**Mazda3 ADVANCE FRÁ KR. 3.090.000,-**



**DÍSil  
Eða  
BENSÍN.  
FRÁ  
3,8L/100 KM.  
FRÍTT Í STÆÐI\***



Á meðal staðalbúnaðar eru álfelgur 16", loftkæling, vindskeið á afturhlera, hraðastillir (cruise control) og margt fleira.

## Mazda3

\*1,6 bensín 105 hö. Eldsneytisnotkun í langkeyrslu 5,3l/100km, innanbæjar 8,4l/100km og 6,3l/100 km í blönduðum akstri. Co<sub>2</sub> losun er 147 g/100 km.

\*1,6 dísil 115 hö. Eldsneytisnotkun í langkeyrslu 3,8l/100km, innanbæjar 5,2l/100km og 4,3l/100 km í blönduðum akstri. Co<sub>2</sub> losun er 115 g/100 km. Frítt í stæði í 90 mínútur hjá Reykjavíkurborg.

\*Útbúnaður bíls getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

Opið virka daga kl. 09.00 - 17.00, laugardaga kl. 12.00 - 16.00.  
Aukin þjónusta. Varahlutaverslun opin laugardaga frá 12-16.

**brimborg**





**ÖFLUGUR** Gylfi Þór í leiknum gegn Reading um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

## Gylfi Þór vekur athygli: Valinn í lið helgarinnar

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson vakti verðskuldaða athygli um helgina fyrir frammistöðu sína í 3-1 sigri Tottenham á Reading, sínu gamla félagi. Gylfi þótti spila vel á miðjunni hjá Tottenham enda átti hann ríkan þátt í fyrsta marki liðsins og var sjálfur nálægt því að skora.

Gylfi var valinn í lið helgarinnar bæði hjá Soccernet og Eurosport. Í umfjöllun fyrrnefnds fjölmiðils segir að sending Gylfa á Aaron Lennon fyrir fyrsta mark Tottenham hafi verið guðdómleg, að hann hafi verið síginnandi með boltann sér við fætur og að skot hans væru stórhættuleg.

Eurosport segir Gylfa bæta sig með hverjum leiknum eftir rólega byrjun á sínu fyrsta tímabili í búningi Tottenham. Hann hafi verið liði Reading til mikilla vandræða um helgina. - esá

# VIÐ VILJUM VINNA ALLA LEIKI

Tímabilið í Meistaradeild Evrópu hefst í kvöld með átta leikjum. Augu flestra munu beinast að Santiago Bernabéu í Madrid þar sem heimamenn í Real Madrid taka á móti Englandsmeisturum Man. City.

**FÓTBOLTI** Fjölmarginir knattspyrnu-áhugamenn kætast í kvöld þegar riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu hefst með pomp og prakt. Alls eru átta leikir á dagskrá en stærsti leikurinn verður án nokkurs vafa í höfuðborg Spánar þar sem Real Madrid tekur á móti Manchester City.

Real Madrid er sigursælasta félag í sögu Evrópukeppninnar með níu titla að baki. Liðið hefur þó ekki unnið Meistaradeildina í rúman áratug og þar á bæ eru menn orðnir langþryggtir á biðinni, sérstaklega þar sem erki-fjendurnir í Barcelona hafa unnið keppnina þrívégis á síðustu fimm árum.

### Peningamaðurinn breytti öllu

Manchester City á allt aðra sögu á bak við sig. Liðið varð Evrópu-meistari bikarhafa árið 1970 en það er eini Evróputitill liðsins til þessa. Eftir það fór að halla undan fæti og næstu áratugi flakkaði liðið á milli þriggja efstu deildanna á Englandi.

Vorið 2002, sama vor og Real Madrid varð síðast Evrópumeistari, vann City sér sæti í ensku úrvalsdeildinni á ný og hefur haldið því allar götur síðan. Félagið tók svo stakkaskiptum árið 2008 er hinn vellauðugi sjeik Mansour bin Zayed al-Nahyan keypti félagið og hefur síðan þá dælt peningum í rekstur þess.

Jose Mourinho, stjóri Real Madrid, þekkir það vel að vera stjóri félags með vellauðugan eignanda. Hann var fenginn til Chel-



**ARGENTÍNSKA PRENNAN** Sergio Aguero, Pablo Zabaleta og Carlos Tevez var skemmt á æfingu Manchester City í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

sea af Roman Abramovich og naut hann talsverðrar velgengni þar.

Mourinho segir að það séu margar hliðstæður hjá City og Chelsea. „Þegar Roman keypti félagið var Claudio Ranieri stjóri liðsins. Ég tók svo við og við unnum nokkra titla, þar á meðal deildina í fyrsta sinn í langan tíma. Carlo Ancolletti tók svo við og að lokum varð Chelsea Evrópumeistari,“ sagði Mourinho á blaðamannafundi í gær.

„Mark Hughes var hjá City þegar nýir eigendur tóku við. Félagið keypti marga dýra og góða leikmenn, Roberto Mancini tók svo við og er byrjaður að vinna titla,“ bætti hann við.

Mourinho er því ekki í vafa um

að félagið geti vel unnið Meistaradeildina haldi það áfram á þessari braut. „Ég veit ekki hvort það verður á þessu tímabili eða því næsta. Eða ef Roberto verður við stjórnvölinn eða einhver annar. En miðað við þá stefnu sem félagið hefur tekið mun það vinna stóra bikarinn, fyrr eða síðar.“

### Mætum einu besta liði heims

Sjálfur segist Mancini bera virðingu fyrir glæsilegri sögu Real Madrid en að markmið City fyrir leikinn sé það sama og ávallt. „Það er ekki í okkar skapgerð að fara í leik – hvort sem það er í Madrid eða annars staðar – með það fyrir augum að gera jafntefli eða tapa.

### Leikir kvöldsins

#### A-riðill

18.45 Dinamo Zagreb - Porto  
18.45 PSG - Dynamo Kiev

#### B-riðill

18.45 Montpellier - Arsenal Sport 3  
18.45 Olympiakos - Schalke

#### C-riðill

18.45 Malaga - Zenit  
18.45 AC Milan - Anderlecht

#### D-riðill

18.45 Dortmund - Ajax Sport 4  
18.45 R. Madrid - Man. City Sport & HD

Við viljum vinna alla leiki,“ sagði Mancini.

„En við vitum að þetta verður erfiður leikur. Við mætum einu besta liði heims en mestu skiptir að við einbeitem okkur að því að sinna okkar vinnu vel. Þetta verður frábær leikur og merki- legur viðburður fyrir alla hjá okkar félagi,“ bætti hann við.

### Arsenal til Frakklands

Í hinum leik D-riðils eigast við Dortmund og Ajax. Kolbeinn Sigþórsson er á mála hjá síðarnefnda félaginu en verður frá fram á næsta ár vegna axlarmeisla, eins og kunnugt er.

Eitt annað enskt lið verður í eldflunnunni í kvöld en Arsenal á erfiðan leik fyrir höndum gegn Montpellier í Frakklandi. Arsenal hefur aldrei unnið Evrópumeistaratilinn en hefur, rétt eins og City, orðið Evrópumeistari bikarhafa en hætt var að keppa um þann titil árið 1999. eirikur@frettabladid.is

## PHILIPS SKJÁVEGGIR Í ÖLLUM STÆRÐUM



Komið skilaboðunum  
á framfæri með stæl.

Hægt er að setja  
allt að 16 skjái  
saman á einn vegg.

**PHILIPS**



**Heimilistæki** ht.is

Birna Berg Haraldsdóttir verkjalaus og bjartsýn:

## Hugsaði um EM í leiðinlegu æfingunum

**HANDBOLTI** Tvær landsliðskonur, landsliðsfyrirliðið Rákel Dögg Bragadóttir og örvhenta skyttan Birna Berg Haraldsdóttir, urðu fyrir því óláni að slíta krossband á síðasta tímabili en þær eru báðar í góðum gir og hafa sett stefnuna á EM í Serbíu í desember. Birna Berg sleit krossband í janúar síðastliðnum en vonast til þess að vera í hópnum í fyrsta leik Fram á tímabilinu.

„Þetta gengur bara ótrúlega vel. Ég fæ vonandi að spila með á æfingu í dag og stefnan er sett á það að vera í hóp í fyrsta leik og fá kannski að spila í svona fimm til tíu mínútur,“ sagði Birna Berg Haraldsdóttir þegar Fréttablaðið heyrði í henni í gær.

„Ef ég verð nógu góð handbolta-lega séð þá auðvitað stefni ég á það að komast á EM,“ segir Birna og staðan á hnenu er góð.

„Ég er alltaf verkjalaus og mér finnst ég ekki vera að stíga upp úr meiðslum. Nú þarf ég bara að fara að komast í spilaform,“ segir Birna Berg en hún var í hópnum sem fór á HM í Brasilíu fyrir ári.

Birna Berg meiddist í stórleik Fram og Vals 14. janúar síðastliðinn og missti því af öllum stóru leikjum tímabilsins.

„Það var mjög erfið að horfa á stelpurnar síðasta vor. Ég hafði bara svo mikla trú á

þeim og það var svo svekkjandi að geta ekki gert neitt og þurfa bara að sitja upp í stúku,“ segir Birna Berg. Hún hefur gert allt sem í hennar valdi stendur til að snúa sem fyrst inn á handboltavöllinn.

„Ég er búin að æfa sex daga vikunnar síðan í febrúar og EM í Serbíu hefur haldið mér gangandi alla endurhæfinguna. Það er svo auðvelt að mæta á æfingu þegar maður hefur eitthvað að stefna að. Það var auðvelt að hugsa um EM í Serbíu þegar maður var að gera eitthvað hundleiðinlegt,“ sagði Birna Berg og nú sér hún fyrir endanum á leiðindunum.

„Eins og sjúkrahjálfarinn segir við mig þá er ótrúlega lítið eftir af endurhæfingunni. Nú þarf ég bara að taka seinustu skrefin,“ segir Birna Berg. Það var ekki bara handboltinn sem missti sterkan leikmann því Birna var einnig aðalmarkvörður ÍBV í Pepsi-deild kvenna.

„Ég er ekki alveg búin að ákveða mig. Ég horfði á eitt heilt fótbolta- sumar og ég verð að viðurkenna að mig langaði alveg að vera með. Það var erfið að horfa á það líka. Ég fer kannski eitthvað að leika mér í fótboltanum næsta sumar en ég er ekki búin að spila minn síðasta fótboltaleik. Nú er handboltinn samt í fyrsta sæti,“ sagði Birna að lokum. - 66j



**BIRNA BERG  
HARALDSDÓTTIR**



# MAXIMO

D A G A R

## Teningakast ræður afslættinum!

MAXAÐU AFSLÁTTINN!

*Gildir um  
allar vörur í  
versluninni!*

**OKKAR  
LÁGA  
VERÐ** + **ALLT AÐ  
36%  
AUKA  
AFSLÁTTUR!**

**3 dagar eftir!**

**Teningakast ræður aukaafslættinum!**

Þegar búið er að stimpla inn vörurnar færðu að kasta þremur teningum á Casino borðinu okkar - samtalan sem kemur upp er aukaafslátturinn þinn. Aukaafslátturinn getur orðið 3-36%

Dæmi:

 = 15% AUKAAFSLÁTTUR

 = 13% AUKAAFSLÁTTUR

**Ef þú færð þrjá eins þá tvöfaldast afslátturinn!**

Dæmi:

 = 36% AUKAAFSLÁTTUR

 = 30% AUKAAFSLÁTTUR

Aðeins eitt kast á mann.

Max er risa raftækjamarkaður í Kaupúni í Garðabæ.  
2.000 fermetrar stútfullir af sjónvörpum,  
heimilistækjum, tölvum og raftækjum fyrir  
heimilið á lægra verði!

# MAX

RAFTÆKI

Opið mán.- fös.  
Laugardaga  
Sunnudaga

kl. 11-19  
kl. 11-18  
kl. 12-18

MAX Kaupúni 1 - Garðabæ  
Sími 412 2200 - [www.max.is](http://www.max.is)

Beint á móti IKEA



## > Stöð 2 kl. 18.30 Meistaradeild Evrópu

Meistaradeildin hefst í kvöld með sannkölluðum stórleikjum. Rísa-slagur Real Madrid og Manchester City verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og í HD. Leikur Montpellier og Arsenal er á Sport 3 og leikur Borussia Dortmund og Ajax á Sport 4. Þorsteinn J. og gestir hefja upphitun klukkan 18.00 og verða með svipmyndir úr öllum leikjunum strax í leikslok.



## VIÐ TÆKIÐ BIRGIR ÞÓR HARBARSON ER MÓÐGAÐUR

### Allir eigi ömurlegt kvöld

Það hljóta allir að kannast við að sitja í flugvél á leið til útlanda og það er geðveikt gaman því framundan eru nokkrir góðir dagar í sólinni, borgarferð í fornri borg í Evrópu eða eitthvað álíka skemmtilegt. Til að ánægjan haldi velli þessa klukkutíma sem þú situr í flugvél bjóða mörg flugfélög upp á afþreyingarefni á skjá á sætisbaki.

Ég velti hins vegar fyrir mér hvort það megi bara kalla allt afþreyingu? Sérstaklega ef „afþreyingin“ er bara fátíðleg leiðinleg.

Sjónvarpsþáttur er nefndur Tvær blankar stelpur (e.: 2 Broke Girls). Hann er ekki bara leiðinlegasti þáttur sem ég hef þurft að sitja í gegnum í flugvél heldur einnig, að því er virðist, versta tilraun allra

tíma til að gera leiðinlega sögu skemmtilega með fimmaura-bröndurum.

Þátturinn hefur bókstaflega ekkert fram að færa. Máttarstólpar þáttanna eiga að vera fyrir-sjáanlegir, yfirborðskenndir og lélegir brandarar, súrar steriötýpur sem engin vinna var lögð í að skapa og furðulegt samband „sætu“ stelpunnar og þeirrar „ljótu“.

Ég varð því fyrir miklum vonbrigðum þegar ég sá þennan þátt auglýstan af miklum móð af Stöð 2. Bæði er þátturinn móðgun við áskrifendur og augljóst merki um nisku stjórnenda sjónvarpsstöðvarinnar.

Ög ekki nóg með það: Þátturinn er sýndur á Stöð 2 og Popp Tívi, bara svo allir eigi eitt ömurlegt kvöld í viku.



# dagskrá

## RÚV

- 16.35 Herstöðvarlíf (4:23) (Army Wives)
- 17.20 Teitur (Timmy Time)
- 17.30 Sæfarar
- 17.41 Skúli skelfir
- 17.53 Kafað í djúpin
- 18.15 Táknáfréttir
- 18.25 Í stríð við fitupúkann
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Golfíð í þættinum kynnumst við áhugaverðum kylfingum, klúbbum og hópum, fáum góð ráð og kennslu í golfinu og ýmslegt fleira. Umsjónarmaður er Gunnar Hansson.
- 20.35 Krabbinn (3:10) (The Big C III) Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem berst við krabbamein.
- 21.05 Stofnfruman og leyndardómar hennar Heimildarmynd eftir Elinu Hirst.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Brúin (5:10) (Broen) Dansk/sænskur myndaflokkur.
- 23.20 Líf vína vorra (10:10) (Våra vännerens liv) (e)
- 00.20 Kastljós (e) 00.45 Fréttir
- 00.55 Dagskrárlok

## BÍÓ

- 08.00 Rat Pack
- 10.00 Hachiko: A Dog's Story
- 12.00 The Last Mimzy
- 14.00 Rat Pack
- 16.00 Hachiko: A Dog's Story
- 18.00 The Last Mimzy
- 20.00 The Tempest
- 22.00 The Mist
- 00.05 Jennifer's Body
- 02.00 Frágiles
- 04.00 The Mist
- 06.05 Robin Hood

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm In The Middle (15:22)
- 08.30 Ellen
- 09.35 Doctors (147:175)
- 10.15 The Wonder Years
- 10.40 How I Met Your Mother (7:24)
- 11.05 The Mentalist
- 11.50 Suits
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 So You Think You Can Dance
- 13.45 So You Think You Can Dance
- 15.10 Sjáðu
- 15.35 Barnatími Stöðvar 2
- 16.50 Bold and the Beautiful
- 17.10 Nágrannar
- 17.35 Ellen
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Malcolm in the Middle (22:22)
- 19.45 Modern Family (23:24)
- 20.05 The Big Bang Theory (21:24)
- 20.30 Mike and Molly (6:23)
- 20.50 How I Met Your Mother
- 21.15 Bones (11:13)
- 22.00 Veep (4:8)
- 22.30 Weeds (9:13)
- 23.00 2 Broke Girls (19:24)
- 23.25 Up All Night (7:24) Stórskemmtilegir gamanþættir með þeim Christina Applegate og Will Arnett (Arrested Development) í hlutverkum nýbakaðra foreldra, með öllu sem því fylgir.
- 23.50 Drop Dead Diva (2:13) Önnur þáttaröðin um unga og bráðhuggulega fyrir-sætu sem lætur lífið í bílslysi en sál hennar tekur sér bólfestu í ungrri konu.
- 00.35 True Blood (8:12)
- 01.30 The Listener (7:13)
- 02.10 Love Wrecked Rómantísk gamanmynd með stjórnumni Amöndu Bynes úr What a Girl Wants og Hairspray.
- 03.35 Miss March
- 05.05 The Big Bang Theory (21:24)
- 05.25 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

besta sætið

- 15.45 Spænsku mörkin
- 16.15 Pepsi-mörkin
- 17.30 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur
- 18.00 Þorsteinn J. og gestir - upphitun
- 18.30 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Man. City BEINT
- 20.45 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörkin
- 21.30 Meistaradeild Evrópu: Montpellier - Arsenal
- 23.20 Meistaradeild Evrópu: Dortmund - Ajax
- 01.10 Meistaramörkin

## SPORT 2

enski boltinn

- 18.05 Premier League Review Show
- 19.00 Reading - Tottenham
- 20.50 Everton - Newcastle
- 22.40 Football League Show
- 23.10 Sunnudagsmessan Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leikina í ensku úrvalsdeildinni.
- 00.25 Man. Utd. - Wigan

## Í BEINNI Á HLIÐARRÁSUM

Sport 3 - 18.30 Montpellier - Arsenal  
Sport 4 - 18.30 B. Dortmund - Ajax

## krakkar

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.00 Dóra könnuður
- 08.25 Áfram Diego, áfram!
- 08.50 Doddi litli og Eyrnastór
- 09.00 UKI
- 09.05 Stubbarnir
- 09.30 Lukku láki
- 09.50 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 10.15 Stuðboltastelpurnar
- 10.40 Histeria!
- 11.00 Disney Channel
- 17.00 Ofurmennið
- 17.25 M.I. High
- 17.55 iCarly (24:25)

## POPP TÍM

- 17.05 The Simpsons
- 17.25 Íslenski listinn Brynjar Már Valdimarsson kynnr Íslenska listann þar sem tuttugu vinsælustu lög vikunnar eru kynnt ásamt tveimur nýjum sem líkleg eru til vinsælda.
- 17.50 Glee (2:22)
- 18.35 2 Broke Girls (3:24) Ný og hressileg gamanþáttaröð sem fjallar um stöllumar Max og Caroline sem kynna við störf á veitingastað. Við fyrstu sýn virðast þær eiga fátt sameiginlegt. Við nánari kynni komast þær Max og Caroline þó að því að þær eiga fleira sameiginlegt en fólk gæti haldið og þær leiða saman hesta sína til að láta sameiginlegan draum rætast.
- 19.00 Friends (19:24)
- 19.25 Simpson-fjölskyldan
- 19.50 Fly Girls (5:8) Hressandi raunveruleikaþáttaröð um líf og störf nokkurra flugfreyja hjá Virgin-flugfélaginu.
- 20.10 The Secret Circle (5:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlkur sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa allir yfir óvenjulegum hæfileikum.
- 20.50 The Vampire Diaries (5:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlkur sem fellur fyrir strák sem er í raun vampír og hefur lífað í meira en 160 ár.
- 21.35 2 Broke Girls (3:24)
- 22.00 Fly Girls (5:8) Hressandi raunveruleikaþáttaröð um líf og störf nokkurra flugfreyja hjá Virgin-flugfélaginu.
- 22.20 The Secret Circle (5:22)
- 23.00 The Vampire Diaries (5:22)
- 23.45 Tónlistarmyndbönd frá Popptívi

## GULL

- 18.20 Doctors (28:175)
- 19.05 Ellen (2:170)
- 19.50 Spurningabomban (9:10)
- 20.35 Að hætti Sigga Hall (3:12)
- 21.05 Spaugstofan
- 21.30 Hollráð Hugos (2:2)
- 22.00 Ellen (2:170)
- 22.45 Spurningabomban (9:10)
- 23.00 Að hætti Sigga Hall (3:12)
- 00.30 Doctors (28:175)
- 00.40 Spaugstofan
- 01.00 Tónlistarmyndbönd frá Popptívi

## RÁS 1

FM 92,4/93,5

- 06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfregin 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregin 10.13 Norðurljóð 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregin 13.00 Fyrir og nú 14.00 Fréttir 14.03 Tónlist hvíta tjaldsins 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsagan 15.25 Miðdegistónar 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Bankað upp á 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfregin 19.00 Trío 20.00 Leynifélagið 20.30 Hreinsunareldur bókmenntanna 21.10 Íslendingasögur 21.30 Kvöldsgagan: Folda 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregin 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Fimm fjórðu 23.05 Lífsstarfið: Fortíð og framtíð 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 15.55 90210 (2:22) (e)
- 16.40 Last Chance to Live (3:6) (e)
- 17.30 Rachael Ray
- 18.15 Rules of Engagement (9:15) (e)
- 18.40 30 Rock (4:22) (e)
- 19.05 America's Funniest Home Videos (e)
- 19.30 Everybody Loves Raymond (4:25)
- 19.55 Will & Grace (17:24)
- 20.20 America's Next Top Model (4:13)
- 21.10 GCB (3:10) Bandarísk þáttaröð sem gerist í Texas þar sem allt er leyfilegt.
- 22.00 Unforgettable - LOKAPÁTTUR (22:22) Bandarískir sakamálaþættir um lögreglu-konuna Carrie Wells sem glímir við afar sjaldgæft heilkenni sem gerir henni kleift að muna allt sem hún hefur séð eða heyrt á ævinni.
- 22.45 Jimmy Kimmel
- 23.30 Óupplýst (3:7) (e) Spennandi þættir um óupplýst íslensk mál. Í þetta sinn er farið yfir sögu Lúisfers.
- 00.00 Leverage (3:16) (e)
- 00.45 CSI (3:22) (e)
- 01.30 Crash & Burn (8:13) (e)
- 02.15 Unforgettable (22:22) (e)
- 03.05 Everybody Loves Raymond (4:25) (e)
- 03.30 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

- 06:00 ESPN America 07:10 BMW Championship 2012 10:10 Golfing World 11:00 BMW Championship 2012 14:00 PGA Championship 2012 (1:4) 18:00 Golfing World 18:50 PGA Championship 2012 (4:4) 21:35 Ollie's Ryder Cup (1:1) 22:00 Golfing World 22:50 The Sport of Golf (1:1) 23:35 ESPN America

## N4

18.00 Að norðan 21.00 Bæjarstjórnarfundur

## INN

20.00 Hrafnaþing 21.00 Græðlingur 21.30 Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957  
FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 Kaninn  
FM 102,2 Útvarp Latibær

FM 102,9 Lindin  
FM 105,5 Útvarp Boðun



# selecta

SELECTA FERSK UPPLIFUN Í HVERT SINN

HEILDARLAUSNIR FYRIR VINNUSTAÐI!

VATNS- OG KAFFIVÉLAR  
KAFFI, TE OG REKSTRARVÖRUR




www.selecta.is / s: 585 8585




# THE BEATLES

**BOOTLEG**


**HARPA 3. FEBRÚAR**



„Adam Hastings er skuggalega líkur John og syngur eins og hann“



„Frábærir hljómleikar. Ég skemmti mér konunglega“  
George Martin  
upptökustjóri Bítlana



„Þið kunnid hljómana örugglega betur en ég“  
George Harrison



„Magically Real“  
NME  
„Sheer Technical Perfection“  
The Evening Standard

Glastonbury - '94, '95, '97, '07 og 2010  
Royal Albert Hall – 18 hljómleikar  
Hróarskelda- þrisvar sinnum.  
Budokan Stadium í Japan - uppselt  
Wembley Stadium  
40 ára krýningarafmæli Elísabetar drottningar

Hlið upp fyrir t.d.

Oasis á frægum tónleikum þeirra í Earl's Court og fluttu svo „I Am The Walrus“ með Oasis í lok hljómleikana.  
Travis  
David Bowie  
Rod Stewart  
Simple Minds

„Flawless“  
Mojo

„Brilliant“  
The Sun

**Ein frægasta og vinsælasta  
tributehljómsveit heims  
í Hörpu ásamt strengja- og blástursveit**

Miðasala harpa.is - midi.is og í síma 528 50 50



# Jo Nesbø áritaði óvænt í Máli og menningu



„Breaking Bad eru ótrúlega góðir þættir. Modern Family eru líka æðislegir og svo er ég með æði fyrir 60 mínútum. Þetta eru þeir þættir sem eru í uppáhaldi mína.“

Hildur Sif Kristborgardóttir, ritstýra og einn stofnenda tímaritsins Volg.

„Þetta var óneitanlega mjög skemmtileg og óvænt uppkoma hér í búiðni,“ segir Kristján Freyr Halldórsson, verslunarstjóri í bókaútdrátt Mál og menningu við Laugaveg en þangað kom norski metsöluhöfundurinn Jo Nesbø í óvænta heimsókn um helgina.

Jo Nesbø rak inn nefið í Mál og menningu á laugardagskvöldið. Afgreiðslustúlkurnar á vakt grunaði ekki að þarna væri sjálfur höfundurinn á ferðinni en tóku eftir því að Nesbø gekk brosandí um verslunina og virti íslensku deildina fyrir sér. „Hann kom til þeirra áður en hann gekk út, kynnti sig og þakkaði fyrir hversu vel bókum hans væru gerð skil í búiðni. Því næst sagðist hann hafa áritað nokkur eintök,“ segir Kristján. Hann hafði strax samband við forlag Nesbø hér á landi, Uppheima, en þar

könnuðust menn ekki við ferðir höfundarins hér á landi og töldu því ólíklegt að um Nesbø væri að ræða.

„Ég setti mig því í rannsóknarlögreglugírinn til að ganga úr skugga um hver í ósköpunum hefði krotað í bækurnar undir fölsku flaggi. Eftir að hafa skoðað öryggismyndavélar og borið áritunina í bókunum saman við mynd af áritun Nesbø sem ég fann á netinu erum við ekki í vafa um að þetta hafi verið hinn eini sanni Nesbø,“ segir Kristján sem hefur stillt árituðu eintökunum sérstaklega upp í búiðni á meðan forlagið reynir að hafa uppi á metsöluhöfundinum. „Þetta er skemmtileg saga en starfsmenn mínir höfðu orð á því að Nesbø hefði verið hinn viðkunnanlegasti og mjög svo alþýðlegur náungi.“

## METSÖLUHÖFUNDURINN JO NESBØ

- Glæpasagnahöfundur.
- Einkaspæjarinn Harry Hole er söguhetja flestra bóka Nesbø.
- Ein og hálf milljón eintaka af bókum hans hefur selst í Noregi síðan árið 2008.
- Bækurnar hafa verið þýddar á yfir 40 tungumál.
- Nesbø er einnig söngvari og lagahöfundur norsku rokksveitarinnar Di Derre.



INGÓLFUR GUÐMUNDSSON: LUCAS HEFUR YFIRUMSJÓN MEÐ ÖLLU

# Starfar fyrir George Lucas

„Lucasfilm er þægilegt og fjölskylduvænt fyrirtæki að vinna fyrir. Við vinnum oftast bara í átta tíma á dag, fimm daga vikunnar ólíkt því sem gengur og gerist í kvikmyndabransanum. George Lucas kemur sjálfur reglulega í heimsókn og hefur yfirumsjón með öllu sem er gert hjá okkur,“ segir teiknarinn Ingólfur Guðmundsson. Hann starfar sem þrívíddarteiknari við sjónvarpsþáttaröðina Star Wars The Clone Wars, sem framleidd er af Lucasfilm.

Ingólfur stundaði nám í starfrenni eftirvinnslu kvikmynda í Þýskalandi og vann um nokkurt skeið hjá Sagafilm. Árið 2007 flutti hann ásamt eiginkonu sinni, Helgu Guðnýju Theodórs, til San Francisco þar sem hann nam teiknimyndagerð við Academy of Art University. Inntur eftir því hvernig það hafi komið til að hann fór að starfa hjá Lucasfilm segir Ingólfur að hann hafi fengið aðstoð frá nágrannakonu sinni við umsóknina. „Ég var svo lán-samur að eiga nágrannakonu sem starfar hjá Lucasfilm, og með hennar hjálp komst umsóknin og ferilskráin í réttar hendur. Þeim leist svo greinilega nógu vel á mig til að ráða mig í starfið.“

Ingólfi líkar vinnan vel og segir George Lucas fara vandlega yfir vinnu starfsfólksins áður en hún er send úr húsi. Hann rektst oft á Lucas á göngum hússins eða í matsalnum en hefur þó ekki spjallað við hann persónulega. Aðspurður segir hann fjölskylduna ekki á heimleið á næstunni enda hafi þau það gott í Bandaríkjunum. „Við kunnum mjög vel við okkur, hér er gróskumikil menning og ekki sakar heldur hvað veðráttan er góð. Hérna er alltaf bjart og gott veður, fyrir utan einstaka þokubakka. Það liggur við að maður sakni íslenskrar veðráttu



ANÆGÐUR HJÁ LUCAS Ingólfur Guðmundsson þrívíddarteiknari starfar hjá Lucasfilm, fyrirtæki leikstjórans George Lucas.

## VINNUR Í AFSKEKKTUM DAL

- Deildin sem Ingólfur vinnur hjá heitir Lucasfilm Animation og er starfrækt í Big Rock Ranch sem er í afskekktum dal norðan við San Francisco. Neðar í dalnum er Skywalker Ranch, sem er hjartað í fyrirtækinu. Þar eru skrifstofur George Lucas og nánasta samstarfsfólks hans.
- Ingólfur er þrívíddarhönnuður við þáttaröðina Star Wars – The Clone Wars. Þættirnir eru tölvugerðir frá upphafi til enda og unnið er í fimm teymum, sem hvert fyrir sig er undir handleiðslu þáttaleikstjóra. Hvert teymi vinnur við fjóra til fimm af 22 þáttum en starf Ingólfs felur í sér að færa söguna úr handritsformi yfir í hreyfimynd í skissuformi. Efnið fer svo til Asíu þar sem hreyfingar „leikaranna“ eru fínþússaðar og lýsingu og brellum bætt við.

því veðið hérna er svo fullkomlega laust við allt drama. Auðvitað hefur maður samt alltaf sterkar taugar til Íslands og ég veit að ömmurnar og afarnir vildu

gjarnan fá að sjá barnabörnin sín aðeins oftar í eigin persónu,“ segir Ingólfur að lokum.

sara@frettabladid.is

**GÓÍ & BAUNA GRASIÐ**

Tilnefnt til Grímunar 2012 sem besta barnasýningin

**Góí og Góí Baunagrasið**

Vegna mikillar aðsóknar verða nokkrar sýningar í október



Fréttatíminn



Morgunblaðið



Borgarleikhúsið

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

# Kemur ríðandi á tónleikastað

„Hugmyndin er að koma ríðandi frá Reykjavík og ætla Erpur Eyvindarson, Vestfirðingurinn knúi, að taka á móti okkur við bæjarmörkin og fylgja okkur síðasta spölinn. Hann hyggst leida mig í sannleikann um að Kópavogur sé alvöru borg og ég vona bara að það gangi upp hjá honum,“ segir söngvarinn Helgi Björnsson um fyrirhugaða tónleika sína og Reiðmanna vindanna í Salnum á laugardag.

Helgi hyggst koma ríðandi til tónleikastaðarins og segist hann hafa fengið lánaða hesta undir Reiðmennina einnig. Hestarnir munu svo bíða fyrir utan húsið á meðan á tónleikunum stendur. „Hestaveinar munu sjá um reiðskjótana á meðan,“ segir Helgi sem kemur ríðandi á hesti sínum, Dagfara.

Söngvarinn vinsæli hefur verið önnur kafinn síðustu mánuði og lék síðast í mynd Benedikts Erlingssonar, Hross. Hann segir verkefnið hafa verið stórskemmtilegt og hefur mikla trú á myndinni. „Ég held að



MÆTIR MEÐ DAGFARA Helgi Björnsson og Reiðmenn vindanna ætla að mæta ríðandi á tónleika sína í Salnum á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON

þetta verði snilldarverk enda er handritið ærlega skemmtilegt.“

Næst mun Helgi leika í nýrri kvikmynd leikstjórans Hafsteins Gunnars Sigurðssonar, Kalt vor, og hefjast tókur á myndinni á Flateyri næsta vor. „Ég fór líka með nokkuð

stórt hlutverk í kvikmyndinni XL og sjónvarpsþáttunum Pressu, þannig að það er ýmislegt í gangi.“

Tónleikar Helga og Reiðmanna vindanna hefjast klukkan 19 og hægt er að nálgast miða á Midi.is.

- sm








[www.dominos.is](http://www.dominos.is) sími 58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S 1.000 KR.


Þegar þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum.



Það er fljótlegt og einfalt að panta pizzu með **Domino's** appinu  
Nánar á [dominos.is/app](http://dominos.is/app)



101 Reykjavík: Pepperoni, sveppir, rjómaostur og gráðaostur





### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Brunar úr Latabæ í leikhúsið

Leikarinn Stefán Karl Stefánsson sneri aftur á fjálar Þjóðleikhússins á laugardagskvöldið er leiksýningin Með fulla vasa af grjóti var frumsýnd. Stefán Karl hefur í nógu að snúast, en þessa dagana hann er einnig í tókum á nýrri þáttaröð Latabæjar. Það þarf því að seinka sýningartíma leikrísins um klukkutíma svo að Stefán Karl nái að bregða sér úr gervi Glanna Glæps áður en hann stígur á svið Þjóðleikhússins.



Stefán Karl hverfur svo á braut vestur um haf í október til að leika Trölla sem stal jólnum fyrir bandarísk börn og lýkur þar með sýningum á Með fulla vasa af grjóti.


- áþ

#### Á toppnum í 120 ára afmæli

Páll Óskar Hjálmtýsson og Valgeir Guðjónsson voru meðal þeirra sem stígu á svið í hundrað og tuttugu ára afmæli sem haldið var í húsnæði Nemaforum, á efstu hæð á Lækjartorgi 5, á laugardagskvöld. Um var að ræða þrjú fertugsafmæli sem slegið var saman í eitt. Eitt afmælisbarnanna, Trausti Haraldsson, hefur unnið mikið með Páli Óskari og samdi meðal annars með honum hið ógleymanlega framlag hans til Eurovision-söngvakeppinnar; Minn hinsti dans.

Afmælisgestir voru um hundrað og skemmti fólk sér vel við glymjandi 90's tónlist fram á rauða nótt.

- sv



## Gerid gæða- og verðsamanburð



## IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi

Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Tveir stífleikar.

Verðdæmi á Queen 153x203 cm á íslenskum botni **179.900 kr.**

## Óðinn og Ýmir

Nýjar hágæða heilsudýnur

á kynningarverði

í september

### Mest lesið VÍSIR

- 1 „Crossfit ekki svo galið“
- 2 Prinsessa er látin
- 3 Skuldin snerist um hluta af lottóvinningi
- 4 Mikið um kynferðislega misnotkun á bandarískum ...
- 5 Síbrotamenn fyrir dómi



NÝTT

### BOAS RAFDRIFNIR

Leður hægindasófar og stólar



Ný sending af hágæða sængurverasettum

Allt að **90% afsláttur**

**Yfir 2500 titlar**

FORLAGIÐ  
www.forlagid.is

RISAlagersala Forlagsins er á Fiskislóð 39

LAGERSALA

**BÓKA**



12 mánaða vaxtalaugar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is

\*3,5% lántökugjald